

# KYNLÍF HEFUR EKKERT BREYST

Frægasti kynlífsfræðingur heims,  
Dr. Ruth, tekur þátt í tilraunamaraðoni.



18

BLAÐ HJARTAVERNDARAR  
FYLGI FRÉTTABLAÐINU Í DAG!



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. maí 2008 – 133. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## SUNNUDAGUR



### Hinn íslenski Andabær

Tuttugu og fimm ár liðin frá því að Andrés önd hætti að tala dönsku

HELGAERFNI 20

### Fjórugt ársþing HSI

Sitjandi formaður var naumlega endurkjörinn og fjögurra liða úrslitakeppni hefur verið komið á aftur.

IPRÓTTIR 28



### VEÐRIÐ Í DAG



Milt um allt land það má búast við úrkomu víða um norðanvert landið í dag, en þurru að mestu syðra þó síðdegisskúrir gætu látið á sér kræla inn til landsins SV. Hiti verður á bilinu 6-13 stig yfir daginn og dreifist jafnt yfir landið.

VEÐUR 4

## Gríðarleg fjölgun virkra sprautufíkla

Talið er að um 700 virkir sprautufíklar séu á landinu og fjölga þeim um 70 til 110 á ári. Tíðni lifrabólgu C eykst mikið. Áhættumeðgöngum fjölga samhliða fjölgun fíkla og álag eykst á nær öllum sviðum heilbrigðiskerfisins.

**HEILBRIGÐISMÁL** Vitað er um fjörutíu barnshafandi konur sem neyttu fíkniefna á meðgöngu í fyrra. Jóna Dóra Kristinsdóttir, yfirljósmóðir á Miðstöð mæðraverndar, segir þann fjölda þó aðeins segja til um hverjar svara heiðarlega spurningum um þessi mál hjá ljósmóðurinni. „Við getum aðeins hjálpað þeim sem segja satt og rétt frá,“ segir hún. Jóna Dóra tekur fram að flestar mæðurnar leggi sig fram við að breyta lifnaðarháttum sínum til hins betra á meðgöngunni og oft á tíðum takist það. Valgerður Rúnarsdóttir, yfirlæknir á Vogu, segir að nú sé talið að sprautufíklar séu um 700 talsins á Íslandi. Vandi þeirra og fjölgun hafi í för með sér vaxandi álag á heilbrigðiskerfið auk þess sem afbrot meðal þessa hóps fíkla eru mjög tíð og hafa því í för með sér mikinn kostnað fyrir samfélagið. Sigurður Örn Hektorsson, geðlæknir á Landspítalanum, segir að á um sex árum hafi hlutfall langt leiddra fíkla sem leita á bráðamóttöku aukist

um 60 til 80 prósent. „Í raun má segja að hér sé kominn upp faraldur en um hann er þagað,“ segir Sigurður. Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir að árið 2007 hafi 95 manns greinst með lifrabólgu C. Það sé umtalsverð aukning miðað við árin á undan en árið 2006 greindust 56 og árið 2005 voru 44 greindir með sýkinguna. Þá hafi hlutur fíkniefnaneytenda meðal HIV-smitaðra einnig vaxið. Úr upplýsingum í sjúklingabókhaldu á Sjúkrahúsinu Vogu má lesa að meðal þeirra sem sprautu sig reglulega í æð, hafa rúmlega 60 prósent fengið lifrabólgu C. Rúmlega 300 virkir sprautufíklar, séu sýktir af lifrabólgu og geti því smitað aðra. Í síðustu ársskýrslu Vogs segir að málefni sprautufíkla séu mikið áhyggjuefni sérstaklega aukningin meðal þeirra „sem eru yngri en 25 ára, þó að enn noti þeir amfetamín og kókaín en ekki heróín“.

- kdk/sjá síðu 16



SÆLA Hermann ærðist eðlilega af fögnuði eftir sigurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Hermann Hreiðarsson: Bikarmeistari með Portsmouth

**FÓTBOLTI** „Þetta er langbesti árangur sem ég hef náð. Þetta er stórkostlegt,“ sagði Hermann Hreiðarsson eftir sigur Portsmouth á Cardiff í úrslitaleik ensku bikarkeppinnar í gær. Hermann varð þar með fyrsti Íslendingurinn til að vinna þessa elstu bikarkeppni heims.

Þetta er fyrsti titill Hermanns á Englandi þar sem hann hefur leikið í ellefu ár sem atvinnumaður. Sigurinn tryggði Portsmouth sæti í UEFA-bikarkeppninni og spilar þá í fyrsta sinn í Evrópukeppni.

- hph/ sjá síðu 30

## Asísk matvöruverslun: Selur lifandi krabba í soðið

**FÓLK** í asísku matvöruversluninni Global Store í Brautarholti má finna ýmiss konar framandi matvöru. Einu sinni til tvisvar í mánuði berst versluninni sending af lifandi filippseyskum kröbbum til sölu. Eigandinn, Jón Þór Karlsson, segir krabbana rjúka út þegar þeir berast.

„Það er dálítið þúsluspil að flytja þá inn. Þeir eru fluttir í sjó, og það þarf að passa að þeir hafi alltaf nægilegt vatn, en þó ekki of mikið. Það má heldur alls ekki verða of heitt, þá deyja þeir,“ útskýrir Jón Þór, sem hvetur íslenska sækera til að smakka krabbana.

- sun/ sjá síðu 34



**EMBÆTTI BORGARSTJÓRA 100 ÁRA** Aldarafmæli borgarstjóraembættisins var í gær fagnað í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur með opnun á sýningunni Kæri borgarstjóri. Viðstaddir sýninguna voru fyrrverandi borgarstjórar sem og núverandi borgarstjóri. Nítján hafa sinnt starfi borgarstjóra í Reykjavík, þar af þrjár konur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Reykjavíkurráð ungmenna vill að Vigdís Finnboadóttur verði sýnd virðing: Reist verði stytta af Vigdís

**REYKJAVÍKURBORG** Lögd hefur verið fram tillaga í menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkur um að reist verði stytta af Vigdís Finnboadóttur, fyrrverandi forseta Íslands. „Okkur vantaði sniðuga tillögu og varð hugsað til Vigdísar,“ segir Kjartan Þór Ingason í Reykjavíkurráði ungmenna sem leggur tillöguna fram. „Hvernig á manni ekki að detta Vigdís í hug,“ spyr Kjartan á móti spurður um ástæður þess að ungmennin leggja til að reist verði stytta af Vigdís. „Hún er merkileg kona, fyrsti lýðræðislega kjörni forseti heims sem er kona. Það ætti

að vera komin stytta af henni fyrir löngu.“ Kjartan segist telja heppilegast að stytta verði fyrir framan tónlistarhöllina sem nú er í byggingu. „Það væri upplagt enda tengist Vigdís mikið listum og menningu, var til dæmis leikhússtjóri og frönskukennari,“ segir hann. Styttutillagan hefur enn ekki verið afgreidd en Kjartan segir að mjög vel hafi verið í hana tekið meðal borgarfulltrúa.

- gar

**KJARTAN ÞÓR INGASON** Telur löngu tímabært að reist verði stytta af Vigdís Finnboadóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



OPIÐ  
til 20  
alla daga

HAGKAUP  
Ein færð betra verð

OPIÐ FRÁ 13 TIL  
78  
Á SUNNUDÖGUM  
Kringlan

## SPURNING DAGSINS



Sigurður, viltu veðja á úrslitin?

„Já það vil ég, og veðja á sigur.“

Gefin hefur verið út ákæra á hendur veðmálfyrirtækinu Betsson. Um nokkurra ára skeið hefur fyrirtækið auglýst fjárhættuspil og veðmál á vefsíðu sinni í íslenskum fjölmiðlum. Sigurður G. Guðjónsson er lögmaður Betsson hér landi.

Deilur Ísrael og Palestínu:  
Bush vill sættir fyrir lok árs

**SHARM EL-SHEIK, AP** George Bush Bandaríkjaforseti sagði það einbeittan vilja sinn að koma á sáttum milli Ísrael og Palestínu og að gengið yrði frá friðarsáttmála fyrir lok árs. Þetta sagði hann eftir að hafa átt fund með Mahoud Abbas, forseta Palestínu í gær, en Bush var á svæðinu til að taka þátt í 60 ára afmæli Ísraelsríkis.

Bush sagði jafnframt að honum rynni til rifja að sjá aðbúnað fólks í Palestínu og vildi ráða bót á högum þeirra. Margir gerðu lítið úr ummælum Bush og heimsókn hans til Palestínu vegna þátttöku hans í 60 ára afmæli Ísraelsríkis.



FLÓÐAHÆTTA Hermaður ber litla stúlku burt af hættusvæði í Beichuan í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Annar eftirskjálfti í Kína:

## Fólk flúði vegna flóðahættu

**KÍNA, AP** Eftirskjálfti sem mældist sex á Richter-skala skók Beichuan-sýslu í suðvestur Kína í gær. Þúsundir íbúa flúðu svæðið þegar fóð á rigna þar sem óttast var að Qingzhu-áin myndi fláða yfir bakka sína eftir að skriður stífluðu hana að hluta.

Stjórnevöld í Kína töldu í gær að um 29 þúsund manns hefðu látist í skjálftanum, en gera ráð fyrir að talan geti farið yfir 50 þúsund þegar öll kurl verða komin til grafar. Enn finnst fólk á lífi í rústunum, og í gær var 31 árs gamalli konu bjargað eftir að hafa verið grafin í rústunum í 124 klukkustundir.

- bj

Alþjóða Rauði krossinn telur að 128 þúsund hafi látist í hamförnunum í Búrma:

## Um 2,5 milljónir þurfa aðstoð

**BÚRMA, AP** Talsmenn herforingjastjórnarinnar í Búrma segja að búið sé að veita neyðaraðstoð á svæðum sem verst urðu úti í fellibyl í byrjun maí, og að nú taki uppbyggingarstarf við. Alþjóðlegar hjálparstofnanir draga yfirlýsinguna stórlega í efa.

Alþjóða Rauði krossinn telur að um 128 þúsund hafi látist vegna fellibylsins, og að dauðsföllum muni fjölga verulega fái alþjóðlegar hjálparstofnanir ekki að dreifa neyðaraðstoð til um 2,5 milljóna íbúa sem lifðu hamfarirnar af.

Hópar indverskra og tailenskra björgunarmanna komu í gær til



SLÆMT ÁSTAND Neyðaraðstoð berst nú íbúum nærri borginni Yangan í Búrma, en óttast er að ástandið sé afar slæmt víða á hamfararsvæðinu.

NORDICPHOTOS/AFP

höfuðborgar Búrma. Talsmaður tailenska hópsins segir hann hafa

fengið leyfi til að fara til hamfararsvæðanna. Indverski hópurinn hefur ekki fengið slík vilyrði.

Neyðaraðstoð er farin að berast til íbúa nærri borginni Yangan. Fjær borginni eru enn stór svæði þar sem ástandið er sagt hörmllegt. Stjórnevöld hafna enn öllum beiðnum alþjóðlegra hjálparsamtaka um leyfi til að dreifa neyðaraðstoð á hamfararsvæðunum.

Franskt herskip kom í gær að strönd Búrma með um 1.000 tonn af mat, vatni og lyfjum. Ekki hefur enn fengið leyfi til að ferja birgðirnar með bátum og þyrllum beint til hamfararsvæðanna og er nú beðið frekari fyrirsmála.

- bj

## Kólnun kostar sveitarfélögin milljarða

Slæmt efnahagsástand rýrir afkomu Reykjavíkurborgar um 1,5 til 2 milljarða króna. Þó er ótalinn samdráttur í sölu á byggingarrétti og lóðum. Útreikningararnir gefa vísbendingu um stöðu annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

**EFNAHAGSMÁL** Afkoma íslenskra sveitarfélaga versnar verulega á árinu vegna efnahagsástandsins. Afkoma Reykjavíkurborgar versnar um í það minnsta 1,5 til 2 milljarða á þessu ári.

Sveitarfélögin skiluðu ágætu búi á síðasta ári en hræringar í efnahagslífinu undanfarið setja fjárhagsáætlanir í uppnám, segir Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hagsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þar kemur margt til; aukin verðbólga, gengisfall krónunnar, kulnun á byggingamarkaði og fleira.

Sigurður Snævar, borgarhagfræðingur, hefur reiknað út tap borgarinnar vegna aukinnar verðbólgu og einnig vegna lækkandi útsvarstekna.

Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um fjögurra prósentu verðbólgu milli árunna 2007 og 2008. Nú stefnir í að hún verði yfir tíu prósent, segir Sigurður. Það eykur kostnað borgarinnar um 1 til 1,5 milljarð króna, þar sem kaupmáttur fjárhagsáætlunarinnar hefur minnkað.

Þá virðist sem útsvarstekjur verði umtalsvert lægri en ráð var fyrir gert. Ástæðan fyrir því er sú að þó ekki sé spáð meira atvinnuleysi en reiknað var með megi gera ráð fyrir því að fólk missi vinnuna og þurfi að taka verr launuð störf.

Sigurður gerir ráð fyrir því að útsvarstekjur borgarinnar verði um hálfum milljarði króna lægri en reiknað var með vegna þessa.

Fjárhagsáætlun borgarinnar



SAMDRÁTTUR Verðbólga og samdráttur í útsvarstekjum mun rýra tekjur borgarinnar um allt að tvo milljarða á árinu. Við það mun bætast tekjсамdráttur vegna minni lóðasölu og lægri fasteignaskatta, segir borgarhagfræðingur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

hljóðar upp á um 60 milljarða króna, og 1,5 til 2 milljarða samdráttur því 2,5 til 3,3 prósent af fjárhagsáætluninni.

Þá er ótalið tekjutap vegna samdráttar í sölu á lóðum og byggingarrétti og samdráttur í fasteignasköttum, sem Sigurður segir ekki hafa verið reiknað út.

Ekki er hægt að heimfæra þessa útreikninga beint á önnur sveitarfélög, en þó er ljóst að fjárhagsáætlanir þeirra eru einnig í uppnámi vegna verðbóluskotsins.

Gunnlaugur Júlíusson segir erfitt að meta kostnað sveitarfélaga landsins með sama hætti og í Reykjavík, enda margir óvissuþættir sem hafi áhrif. Þó gefi niðurstöðurnar í Reykjavík ákveðna vísbendingu fyrir önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Hann segir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa burði til að taka á sig skerðinguna, þó líklega þurfi þau að draga úr útgjöldum til annars en lögbundinna verkafna.

brjann@frettabladid.is

Sjórán algeng við Sómalíu:

## Skipi með hjálpargögnum rænt

**NAÍRÓBÍ, AP** Sómalískir sjóræningjar rændu í gærmorgun jórdönsku skipi sem var á leið til Mógadísjú, höfuðborgar Sómalíu, með hjálpargögnum.

Áhöfn jórdanska skipsins er í haldi sjóræningjanna. Ekki hefur náðst samband við skipið.

Þetta er í annað sinn sem jórdanska skipinu er rænt en það var einnig gert á síðasta ári.

Mörg sjórán hafa verið framin á þessu ári undan ströndum Sómalíu. Sómalísk stjórnevöld kenna Vesturlöndum um tíoni sjórána, þar sem þau láti undan kröfum ræningjanna um lausnargjald.

- mmr



ALP OG ELAINE MEHMET Bresku sendiherrahjónin með Guðbjartí Ellert Jónssyni, fjármálastjóra Norðurlþings.

Breski sendiherrann hættir:

## Fór í kveðjuför til Húsavíkur

**ALPJÓBASAMSKIPTI** Sendiherra Breta á Íslandi fór á föstudag í sérstaka kveðjuför til Húsavíkur áður en hann létur af störfum. Á heimasíðu Norðurlþings segir að Alp Mehmet hafi tengst Húsavík sérstökum vinátuböndum.

„Það lýsir sér kannski best í því að hann skuli gefa sér tíma til að heimsækja okkur og kveðja formlaga. Mehmet mun án efa verða fulltrúi okkar á erlendum vettvangi og kynna okkar ágæta samfélag. Við þökkum honum fyrir komuna og óskum honum og eiginkonu hans alls hins besta í framtíðinni.“

- gar

## LÖGREGLAN

## Féll af baki í miðborginni

Kona féll af hestbaki við Hafnarhúsið í Tryggvagötu um hádegi í gær. Við fallið meiddist hún á baki og höfði. Konan var með meðvitund þegar sjúkraliðar komu á staðinn og var hún flutt á bráðamóttöku til aðhlyningar.

## Lúinn ökumaður ók á staur

Átján ára ökumaður sofnaði undir stýri á Drottningarbraut á Akureyri í gær með þeim afleiðingum að hann ók á rafmagnsstaur. Háspennulína slitnaði við höggið en ökumanninum var ekið á sjúkrahúsið á Akureyri til skoðunar.

## Fíkniefnaakstur á Hvolsvelli

Tveir ökumenn voru teknir við eftirlit lögreglunnar á Hvolsvelli í gærdag. Við athugun reyndust mennirnir undir áhrifum fíkniefna við aksturinn.

Fjölskylda í Mosfellsbæ bauð til afmælisveislu aldurnigins gæðings:

## Fögnuðu þrítugsafmæli fáksins Seifs

**AFMÆLI** „Þetta er besti hestur sem við höfum átt,“ segir Ósk Jóhanna Sigurjónsdóttir, eigandi hestsins Seifs en hún hélt honum veislu í hesthúshverfi Mosfellsbæjar í gær til að minnast þess að í ár eru þrjátíu ár frá því hann leit dagsins ljós á Breiðavaði í Húnavatns-sýslu.

Seif hefur Ósk átt í 25 ár. Hún segir hann enn við hestaheilsu og bregði hún sér enn á bak á honum annað slagið. „Hann þjónar samt börnum sem eru óvön hestum best nú,“ segir Ósk.

Fáir hestar ná jafnháum aldri og Seifur sem enn lítur vel út þótt hann sé aðeins farin að grána. Margir færðu honum gjafir í til efni dagsins en einkum var það svokallað hestanammi sem vakti lukku hjá fáknum aldna.

- kdk



ÁSTÆLL SEIFUR Í hesthúshverfinu í Mosfellsbæ var földi vina Seifs mættur til að minnast þess að á þessu ári eru þrjátíu ár síðan hann kom í heiminn. Um tauminn heldur eigandi hans Ósk Jóhanna Sigurjónsdóttir en Seif hefur hún átt í 25 ár. Seifur hefur á langri ævi farið um allt land nema Vestfirði og Austfirðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

flugfelag.is

## Skráðu þig í Netklúbbinn

Félagar í Netklúbbnum fá fyrstir upplýsingar um tilboð og nýjungar í tölvupósti.

Alltaf ódýrast á netinu  
www.flugfelag.is



ISLANDSKA SÁHAFN PÓLUBÓR 14. MAÍ 2008

# VIÐ ELSKUM FÓTBOLTA

 Landsbankinn

3. umferð	Landsbankadeild karla			
mán. 19. maí	 HK	19:15	Keflavík	
mán. 19. maí	 Fylkir	19:15	Valur	
mán. 19. maí	 Próttur R.	19:15	FH	
mán. 19. maí	 Grindavík	20:00	Fjölnir	
þri. 20. maí	 ÍA	19:15	Fram	
þri. 20. maí	 KR	20:00	Breiðablik	
2. umferð	Landsbankadeild kvenna			
sun. 18. maí	 Valur	19:15	HK/Víkingur	
sun. 18. maí	 Stjarnan	19:15	Fjölnir	
sun. 18. maí	 Fylkir	19:15	Afturelding	
sun. 18. maí	 Breiðablik	19:15	Keflavík	
mán. 19. maí	 Þór/KA	19:15	KR	

Landsbankinn býður 16 ára og yngri á völinn.  
Sækja þarf boðsmiðann í næsta útibú Landsbankans.



ÍSLENSKA SÍMIS / LBI 12387 05/2008

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	73,88	74,24
Sterlingspund	143,94	144,64
Evra	114,22	114,86
Dönsk króna	15,307	15,397
Norsk króna	14,518	14,604
Sænsk króna	12,224	12,296
Japanskt jen	0,7047	0,7089

SDR	119,44	120,16
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	147,7172	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Bláa pappírstunnan er aðeins fyrir húseigendur:

# Leigjendur eru undanskildir

**UMHVERFISMÁL** Þeir sem leigja sér íbúðarhúsnæði geta ekki orðið sér úti um hina umhverfisvænu bláu tunnu frá Reykjavíkurborg. Gjaldið fyrir tunnuna er bundið í fasteignagjöld, eins og önnur sorphirðugjöld. Heildarfjöldi leigjenda í Reykjavík liggur ekki fyrir, en tæplega 6.000 manns þiggja húsaleigubætur. Magn dagblaða, tímarita og markpósts hefur aukist mjög undanfarið, um 76 prósent frá árinu 2003. Til að sporna við því býður borgin upp á bláu sorptunnu. Í hana fer pappír til endurvinnslu og starfsmenn borgarinnar tæma hana reglulega, gegn 7.400 króna gjaldi á ári. Þar sem sorphirðugjald er bundið í fasteignagjöld eru það einungis húseigendur sem hafa með það að segja hvort pappírstunnan er fengin.



BLÁA TUNNAN frá Reykjavíkurborg.

Guðmundur B. Friðriksson, skrifstofustjóri hjá umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar, segir að ennþá séu sorphirðugjöld bundin fasteignagjöldin. Ekki sé því hægt að fjölga eða fækka tunnum nema beiðni komi um það frá eiganda. Innheimtumálin séu til skoðunar hjá Reykjavík. Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfis- og samgönguráðs, segir að á meðan staðan sé svona verði menn einfaldlega að semja við sína leigusala og greiða þeim gjaldið beint.

- kóp

# Nýtt mál höfðað eftir frávísun

**DÓMSMÁL** Fjógur rétthafasamtök hafa á ný höfðað mál gegn eigendum vefsíðunnar Istorrent, þar sem þess er krafist að lögbann á síðuna verði staðfest. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Istorrent. Hæstiréttur vísaði nýverið frá fyrri málhöfðun samtakanna. Á Istorrent gátu notendur skipst á kvikmyndum, tölvuleikjum og öðrum skrá. Síðan hefur verið lokað frá því í nóvember vegna lögbannsins. Forsvarismaður Istorrent segir að krafist verði skaðabóta vegna tjóns sem hlotist hefur af lögbanninu.

- bj

# Forsetakosningar í Simbabwe: Tsvangirai kom ekki heim í gær

**JÓHANNESARBORG, AP** Forsetaframbjóðandinn Morgan Tsvangirai frestaði heimkomu sinni til Simbabwe í gær vegna hótana um banatíðræði. Áætlað er að seinni umferð forsetakosninganna fari fram 27. júní og ætlaði Tsvangirai að hefja kosningabaráttuna gegn Robert Mugabe, núverandi forseta landsins. Tsvangirai hefur dvalist erlendis að undanföngu og var væntanlegur til landsins í gær en vegna hótanna var hætt við.



**ENGAR SKÝRINGAR Á FELDUM TRJÁM** Sunna Styrmsdóttir sér mikið eftir trjám um við gömlu heilsuverndarstöðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

# Ósattir íbúar við Egilsgötu: Trén felld og kurluð niður

**UMHVERFISMÁL** „Þetta er bara sorglegt," segir Halldóra Guðrún Ísleifsdóttir, íbúi við Egilsgötu sem mótmælt hefur því að um fjórtíu stór reynitré á lóð gömlu Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg voru felld.

Halldóra spyr sig hvornig það megji vera að leyfi fái til að fella tugi trjáa við íbúðagötu án þess að íbúarnir fái að vita að slíkt standi til. Hún segir engan geta sagt sér hvers vegna trén voru felld. „Þá er þetta bara til að gera umhverfið ljótara og eyðileggja," segir Halldóra sem telur að trén hefðu náð sex metra hæð í sumar. Sérstakt leyfi yfirvalda þarf til að fella tré sem eru hærra en átta metrar eða eru eldri en 60 ára. - ovd

# Kennari sýndi af sér óviðeigandi hegðun

Kennara við Borgaskóla hefur verið vikið frá störfum vegna óviðunandi hegðunar gagnvart stúlkum í skólanum. Engin fordæmi eru fyrir málinu og því enginn ferill til að fara eftir. Stefnt er að því að starfshópur skili tillögum í haust.

**MENNTAMÁL** Kennara við Borgaskóla hefur verið vikið frá störfum vegna óviðeigandi hegðunar gagnvart stúlkum í 9. og 10. bekk skólans. Brottvikningin tók gildi í byrjun mars.

Kvörtuðu nemendurnir undan óþægilegri hegðun kennarans gagnvart þeim og hafði hann meðal annars mynd af stúlkum sem hann kenndi á skjáhlíðu í tölvunni sinni.

Í bréfi sem Inga Þ. Halldórsdóttir, skólustjóri Borgaskóla, ritaði foreldrum barna við skólann segir að málið hafi fyrst komið á borð umsjónakennara 11. janúar síðastliðinn. Var þá rætt við kennarann og hann beðinn að breyta hegðun sinni en einnig var sálfræðingi skólans og fleirum greint frá málinu.

„Tíminn sem liður frá því þegar fyrstu stúlkurnar sögðu umsjónarkennara sínum frá líðan sinni til þess tíma er annað mál kemur upp er of langur," segir í bréfi skólustjórans. Þann tíma hefði kennarinn fengið til að breyta hegðun sinni en réttum mánuði síðar hafi móðir stúlkum í 10. bekk komið með dóttur sinni til fundar við umsjónarkennara vegna atviks í lok kennslustundar vikunnar áður. Í bréfinu segir að stúlkurnar hafi þegið viðtöl við sálfræðing skólans. Einnig hafi málið verið kynnt í ráðum skólans og reynt að finna leiðir til úrbóta.

Í bréfi skólustjórans segir að málið hafi verið þolendum mjög erfitt og að málsmeðferð hafi tekið lengri tíma en allir aðilar vildu. „Engin fordæmi eru til á



FRÁ BORGASKÓLA Nemendur við skólann kvörtuðu undan óþægilegri hegðun kennara.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Engin fordæmi eru til á Menntasviði um mál af þessu tagi og því er enginn ferill til að fara eftir við málsmeðferð.

**INGA Þ. HALLDÓRSSDÓTTIR** SKÓLASTJÓRI BORGASKÓLA

Menntasviði um mál af þessu tagi og því er enginn ferill til að fara eftir við málsmeðferð. Það ásamt töfum við athugun á málinu varð til þess að málið dróst úr hömlu.

Þá segir að í kjölfar málsins hafi sviðsstjóri Menntasviðs ákveðið að ferill verði mótaður hjá sviðinu ef mál af þessu tagi

koma upp í framtíðinni. Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri segir þá vinnu í bígerð og verið sé að mynda starfshóp sem í munu sitja fulltrúar Menntasviðs, barnaverndar Reykjavíkur, þjónustumiðstöðvanna í Reykjavík og fulltrúi skólustjóra. „Þessi vinna hefst í sumar undir stjórn lögfræðings Menntasviðs og verður vonandi unnin hratt og örugglega þannig að henni megi ljúka í ágúst eða september," segir Ragnar.

Inga Þ. Halldórsdóttir skólustjóri segir málinu lokið og að hún viti ekki annað en að það sé í fullri sátt. Kennarinn hafi ekki verið kærður vegna málsins.

olav@frettabladid.is

# Sonur Stoltenbergs: Ásakaður um árás á nema

**NOREGUR** Axel Stoltenberg, sonur Jens Stoltenbergs, forsætisráðherra Noregs, er sakaður um að hafa ráðist á nema sem var að dimittera með félögum sínum, eins og hann sjálfur var að gera. Hóparnir höfðu lagt rútum sínum við Fornebu-flugvöll við Ósló þegar meint árás átti sér stað. Stoltenberg neitar ásökuninni.



**JENS STOLTENBERG**

Dimissjón stendur yfir í Noregi þessa dagana og aka stúdentar um í fagurlega skreyttum rútum og skemma sér. Á norskum vefmiðlum kemur fram að einn stúdentahópurinn haldi því fram að sonur forsætisráðherra hafi ráðist á rútu og lagt hana í rúst. Málið er til rannsóknar.

- ghs

# Nýr formaður Rauða krossins: Anna Stefánsdóttir kjörin

**FÉLAGSMÁL** Anna Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítalanum, var í gær kjörin nýr formaður Rauða kross Íslands. Hún tekur við af Ómari H. Kristmundssyni, sem var formaður síðastliðinn tvö ár. „Ég hef sérstakan áhuga á því að efla starf Rauða krossins með ungu fólki sem hefur flust til landsins," segir Anna. Hún segist ekki hafa mótað nýjar áherslur, en farið verði yfir stöðuna með nýrri stjórn á næstunni.



**ANNA STEFÁNSDÓTTIR**

Anna hefur setið í stjórn RKÍ frá 2002, og verið varaformaður frá 2006.

- bj

# LÆRÐU TENNIS Á EINNI HELGI

10 tíma lúxusnámskeið í tennis

**Innifalið:**

- Öll undirstöðuatriði tennisþróttarinnar kennd
- Skemmtilegir tennisleikir og reglur kenndar
- Fjórir á hverjum velli með einum tennisþjálfara
- Hádegisverðarhlaðborð á veitingastaðnum Nítjándu

**Árangursrík og skemmtileg leið til að læra tennis**

Verð kr. 24.900 á mann.

Verð með sumarkorti í tennis kr. 37.900.

Verð með gistingu á Hótel Smára kr. 39.900

**Í boði allar helgar í sumar**

Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 og á tennishollin.is




# VEÐURSPÁ

**Elín Björk Jónsdóttir** Veðurfræðingur

**MILT EN SKÝJAF**

á öllu landinu með rigningu eða skúrum norðan til. Styttir upp í kvöld og nótt, hægur vindur um allt land og hiti á bilinu 6-10 stig.



Á MORGUN Hæg breytileg átt um allt land

MÍÐVIKUDAGUR Austlæg eða norðaustlæg átt

**HEIMURINN**

Kaupmannahöfn	14°
Billund	14°
Ósló	12°
Stokkhólmur	7°
Gautaborg	12°
London	14°
París	14°
Frankfurt	17°
Friedrichshafen	11°
Berlín	18°
Alicante	23°
Mallorca	28°
Bassel	16°
Eindhoven	21°
Las Palmas	19°
New York	33°
Orlando	19°
San Francisco	15°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



# Gaman í vinnunni

Okkur er í mun að starfsfólki Sjóvá líði vel í vinnunni. Þess vegna gleðjumst við innilega yfir niðurstöðum stærstu vinnumarkaðskönnunar á Íslandi, sem birtar voru á föstudaginn. Þær sýna að starfsánægja hjá Sjóvá hefur aukist verulega á síðastliðnum tveimur árum og mælist nú óvíða meiri meðal stærri fyrirtækja. Sannarlega frábær árangur sem skilar sér að vonum í enn betri þjónustu.



## KJÖRKASSINN



Á að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild Íslands að ESB á þessu kjörtímabili?

Já	73,1%
Nei	26,9%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú áhyggjur af stöðu íslenska geitfjárstofsins?

Segðu þína skoðun á visir.is



Siglingastofnun Íslands stóðst úttekt Eftirlitsnefndar EFTA án athugasemda:

## Siglingavernd afburða góð

**ÖRYGGISMÁL** Siglingastofnun Íslands stóðst skoðun Eftirlitsnefndar EFTA án athugasemda. Þetta er aðeins í annað skiptið í sögu eftirlitsins sem stofnun sem kemur að siglingavernd nær þessum árangri, en úttektir á siglingavernd fara fram í sambærilegum stofnunum allra ESB-landanna auk Íslands og Noregs.

Óskar Ingi Sigmundsson, deildarstjóri hafnasviðs Siglingastofnunar, segir úttektina hafa staðfest hversu vel íslensk siglingayfirvöld hafa staðið að uppbyggingu og framkvæmd löggjafar og reglakerfis auk eftirfylgni við kröfur og fyrirmæli stjórnvalda EFTA-ríkanna á sviði siglingaverndar. „Eftirlitsmennirnir höfðu á orði að hér væri að finna dæmi þar sem hægt væri að tala um bestu framkvæmd og töku jafnframt fram að samstarf og samvinna þeirra stofnana sem skoðaðar voru væri til fyrirmyndar. Samgönguráðherra fer með yfirstjórn siglinga-



**GÓDAFOSS** Íslensk siglingayfirvöld hafa fengið staðfestingu á því að siglingavernd héraðs er með því besta sem þekkt er í Evrópu.

verndarmála hér á landi en Siglingastofnun Íslands sér um framkvæmd. Jafnframt gegnir Tollstjórnin í Reykjavík, Ríkislögreglustjóri, Vaktstöð siglinga, Landhelgisgæsla Íslands og íslenskar hafnir veigamiklu hlutverki.

Barnabílstólar skulu E-merktir:

## Nýjar og hertar öryggisreglur

**ÖRYGGISMÁL** Nýjar hertar Evrópu-reglur um barnaöryggisbúnað í bílum tóku gildi 9. maí síðastliðinn. Samkvæmt þeim teljast margir barnabílstólar, sem hingað til hafa uppfyllt lágmarkskröfur, ekki lengur löglegir. Eiga allir stólar að vera E-merktir eins og til dæmis ECE 4403 eða ECE 4404.

Á heimasíðu Félags íslenskra bifreiðaeigenda kemur fram að ef slíkt merki sé ekki að finna á stólum sé hann einfaldlega ólöglegur og að ýmis önnur merki, eins og DS (Dansk Standard) eða sænska merkingin Vägverket (T) séu ekki lengur nægar.



**AFMÆLISVEISLA Í VÖRUHÚSI** Fjöldi fólks lagði leið sína í vörúhus Atlantskipa í Hafnarfirði.

Atlantsskip tíu ára:

## Breytingar framundan

**SAMGÖNGUR** „Það eru tíu ár frá því við hófum störf og við erum að fagna því,“ segir Birgir Örn Birgisson, markaðsstjóri Atlantsskipa, en í dag vinna tæplega sextíu manns vinna hjá fyrirtækinu. Nokkrar breytingar eru framundan. Atlantsskip hafa haft tvö skip í leigu en nýlega var undirritaður samningur við Eimskip. „Í stað þess að leigja skip þá erum við að leigja pláss í skipum hjá þeim,“ segir Birgir.

Fjöldi viðskiptavina Atlantsskipa auk erlendra samstarfsaðila lagði leið sína í vörúhus fyrirtækisins við Cuxhavengötu í Hafnarfirði í gær.

2,5 milljón útköll ADAC í fyrra

## Þýsku bílarnir bila minnst

**BÍLAR** Þýskir bílar stöðvast sjaldnast á vegum úti vegna bilanna. Er þetta samkvæmt nýjstu bilanatölfræði ADAC í Þýskalandi, systurfélags Félags íslenskra bifreiðaeigenda.

Tölfræðin er unnin upp úr útkallstólum vegaaðstoðar ADAC en sem fyrr eru rafmagnsbílanir algengasta orsök þess að bílar stöðvast á vegum úti. Er þetta þriðja árið í röð sem þýskir bílar koma best út en fram að því höfðu japanskir bílar vinninginn.



**MÍÐSKÓGAR 8** Tölvugerð mynd sýnir húsið sem átti að byggja. Reisa má hús á lóðinn en þak á útsýnisturni var of hátt segir Hæstaréttur Íslands.

# Yfirvaldið á Álftanesi sagt hunsa Hæstarétt

Eigandi lóðarinnar Miðskóga 8 á Álftanesi segist ekki una því að bæjaryfirvöld gefi Hæstarétti langt nef með því að afmá sjávarlód hans út af skipulagi. Forseti bæjarstjórnar býr ofan við lóðina og telur nýtt einbýlishús ekki rúmast þar.

**STJÓRNSÝSLA** Eigandi sjávarlóðarinnar á Miðskógum 8 og bæjaryfirvöld á Álftanesi deila enn um rétt hans til að byggja á lóðinni þrátt fyrir að Hæstaréttardómur sé fallinn í málinu.

Skipulags- og byggingarnefnd Álftaness hefur haft til umfjöllunar breytingar á deiliskipulagi við Skógartjörn þar sem gatan Miðskógar er. Meðal breytinganna er að fella út byggingarlód Henriks Thorarensens á Miðskógum 8 og skilgreina hana sem óráðstafað svæði.

Henrik hafi látið vinna fyrir sig teikningar að einbýlishúsi en fékk þær ekki samþykktar. Hófst þá málrekstur sem fyrir mánuði endaði með dómi Hæstaréttar sem tók undir með Henrik og sagði lóð hans vera byggingarlód samkvæmt skipulagi frá árinu 1980. Hins vegar hefðu uppdættir að húsi hans ekki samrýmt skilmálum deiliskipulagsins og því rétt hjá bæjaryfirvöldum að synja honum um að reisa hús samkvæmt þeim teikningum.

Hæstaréttur segir þannig að byggja megji hús á lóðinni þótt þessar tilteknu teikningar hafi farið út fyrir skilmálana. Það lítur samt



**KRISTJÁN SVEINBJÖRNSSON** Forseti bæjarstjórnar á Álftanesi á sinni lóð.



**HENRIK THORARENSEN** Eigandi Miðskóga 8 stendur hér í frosinni vaðlaug sem forseti bæjarstjórnar útbjó á lóð hans.

ekki út fyrir að Henrik fái að byggja því eins og áður segir hyggjast bæjaryfirvöld afmá byggingarlóð hans út af skipulaginu.

„Ef fyrirætlanir skipulags- og byggingarnefndar og sveitarfélagsins ganga eftir er alveg ljóst að umbjóðandi minn [Henrik] mun ekki láta þær yfir sig ganga,“ segir Guðmundur Ágústsson, lögmaður Henriks, í bréfi til bæjaryfirvalda á Álftanesi. Guðmundur segir breytingarnar á skipulaginu ekki aðeins svipta Henrik eignarrétti sínum heldur ganga þvert á dóm Hæstaréttar sem þannig væri gefið „langt nef“ auk þess sem bærinn yrði bótaskyldur.

Deilan um sjávarlóðina Miðskóga 8 hefur flækst af því að beint fyrir ofan lóðina býr Kristján Sveinbjörnsson, oddviti meirihluta Álftaneslistans og forseti bæjarstjórnar. Kristján hafði nýtt hina óbyggðu lóð, meðal annars fyrir vaðlaug sem hann útbjó.

Kristján hefur beitt sér gegn því að Henrik fái að byggja á lóðinni en hefur ávallt vísað á bug ásökunum um að afstaða hans markist af eiginhagsmunum. Segist hann einfaldlega telja að ný bygging rúmist ekki á lóðinni þar sem hún sé svo nærri sjávarkambinum.

gar@frettabladid.is

McCain spár í framtíðina:

## Útlistar eigin afrek fyrirfram

**BANDARÍKIN, AP** Árið 2013 verður lýðræði orðið virkt í Írak og flestir bandarískir hermenn farnir þaðan. Lítil hætta stafar þá af talibönnum í Afganistan og Osama bin Laden verður annað hvort kominn í fangelsi eða dauður.

JOHN MCCAIN

Svo spár John McCain, sem á fimmtudag lýsti því hvernig hann sér fyrir sér ástandið í heiminum fjórum árum eftir að hann tekur við embætti forseta Bandaríkjanna - að því gefnu að hann verði kosinn í það embætti.

Hann sér einnig fyrir sér að Bandalag lýðræðisríkja hafi tekið við af Sameinuðu þjóðunum.

Kvikmyndahátíðin í Cannes:

## Íslenskir tónar á Canneshátíð

**LIST** Anna Halldórsdóttir Spaid tónskáld samdi tónlistina við teiknimyndina Written by Gandhi sem maður hennar Joseph Spaid framleiddi. Hún verður til sýnis í Stuttmynda-horni á kvikmyndahátíðinni í Cannes.

„Umsóknarfresturinn um að fá að sýna mynd á Cannes var að verða útrunninn þegar við ákváðum að láta reyna á þetta,“ segir Anna. „Og það kom okkur eiginlega í opna skjöldu þegar okkur var síðan sagt að mæta með myndina.“

Í myndinni eru margar tilvitnanir í Mahatma Gandhi og er markmiðið með henni að stuðla að friði.

WRITTEN BY GANDHI

- jse

Nintendo

Zack&Wiki

5.990.-

Wii

ZACK & WIKI

ORMSSON

www.nintendo.is · www.ormsson.is

Allsherjargoði við hljóðritanir á kyrrlátum skógarhljóðum í óvæntum mótbyr:

## Herþotur trufla hljóðupptöku

**UMHVERFISMÁL** „Þetta passaði ekki alveg því ég var að taka upp lágstemmd hljóð fyrir kyrrlátastemningu í ameríska bíómynd,“ segir Hilmar Örn Hilmarsson, tónlistarmaður og allsherjargoði Ásatrúarmanna, sem telur drunur frá frönskum herþotum hafa truflað upptökur í hljóðveri hans á Álftanesi.

Fjórar franskar herþotur komu hingað á mánudag í síðustu viku til eftirlitsstarfa. Hilmar telur gný frá þotunum hafa verið á Álftanesi í tvo daga í síðustu viku. „Þetta var sérstaklega bagalegt annan daginn sem segja má að hafa farið meira en hálfur í súginn hjá mér. En eftir þetta hef ég sem betur fer ekkert heyrt. Ef þetta héldi áfram væri það ekkert annað en umhverfismengun,“ segir Hilmar.

Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi utanríkisráðuneytisins, segir að ráðuneytinu hafi engar kvartanir borist vegna flugs frönsku þotanna.

„Þessar þotur sinna fyrst og fremst eftirliti á hafi úti og stunda ekkert lágflug yfir landi. Hins vegar þurfa þær auðvitað og taka á loft og lenda á Keflavík-urflugvelli,“ segir Urður sem kveður þotuflugmennina þess utan hafa æft lendingar á Egilsstöðum og Akureyri.

- gar



**HILMAR ÖRN HILMARSSON** Tónlistarmaðurinn og allsherjargoðinn segir herþotugný og hljóðritanir á skógarstemningu ekki fara saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Bylting í þjónustu Hafnarfjarðarbæjar:

# ÍBÚAGÁTT HAFNARFJARÐAR

á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

Nú þegar við fögnum hundrað ára afmæli Hafnarfjarðarkaupstaðar, er okkur sönn ánægja að taka í notkun Íbúagátt Hafnarfjarðar, gagnvirkan þjónustuvef sem staðsettur er á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar, [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is).

Með opnun Íbúagáttarinnar er m. a. hægt að sækja um þjónustu bæjarins, senda inn formleg erindi, fylgjast með ferli þeirra í stjórnkerfinu og koma skoðunum á ýmsum málefnum bæjarfélagsins á framfæri – hvenær sem er.

Íbúagáttin er framtíðartæki í gagnvirkri þjónustu og nútímalegum samskiptum. Ég vona að sem flestir hafi gagn af þessu nýja tæki og nýti sér það til hins ýtrasta.

  
Lúðvík Geirsson bæjarstjóri



[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)



Íbúagátt Hafnarfjarðar  
Innskráningarsíða



### 3.

- Mín síða
- Málin mín
- Umsóknir
- Gjöld
- Samráð
- Hjálp

## Stiklað á stóru í notkun á Íbúagáttinni:

### Upphafið

Aðgangur að íbúagáttinni er bundinn kennitölu notanda. Þú sækir um aðgang og færð sent lykilorð í heimabankann þinn. Þú ferð inn á Íbúagáttina með því að smella á hnapp eða flipa á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is). Þá kemstu inn á forsíðu Íbúagáttarinnar þar sem þú skráir þig inn með kennitölu og lykilorði.

### Öryggið

Íbúagátt Hafnarfjarðar er varin með SSL og öll samskipti á vefnum eru því dulkóðuð. Nánari upplýsingar um öryggismál Íbúagáttarinnar eru á innskráningarsíðunni.

### Valmyndin

Aðalvalmynd Íbúagáttarinnar byggist upp af sex flípum; *Mín síða*, *Málin mín*, *Umsóknir*, *Gjöld*, *Samráð* og *Hjálp*.

### Mín síða

Þegar þú hefur skráð þig inn á forsíðu Íbúagáttarinnar kemstu inn á *Mína síðu*. Þessa síðu getur þú sérsníðið að þínum áhugasviðum með því að breyta stillingum. Eftir að hafa breytt stillingum birtast t.d. eingöngu þeir tenglar sem þú vilt sjá á þessari síðu, og þér berast eingöngu fréttir og fundargerðir sem tengjast þínum áhugasviðum.

Á *Mín síða* er einnig hægt að fara beint inn á einstaka þætti vefsins, t.d. *Málin mín* og *Gjöld*. Þú færð upplýsingar um það hvort þin bíði skilaboð frá Hafnarfjarðarbæ og getur fengið beint samband við þjónustufulltrúa hjá þjónustuveri Hafnarfjarðar eða átt netsamtal við bæjarstjóra (á auglýstum samtals tímum). Einnig getur barnafólk tengst beint inn á *Mentor.is* og *Leikskóli.is*.

### Málin mín

Hér færðu yfirlit yfir þau mál sem þú ert með í úrvinnslu og fylgist með framgangi þeirra innan bæjarkerfisins.

### Umsóknir

Hér getur þú sótt rafrænt um þjónustu á vegum Hafnarfjarðarbæjar.

### Gjöld

Á þessari síðu færðu yfirlit yfir þau gjöld sem þú greiðir til Hafnarfjarðarbæjar.

### Samráð

Á þessari síðu hafa bæjarbúar tækifæri til að tjá sig um einstök mál sem stofnað hefur verið til af starfsmönnum bæjarins eða pólitískum fulltrúum.

### Gjöld

Hér finnur þú hjálpartexta við innihald Íbúagáttarinnar. Einnig má leita til þjónustuværs Hafnarfjarðar ef aðstoðar er þörf eða spurningar vakna.

Farðu inn á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)  
og skráðu þig inn á  
Íbúagátt Hafnarfjarðar.  
Gangi þér vel!

## VEISTU SVARID?



1 Hvaða leikari fékk á dögnum sendar ársbirgðir af svitalyktaeyði?

2 Hvar eru verslanirnar þrjár sem BT ætlar að loka?

3 Hvaða íslenski knattspyrnumaður lék á Wembley í ensku bikarkeppninni í gær?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Heimsnýjung við Háskólann á Akureyri:

## Meistaránám í heimskautarétti

**MENNTAMÁL** Háskólinn á Akureyri býður nú í haust, fyrstur háskóla í heiminum, upp á nám í heimskautarétti.

Heimskautaréttur tekur til þeirra lagareglna sem gilda um heimskautasvæðin tvö. Að því er fram kemur í kynningarefni á hinn nýju námsbraut er áhersla lögð á videigandi svið alþjóðaréttar, svo sem umhverfisrétt, hafrétt, auðindarétt og á réttindi frumbyggjapjóða. Þá nær hann einnig til fullveldismála og ágreinings um lögsögmörk á landi og sjó, ásamt fleiru.

Stjórnandi nýju námsbrautarinnar er Guðmundur Alfredsson,



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI Sjónum beint að málefnum norðurlóða. FRÉTTABLAÐIÐ/EGIR

prófessor í alþjóðarétti við Háskólann í Lundi í Svíþjóð, en meðal samstarfsaðila Háskólans á Akureyri í þessu verkefni eru Fróðskaparsetrið í Færeyjum, háskólinn í Nuuk á Grænlandi og í Rovaniemi í

Finnlandi. Þá verður einnig haft samstarf við háskóla í Kanada, Alaska, Rússlandi og Noregi.

Margt veldur því að heimskautasvæðin eru nú æ meir í brennidepli alþjóðamála. Bráðnun heimskautaisssins getur opnað nýjar siglingaleiðir og aðgang að náttúruauðlindum. „Þetta veldur snaraukinni eftirspurn eftir fólki með sérfræðipækkingu á málefnum heimskautasvæðanna,“ segir Ágúst Þór Árnason, sem fyrir hönd HA hefur haft veg og vanda af undirbúningi nýju námsbrautarinnar. Hann tekur fram að námið sé opið bæði löglærðum og fólki úr öðrum greinum félagsvísinda. - aa

Varnarmál Finna:

## Ráðherra mærir vægi NATO

**FINNLAND** Finnski aðmírállinn Georgí Alafuzoff segir að taka þurfi tillit til þess að rússneski herinn styrkist stöðugt og að sama gildi um rússneskan efnahag. Rússar hafi fimmta stærsta efnahagskerfi heims og þeir muni lenda í miklum átökum á næstu áratugum.

Jyri Häkämies, varnarmálaráðherra Finnlands, segir í norska dagblaðinu Aftenposten að gangi Finnar og Svíar í Atlantshafsbandalagið vegi norrænu þjóðirnar þungt í bandalaginu. Það myndi ekki aðeins styrkja norrænt samstarf heldur einnig hafa áhrif á tengsl NATO og Rússlands. - ghs

Ráðherra á fundi Sjálfsbjargar:

## Bifreiðastyrkir endurskoðaðir

**FÉLAGSMÁL** Bifreiðastyrkir hreyfihamlaðra verða endurskoðaðir þegar styrkirnir færast undir félagsmálaráðuneytið á næstunni.

Þetta kom fram í máli Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra í ávarpi hennar á fundi Sjálfsbjargar á föstudag.

Uppbætur og styrkir hafa ekki hækkað í mörg ár, og endurskoða þarf þann tíma sem líður milli úthlutana, sagði Jóhanna. Hún sagðist einnig til viðræðu um hvort breyta þurfi skilyrðum fyrir styrkveitingum, og óskaði eftir sjónarmiðum hreyfihamlaðra um málið.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

- bj

## Gordon Brown íhugar þátttöku í raunveruleikabætti: Reynir að auka vinsældir

**BRETLAND, AP** Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, er að reyna að ná vopnum sínum á ný, meðal annars með því að íhuga í alvöru að taka þátt í raunveruleikastjórnunarspætti.

„Þurri Skotinn“ eins og Brown er stundum kallaður leiddi Verkamannaflokkinn til sögulegs ósigurs í sveitarstjórnarkosningum í Englandi og Wales á dögnum og trú-



BROSANDI BROWN „Þurri Skotinn“ reynir að fríska upp á ímyndina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

verðugleiki stefnu hans í efnahagsmálum hefur beðið hnekki vegna lánsfjákræppunnar og óvinsælla skattabreytinga. Þetta hefur orðið til þess að málsmetandi samflokkmaður hans hefur sagt að Brown muni líklega verða að víkja fyrir nýjum flokksleiðtoga fljótlega.

Gegn þessum mótbyr teflir Brown fram ýmsum tillögum sem líklegar eru til vinsælda. Í vikunni staðfesti hann að ríkisstjórnin hefði ákveðið að taka 2,7 milljarða punda að láni sem varið verður til að bæta tekjulágu fólki upp afnám lægsta tekjuskattsþrepsins, sem Brown viðurkennir að hafi verið mistök.

Að auki hefur það lekið út að Brown sé að íhuga að taka þátt sem dómari í nýjum hæfileikaleitarþætti í breska ríkissjónvarpinu BBC. Vinnutitill þáttarins kvað vera „Junior P.M.“ eða ungdómsforsætisráðherra. - aa



MIKLIR HAGSMUNIR Í HÚFI Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Anna Margrét Guðjónsdóttir, forstöðumaður Brusselskrifstofu sambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Ekki gert ráð fyrir sveitarfélögum í EES

Íslensk sveitarfélög hafa margvíslegra hagsmuna að gæta í Evrópusamstarfi. Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga vill skoða betur kosti og galla Evrópusambandsaðildar fyrir sveitarfélögin.

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Þátttaka íslenskra sveitarfélaga í Evrópusamstarfi hefur stóruaukist á síðustu árum, enda eiga þau mikilla hagsmuna að gæta í því. Þetta segja Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Anna Margrét Guðjónsdóttir, forstöðumaður Brusselskrifstofu sambandsins sem opnuð var fyrir tveimur árum. Í samtali við Fréttablaðið nefna þau þessu til vitnis að það er verkefni sveitarfélaga að framfylgja minnst helmingi allra EES-gerða sem innleiddar eru á Íslandi.

Þau segja opnun Brusselskrifstofunnar hafa breytt miklu í hagsmunagæslustarfinu gagnvart löggjafarferli Evrópusambandsins og EES. En það hamli því starfi að í EES-samningnum er ekki gert ráð fyrir neinni aðkomu sveitarfélaga að því ferli. Unnið sé að því að ráða bót á þessu með því meðal annars að fá EFTA-rikin til að koma á fót eigin vettvangi fyrir sveitarstjórnarstigið, sem speglad gæti Héraðanefnd Evrópusambandsins sem er sú stofnun þess sem gætir hagsmuna sveitar- og héraðsstjórnarstigsins innan ESB.

Nú fer hagsmunagæslustarf íslenskra og norskra sveitarfélaga, það er sveitarfélaga EFTA-rikkanna í EES, að mestu fram í gegnum Evrópusamtök sveitarfélaga, CEMR, en stefnumótunarnefnd þeirra samtaka fundaði nýlega í fyrsta sinn á Íslandi. Þetta starf fer að sögn Önnu Mar-

grétar einnig fram með persónulegum tengslum við meðlimi viðeigandi fagnefnda Evrópuþingsins og Héraðanefndar ESB, en þeir eru flestir sjálfir sveitarstjórnarmenn, tilefndir af landssamtökum sveitarfélaga í aðildarríkjunum. Þá sé líka mikilvægt að vera í tengslum við þá stjórnsýsluleið framkvæmdastjórnar ESB sem sinnir þessum málum („DG Regio“).

Aðspurður segir Halldór að Samband íslenskra sveitarfélaga hafi sem slíkt ekki tekið afstöðu til þess hvort það telji hagsmunum íslenskra sveitarfélaga betur borgið með fullri aðild Íslands að Evrópusambandinu, en full ástæða sé að hans dómi til að sambandið kanni betur þá kosti og galla sem aðild myndu fylgja. Með þeim aðgangi að byggðaaætlunum og uppbyggingarsjóðum sambandsins sem aðild myndi fylgja gæti vissulega verið eftir miklu að slægjast fyrir íslensk sveitarfélög, einkum þau sem liggja fjarri höfuðborgarsvæðinu, en þar sem skipuleg úttekt á því hefur ekki farið fram væri lítið hægt að segja um það á þessu stigi.

Halldór bendir á að íslensk stjórnvöld hafi „keypt sig inn“ eina af byggðaaætlunum ESB og til skoðunar sé að taka þátt í fleirum. Þessar áætlanir opni íslenskum sveitarfélögum möguleika á margvíslegu samstarfi við sveitarfélög í ESB-löndum. Norðmenn hafi keypt sig inn í fjórda þeirra.

audunn@frettabladid.is

# Þjóðarsátt um velferð



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður Samfylkingarinnar og utanríkisráðherra býður flokksmönnum og stuðningsfólki til funda á nokkrum helstu þéttbýlistöðum landsins frá 14. til 27. maí.

- Miðvikudaginn 14. maí á Hótel KEA, Akureyri
- Fimmtudaginn 15. maí í Víkinni, Hafnargötu 80, Reykjanesbæ
- Mánudaginn 19. maí í Gistihúsinu, Egilsstöðum
- Þriðjudaginn 20. maí í Skrudgarðinum, Akranesi
- Þriðjudaginn 27. maí í Tryggvaskála, Selfossi

Fundirnir hefjast kl. 20 – Allir velkomnir!

Nánari upplýsingar á [www.samfylking.is](http://www.samfylking.is)



Samfylkingin





# Háskóli lífs og lands

## Spennandi háskólanám til BS-gráðu

- Náttúru- og umhverfisfræði
- Umhverfisskipulag (grunnám að landslagsarkitektúr)
- Búvísindi
- Hestafræði
- Skógfræði/landgræðsla

Námið fer fram á Hvanneyri í Borgarfirði en þar hefur risið háskólaþorp í fallegu umhverfi með allri aðstöðu og skemmtilegu félagslífi.

Umsóknarfrestur er til 4. júní.

Einnig er í boði meistaranám (MS) og doktorsnám.

Kynntu þér námið á heimasíðu skólans!  
[www.lbhi.is](http://www.lbhi.is)



Kostnaðurinn við sjálfstæða peningastefnu:

## Hvað svo?

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Forsætisráðherra sendi mjög ákveðin skilaboð á ársfundi Seðlabankans í vor um ráðstafanir á sviði peningamála til þess að mæta lausafjórðvanda bankakerfisins. Seðlabankinn kynnti fyrsta skref þeirra viðbragða í lok síðustu viku. Þau hafa haft góð áhrif og eru líkleg til að auka bjartsýni.

Í sumum erlendum umsögnum hefur þessum ráðstöfunum verið lýst sem neyðaraðgerðum eða framlengingu í hengingaról. Veruleikinn er sennilega sá að á þessar aðgerðir má líta sem mikilvæga viðspyrnu en ofmat væri að líkja þeim við lausnarorð. Ekkert bendir til að einungis sé verið að lengja í hengingarólinni.

Vissulega er það svo að nauðir hafa rekið stjórnvöld til aðgerða af þessu tagi. Viðbrögð markaðarins benda hins vegar til að á þeim vettvangi sé trú á að Ísland geti unnið sig út úr örðugleikunum. Annað verður því ekki sagt en að forsætisráðherra hafi tekið á viðfangsefninu af mikilli yfirvegum og styrk. En stóra spurningin er þessi: Hvað svo?

Ýmsir hafa lýst efasemdum um réttmæti þess að gera rástafanir til þess að Seðlabankinn geti í reynd verið trúverðugur lánveitandi til þrautavara fyrir viðskiptabanka sem hafa vaxið honum yfir höfuð. Af því hlýst alltaf nokkur kostnaður fyrir skattborgarana. Það er satt og rétt en er ekki gild mótbára eins og sakir standa. Svo lengi sem Ísland kys að reka sjálfstæða peningastefnu með ósamkeppnishæfan gjaldmiðil verða skattgreiðendurnir að bera þennan kostnað.

Þá má spyrja á móti: Er ávinningurinn af því að viðhalda sjálfstæðri mynt slíkur að það réttlæti þessar sérstöku fórnir skattborgaranna til frambúðar? Helsta röksemdin sem færð hefur verið fram í því efni er sú að sjálfstæð peningastefna sé nauðsynleg til að jafna ólíkar sveiflur í þjóðarbúskap Íslands og viðskiptalandanna. Veruleikinn er hins vegar sá að hún hefur í reynd fremur ýkt þennan sveiflumun en hitt. Það mun ekki breytast við þessar aðgerðir.

Niðurstaðan er þá þessi. Fórnarkostnaður skattborgaranna er óhjákvæmilegur um tíma en ekki réttlætjanlegur til frambúðar. Fyrir þá sök þarf að fylgja tímabundnum ráðstöfunum langtíma stefnumörkun um íslensk peningamál. Kostirnir eru tveir: Krónan með þeim aukakostnaði sem henni fylgir og lélegri samkeppnisstöðu eða evra með þeim hagstjórnaraga sem hún kallar á.

Eru menn reiðubúnir til að beygja sig undir aukinn aga til að ná betri stöðugleika í þjóðarbúskapinn og traustari samkeppnisstöðu? Næsti prófsteinn í því efni eru fjárlög komandi árs og fjárhagsáætlanir sveitarfélaga. Ljóst er að bæði ríkissjóður og sveitarstjóðir munu tapa tekjum fyrir áhrif af falli krónunnar. Tekjuöflun ríkissjóðs hefur verið að hluta til fölsk vegna viðskiptahallans.

Framhald þeirra aðgerða sem nú hafa verið ákveðnar á peningamarkaðnum hlýtur því að felast í mjög aðhaldssömum ráðstöfunum í ríkisfjármálum. Þetta á alveg sérstaklega við hafi menn í huga að gera Ísland í stakk búð til að taka upp evru. Það getur ekki gerst nema samkvæmtu jafnvægi verði náð fyrst.

Fróðlegt verður að fylgjast með því hvort þeir stjórnvaldamenn sem eru hlynntir evru gangi fram fyrir skjöldu með meiri aðhaldsemi í ríkisfjármálum en aðrir. Við fjárlagagerðina reynir á hversu fúsir menn eru að beygja sig undir aukinn aga og sýna í verki að við getum tekið þær ákvarðanir sem óhjákvæmilegar eru vilji menn stefna að betra jafnvægi til frambúðar.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLÖG: 365

**FRÉTTABLAÐIÐ** | ÚTGÁFUÐLÖG: 365 | **FRÉTTABLAÐIÐ** | ÚTGÁFUÐLÖG: 365  
 RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson. AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dagurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvínsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabókum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**Nintendo** Super Mario Galaxy 6.990.-  
**ORMSSON**  
 www.nintendo.is · www.ormsson.is

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Meirihlutamambó

Eftir meirihlutabreytingar í bæjarstjórn Akraness er þar sama staða komin upp og í Reykjavík. Það er að fyrstu varabæjar- eða varaborgarfulltrúar F-lista styðja ekki sitjandi meirihluta sem aðalmenn þeirra standa að. Á Akranesi og í Reykjavík getur því meirihlutinn fallið við það eitt að varamaður taki sæti í stað aðalmanns. Í Fréttablaðinu á fimmtudaginn sagðist Magnús Þór Hafsteinsson, varabæjarfulltrúi F-lista á Akranesi erfitt að segja hvort hann myndi fella meirihlutann kæmist hann í aðstöðu til þess. Það yrði bara að ráðast. Framtíð meirihlutanna veitur því líklega á heilsu og viðveru sitjandi aðal-



manna. Annars gætu íbúar Reykjavíkur og Akraness þurft að búa við enn ein meirihlutaskiptin á kjörtímabilinu.

#### Meirihluti Frjálslyndra

Með breytingum á meirihluta í bæjarstjórn Akraness er Frjálslyndi flokkurinn hvergi í meirihluta í bæjar- eða sveitarstjórn á Íslandi þar eð Ólafur F., borgarstjóri F-lista, tilheyrir Íslandshreyfingunni. Hvort minnihlutaseta Frjálslyndra er til komin vegna frambjóðenda- eða stefnumála er sjálfsagt mismunandi. Grímur Atlason, fyrrverandi bæjarstjóri í Bolungarvík virðist þó hafa fundið ástæðu fyrir litlu fylginu og segir flokkinn vera þann stjórnmalaflokk á Íslandi sem tekið hafi málstað þeirra sem óttast hið útlenda og gert að sínum. Segir hann slíkt byggt á ótta

og þröngsýni og því sé Frjálslyndir réttnefni á flokknum.

#### Davíð í Skaptahlíðinni

Davíð Oddsson, seðlabankastjóri var gestur í hádegisviðtalinu á Stöð 2 á föstudaginn. Ræddi hann meðal annars það að Seðlabanki Íslands hafi tryggt sér aðgang að 1,5 milljarði evra með samningum við seðlabanka Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. Það þótti tíðindum sæta að Davíð kæmi í viðtal í Skaptahlíðinni þar sem Stöð 2 er til húsa. Í það hús kom Davíð síðast árið 1978 og þá til að dansa á skemmtistaðnum Lídó sem þá var í Skaptahlíðinni.



olav@frettabladid.is

### BITBEIN Árni Páll Árnason spyr:

## Á að setja nýja Sjúkratryggingastofnun á fót?



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

### Snýst um traust á heilbrigðisráðherra

Það liggur fyrir að íslenska heilbrigðiskerfið er eitt það besta í heimi. Samkvæmt niðurstöðu OECD er það öfundsvvert. Það er vissulega viðunandi einkunnagjöf fyrir Framsóknarflokkinn sem fór með heilbrigðismál í landinu í tólf ár, eða þar til í maí í fyrra. Nú eru hins vegar runnir upp óvissutímur. Ástæðan er sú að í skammri tíð nýs heilbrigðisráðherra, sem starfar m.a. á byrgð Samfylkingarinnar, hafa virtir embættismenn hrakist úr starfi og boðuð hefur verið grundvallarbreyting á stefnunni í heilbrigðismálum.

#### Áhugi Sjálfstæðisflokksins á heilbrigðismálum

Það er langt síðan okkur framsóknarmönnum varð ljóst að Sjálfstæðisflokkurinn hefði mikinn áhuga á að fara með heilbrigðismál í landinu. Formaður Sjálfstæðisflokksins tjáði sig í viðræðubætti í aðdraganda kosninga með þeim hætti að ekki fór á milli mála að Sjálfstæðisflokkurinn myndi gera kröfu um að fá heilbrigðisráðuneytið í þeirri ríkisstjórn sem mynduð yrði að loknum kosningum. Vitandi það að við framsóknarmenn myndum ekki verða fús til að láta málaflokkinn af hendi af ótta við einkavæðingarform sjálfstæðismanna, sneri Geir sér til Samfylkingarinnar sem seldi sig ódyrt. Stefnan birtist síðan í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar þar sem segir m.a. að skapað verði svigrúm til fjölbreytilegra rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu, m.a. með útboðum og þjónustusamningum.

#### Yfirgangur stjórnarflokka

Á haustþingi flutti ríkisstjórnin frumvarp þar sem m.a. var kveðið á um nýja stofnun sem hafi það hlutverk að styrkja hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu og að kostnaðargreina heilbrigðisþjónustuna. Samkvæmt 18. grein frumvarpsins fékk heilbrigðisráðherra heimild til að skipa stofnuninni stjórn og ráða forstjóra, án þess að Alþingi hefði fjallað um stofnunina sem slíka. Við framsóknarmenn sátum hjá við afgreiðslu greinarinnar þar sem vinnubrögðin voru alls óviðunandi. Það næsta sem fréttist af þessari nýju stofnun var að auglýst var eftir forstjóra. Þegar nú þingdagar voru til þinghlés birtist svo loks frumvarp til laga um sjúkratryggingar, upp á 73 greinar.

Málið var tekið á dagskrá í vikunni með afbrigðum sem samþykkt voru af stjórnarsinum. Þá bar enn til tíðinda. Formaður heilbrigðisnefndar greindi frá því úr ræðustól að hún væri í eigin nafni búin að senda málið út til umsagnar. Samkvæmt þingsköpum eru það hins vegar nefndir þingsins sem senda mál út til umsagnar en ekki einstaka þingmenn. Allt þetta er með sér yfirgangur stjórnarflokka og lítillsvirðingu gagnvart Alþingi.

Við framsóknarmenn setjum okkur ekki fyrirfram gegn tilvist Sjúkratryggingastofnunar. Áþekkar hugmyndir höfðu komið fram í tíð framsóknarráðherra í heilbrigðisráðuneytinu. Það sem gerir málið hins vegar snúið er að við treystum illa heilbrigðisráðherranum Guðlaugi Þór Þórðarsyni og Sjálfstæðisflokki til að fara með það vald sem lög um sjúkratryggingar veita.

Það virðist hins vegar Samfylkingin gera með bros á vör.

### Mikilvægt framfaraskref

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um sjúkratryggingar sem felur í sér breytingu á fyrirkomulagi greiðslna ríkisins fyrir heilbrigðisþjónustu. Höfuðáhersla verður lögð á að fjárveitingar ríkisins til veitenda heilbrigðisþjónustu verði tengdar þeirri þjónustu sem veitt er.

#### Fagleg umgjörð rekstrar

Nýja kerfið byggir á sænskri fyrirmynd. Markmið kerfisins er viðhalda hinu norræna þjónustukerfi, sem felst í að notendur heilbrigðisþjónustu eigi aðgang að heilbrigðisþjónustu sem veitt sé án tillits til efnahags. Í dag búa opinberar heilbrigðisstofnanir við óskilvirka fjárveitingaumgjörð, þar sem ekki er skýrt samhengi milli þeirra verka sem unnin eru og þeirra fjárveitinga sem ríkið veitir til starfsmanna. Þannig býður núverandi kerfi heim þeirri hættu að fjárlagaramminn stjórnir þjónustustiginu, með hörmulegum afleiðingum fyrir þá sem þjónustunnar eiga að njóta.

Í hinu nýja kerfi er gert ráð fyrir að allar fjárveitingar verði byggðar á samningum um tiltekna þjónustu og að komið verði á skipulegu verklagi við eftirlit með gæðum þeirrar þjónustu sem veitt er. Nú þegar eru í lögum víðtækar valdheimildir fyrir stjórnvöld til að semja um framkvæmd heilbrigðisþjónustu og er ekki gert ráð fyrir að þær verði auknar, en komið verði á faglegri umgjörð um beitingu þeirra. Nýju stofnuninni verður þannig gert að gæta að öryggishlutverki opinberra sjúkrahúsa og því að viðhalda faglegri þekkingu þar. Jafnframt verður hætt að semja við hagsmunasamtök veitenda heilbrigðisþjónustu á borð við félög lækna, eins og tíðkast hefur hingað til, og bannákvæði samkeppnislaga munu gilda um samstilltar aðgerðir veitenda þjónustunnar gagnvart ríkinu.

#### Aukið jafnrétti

Ýmsir hafa haft hátt á undanförunum mánuðum um að í breytingunum felist einkavæðing, markaðsvæðing, sala sjúklinga eða eitthvað þaðan af verra. Í frumvarpinu er þvert á móti að finna ákvæði sem tryggja betur en gert er í núgildandi lögum að aðgangur að heilbrigðisþjónustu eigi að vera án tillits til efnahags. Þá er sett í lög ákvæði sem beinlínis bannar veitendum þjónustu að krefja sjúkratrygginga einstaklinga um frekara gjald en felst í almennri kostnaðarþátttöku skv. reglugerð. Þannig er beinlínis bannað með lögum að veitendur þjónustu bjóði notendum að borga sig fram fyrir í biðröð. Þá er girt fyrir að hér geti skapast bandarískt kerfi sem felur í sér endurgreiðslu að hluta á útlögðum kostnaði, sem myndi leiða til aukins kostnaðar og brjóta niður hið norræna þjónustukerfi sem við höfum byggt á.

#### Betri velferðarþjónusta

Markmið jafnaðarmanna er nú sem fyrr að tryggja bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á fyrir alla, án tillits til efnahags. Óskilvirkt fjárveitingakerfi dregur úr gæðum þjónustu og kostnaðarahlæði. Við verðum að tryggja hámarks gæði fyrir alla – ekki bara suma. Einungis þannig þróum við hágæða heilbrigðiskerfi fyrir alla til lengri tíma lítið.

# Nýjasta uppákomun í Reykjavík

## UNMRÆÐAN

Sigrún Elsa Smáradóttir skrifar um borgarmál



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

Fyrir um mánuði síðan blésu fulltrúar meirihlutans í borgarstjórn Reykjavíkur til blaðamannafundar og kynntu aðgerðaráætlun sína í leikskólamáli „Borgarbörn“. Eins og menn muna voru umdeildar heimgreiðslur stærsti einstaki kostnaðarliðurinn í aðgerðaráætluninni á þessu ári, auk þess sem leggja áttí auknið fjármagn í einkarekna leikskóla og dagforeldraerfið. Við kynningu á aðgerðaráætluninni gerðu fulltrúar meirihlutans mikið úr því að

verið væri að veita stóráuknu fjármagn til leikskólamála.

Á þessu ári er kostnaðurinn vegna þessara verkefna áætlaður 118 milljónir umfram fjárhagsáætlun sem til stóð að bæta inn í ramma leikskólasviðs. Eindrægni virtist vera um málið hjá meirihlutanum á blaðamannafundinum þegar aðgerðaráætlunin var kynnt. Enda fundurinn best heppnaði blaðamannafundur þessa meirihluta, búið að ráða auglýsingastofu til þess að yfirbragð fundarins gæti verið sem glæsilegast, hanna sérstakt merki fyrir aðgerðaráætlunina og borgarfulltrúar meirihlutans með sín blíð-

legustu bros á vörum þegar stóráuknu fjármagn til málaflökksins var lofað.

## Svíkja sjálf sig

Nú mánuði síðar samþykkir svo sami meirihluti í borgarráði að Leikskólasvið eigi að fjármagna aðgerðaráætlun meirihlutans, borgarbörn, innan fjárhagsáætlunar ársins. Þannig er sviðinu gert að taka af því fjármagn sem samkvæmt fjárhagsáætlun er ætlað til reksturs leikskólanna í borginni.

Þessi afgreiðsla er þvert á fyrri yfirlýsingar meirihlutans og kynningu á málinu í leikskólaráði og víðar. Þessi niðurstaða kemur því illa í bakið á þeim borgarbúum sem lögðu trúnað á trumbuslátt meirihlutans um stóráukið fjármagn til

málaflökksins vegna borgarbarna-stefnunnar.

## Losaraleg fjármálastjórn

Það virðist vera alveg sama hvert litið er, þessum ólánssama meirihluta tekst að klúðra öllum málum, meira að segja þeirra eigin tromp breytast í jókera í höndunum á þeim.

Meirihlutinn ber því fyrir sig að nota eigi afgang sem hugsanlega verði af rekstri leikskólasviðs á þessu ári til verkefnanna. Það gefur auga leið að það samrýmist ekki góðri stjórnsýslu að ætla að ráðstafa afgangi ársins áður en árið er liðið. Engin leið er að sjá það fyrir hvort og þá hve mikill afgangur verði af rekstrinum.

Til að hægt sé að hafa yfirsýn

yfir fjármál borgarinnar er mikilvægt að gegnsæi sé til staðar og að ákvarðanatökufærli sé skýrt. Þannig er nauðsynlegt fyrir meirihluta hverju sinni að tryggja verkefnum fjármagn áður en samþykkt er að ráðast í þau. Það er ekki boðlegt að ætla bara að vona að í lok árs gangi allt upp, að hlutirnir reddist bara. Það að missa fjármál borgarinnar úr böndunum er ekki bætandi við þær uppákomur sem þessi meirihluti býður borgarbúum upp á í hverri viku. Maður skyldi ætla að borgarfulltrúum meirihlutans væri orðið ljóst, að málin hafa því miður ekki tilhneigingu til að reddast hjá þeim þessa dagana.

Höfundur er borgarfulltrúi Samfylkingar.

# Námismenn í nútíð og framtíð

## UMRÆÐAN

Ásta Krístrún Ragnarsdóttir skrifar um námstækni

Námismenn eru í mörgum hlutverkum samhliða námsmannshlutverkinu. Samkeppni um tíma þeirra er gífurleg. Hraði og hátækni eru öflugar breytur í líffsskilyrðum.



ÁSTA KRÍSTRÚN RAGNARSÓTTIR

Að loknu fagnámi mætir einstaklingnum vinnumarkaður sem einkennist af sveiflum og uppstokkunum á markaði og hreyfingu starfsfólks á milli verkefna og starfa. Krafan um færni til skjótrar aðlögunar í nýjum aðstæðum eykst. Sífelld öflun frekari þekkingar vegna vinnustaða- og starfsþróunar er það umhverfi sem býður námsmanna þegar út í atvinnulífið er komið.

Kvikar aðstæður hafa margvísleg áhrif á vaxtarmöguleika einstaklinga.


Öryggi og hugarró sem er kjölfesta námsrángurs er ógnað af örum breytingum. Útvíkkun námsumhverfis með tilkomu veraldarvefsins, aukin samkeppni um innngöngu í virta skóla, samkeppni um bitastæð störf á hverfulum atvinnumarkaði, eru breytur sem kalla á endurskoðun námsmanna-vænna úrræða.

Algengasta hindrun námsmanna í hröðu nútímasamfélagi er skortur á ögun í vinnulagi, handahófskenndar náms- og lestraráferðir og skortur á skipulögðu utanhaldi námsgagna. Aðstæður gera það að verkum að námismenn koma oft seint auga á að skortur á markvissu vinnulagi er ein helsta hindrunin í að ná þeim árangri sem þeir leitast eftir. Þess í stað setja þeir sökina á óskilgreindan skort á „námsgetu“, á námið sjálft sem sé of þungt og námsefnið sem of umfangsmikið. Þá er stutt í vonleysi og uppgjöf.

Til er sérhæfður hugbúnaður fyrir nær allar atvinnugreinar, en bið hefur verið á sérstöku forriti fyrir vinnu nútíma námsmanna. Ekki er ólíklegt að misræmi í áherslum varðandi gildi hugbúnaðar fyrir atvinnugreinar annars vegar og hugbúnaðar sem vinnutæki námsmanna, telji drjúgt þegar litið er til einbeitingarleysis, uppgjafar og brottfalls.

NemaNet er ný lausn sérhönnuð fyrir vinnu námsmanna. Forritið er hannað með tilliti til þarfa hugans við öflun þekkingar og þarfa námsmanna í upplýsingasamfélagi. Því eins og yfirskrift NemaNets segir, „Nám er fag“.

Höfundur er náms- og starfsráðgjafi og höfundur NemaNets – namisstofan.is.



## Í VIÐSKIPTAÐEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK MYNDAR ÞÚ TENGL SEM SKIPTA MÁLI

Háskólinn í Reykjavík leggur mikið upp úr því að nemendur myndi góð tengsl við atvinnulífið. Þeir afla sér þekkingar frá fyrsta degi sem nýttist þeim vel þegar þeir verða þátttakendur í að móta og skapa framtíð íslensks samfélags. Nemendur Háskólans í Reykjavík hafa sýnt og sannað að þeir geta látið drauma sína rætast, þeir eru óhræddir við að framkvæma hugmyndir sínar, þeir kunna að stofna og reka fyrirtæki og gera það í miklum mæli. Gæði háskólakennslu eru mest í Háskólanum í Reykjavík, samkvæmt viðhorfskönnun á meðal íslenskra viðskiptafræðinema sem Ríkisendurskoðun birti í fyrra.

Þess vegna á viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík að vera fyrsti valkostur þeirra sem ætla að læra viðskiptafræði.

Framtíðin er HR.

Umsóknarfrestur er til 30. maí  
Kynntu þér námið á [www.hr.is](http://www.hr.is)

Viðskiptafræði BSc | Alþjóðaviðskipti MSc | Fjármál og reikningshald MSc | Endurskoðun MSc | Háskólanám með vinnu (HMV)

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY

# Vegvísir að Evrópu

## UMRÆÐAN

Björn Friðfinnsson  
skrifar um Evrópumál

Víð myndun núverandi ríkisstjórnar var ákveðið að ekki yrði sótt um aðild að Evrópusambandinu á kjörtímabilinu. Að baki þessarar ákvörðunar er einkum andstaða innan annars ríkisstjórnarflokksins eins og kunnugt er.

Þær aðstæður hafa nú skapast í þjóðfélaginu, að ríkisstjórnin er undir þrýstingi um að fyrirnefndri ákvörðun verði breytt. Sá þrýstingur stafar fyrst og fremst af þeim hremmingum sem fjármálakerfi þjóðarinnar hefur nú lent í, en ekki er síður alvarlegt að verið er að skapa mannlífi og lífskjörum jarðarbúa nýjan ramma með ráðstöfunum sem knúnar eru fram af loftslagshlúnun og ofnýtingu auðlinda jarðar. Íslendingar verða af þeim sökum að styrkja samningsstöðu sína og áhrif á alþjóðlegum vettvangi og leita þar bandamanna með svipaða hagsmuni og sjónarmið. Af augljósum ástæðum er þá bandamenn fyrst og fremst að finna innan ESB. Það telur nú 27 ríki og standa yfir aðildarviðræður við Króatíu sem væntanlega verður aðili árið 2009. Hugsanlegt er að Íslendingar gætu orðið þeim samferða.

Það leiðir af ákvæðum EES-samningsins, að verulegur hluti af löggjafarstarfi Alþingis og íslenskra stjórnvalda felst nú í því að aðlaga íslenska löggjöf og stjórnslu-reglur að reglum Evrópusambandsins, en um efni löggjafarinnar hafa Íslendingar haft lítil og stöðugt þværandi áhrif. Kemur þar til fjölgun aðildar-



**BJÖRN**  
**FRIÐFINNSSON**

ríkja ESB og breytingar á stjórnskipulagi sambandsins.

## Drögum umsókn ekki á langinn

Að undanförunu hafa heyrst þær raddir í opinberri umræðu hér á landi að Íslendingar gætu hagnýtt sér það besta frá ESB, en sleppt öðru. Hægt sé að tína rúsinurnar af kökunni án þess að gleypa hana alla. Þannig hafa ýmsir lýst áhuga sínum á því því að taka einhliða upp evruna sem opinberan gjaldmiðil hér á landi án þess að undirgangast þann aga í fjármálum, sem nauðsynlegur er til að halda uppi verðgildi myntarinnar.

Margir vilja enn kjósa þá lausung, sem hér ríkir í fjármálum hins opinbera, sem skýrast kemur fram, þegar ráðherrar ríða um héruð í aðdraganda alþingiskosninga þar sem þeir án lagaheimildar gefa óspart út ávísanir á útgjöld, sem næstu ríkisstjórn og þingmeirihluta er svo ætlað að afla fjármuna til. Það dregur einnig úr trausti á hagstjórninni, að Seðlabanki og ríkisstjórn virðast oft ekki hafa samstillt áralag í siglingu þjóðarbúsins.

Eins og sakir standa leiða öll skynsamleg rök til þeirrar niðurstöðu að Íslendingar eigi ekki að draga það lengur að sækja um aðild að ESB. Slík aðild myndi í fullnustu tímans leiða til aðildar að myntbandalagi Evrópu og þyrfti að taka markviss skref til þess að fullnægja aðildarskilmálum þess sem fyrst. Einbeittur ásetningur um aðild að ESB myndi auka traust á íslenska þjóðarþúinu bæði heima og erlendis. En hvað þarf til?

Um umræður síðustu vikna

hefur komið fram sú hugmynd að gerður verði „Vegvísir“ sem unnið verði eftir. Hér er um margslungið verkefni að ræða sem snýr bæði að breytingum innanlands og einnig að aðgerðum sem miða að útvíkkun EES-samstarfsins.

*Eins og sakir standa leiða öll skynsamleg rök til þeirrar niðurstöðu að Íslendingar eigi ekki að draga það lengur að sækja um aðild að ESB.*

## Stjórnarskrá lýðveldisins

Ólafur Jóhannesson prófessor og síðar forsætisráðherra vakti athygli á því árið 1962 að ástæða væri til að gaumgæfa breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins á þann hátt að í hana væri sett ákvæði um hugsanlega aðild Íslands að alþjóðasamtökum, sem kallaði á framsal ákvörðunarvalds á afmörkuðum sviðum til sameiginlegra stofnana. Jafnframt taldi hann að núverandi aðferð til stjórnarskrárbreytinga væri e.t.v. ekki sú besta til þess að staðreyna þjóðarviljann. Þessar vangaveltur Ólafs voru ekki af ástæðulausu, heldur fram komnar í tilefni af tilkomu Efnahagsbandalags Evrópu, eins og fyrirrennari Evrópusambandsins var þá nefndur. Ólafur taldi að með skynsamlegum stjórnlagaákvæðum ætti að reyna að tryggja, að engin órlagarík skref séu stigin án þess að þjóðarviljinn sé örugglega kannaður.

Síðan hafa fleiri fræðimenn fjallað um þetta efni, ekki síst í tilefni af aðild Íslands að Evrópska efnahagsvæðinu og að Schengen-samkomulaginu. Má þar nefna Davíð Þór Björgvins-

son, Krístrúnu Heimisdóttur, Gunnar G. Schram, Stefán M. Stefánsson o.fl.

Flest ríki í Evrópu munu nú hafa tekið upp í stjórnarskrár sína „opunarákvæði“ eins og Ólafur fjallaði um á sínum tíma.

Í ársbyrjun 2005 skipaði forsætisráðherra nefnd til endurskoðunar á stjórnarskrá lýðveldisins undir forystu Jóns Kristjánssonar fv. alþingismanns. Í nefndinni sátu fulltrúar þingflokkanna og jafnframt var leitað til hóps sérfræðinga í stjórnlaga- og stjórnmálafræðum til þess að starfa með nefndinni.

Nefndin var vinnusöm og m.a. mótaði hún tillögu um breytingu á nágildandi 79. gr. stj.skr., þar sem mælt er fyrir um hvernig breytingum á stjórnarskránni skulu framvegis háttað.

Ekki er hér kostur á að rekja störf nefndarinnar frekar, en þegar nefndin skilaði álitinu sínu í febrúar 2007 var stutt orðið til kosninga og miklar annir hjá ríkisstjórn og Alþingi. Var því niðurstaðan sú að ekkert var aðhafst í stjórnarskrármálinu að svo stöddu. En segja má að nú þegar sé kominn grunnur fyrir tillögu að stjórnarskrárbreytingu, sem greitt gæti fyrir aðild Íslands að ESB ef hún nyti meirihlutafylgis með þjóðinni.

## Efni Vegvísar

Fyrsta atriði í vegvísi til Evrópusambandsaðildar er að breyta stjórnarskránni á þann hátt sem stjórnarskrárnefndin hafði undirbúið. Þetta myndi kalla á þingrof og nýjar kosningar. Samfara alþingiskosningum eftir þingrofið yrði kosið um það, hvort sækja skuli um aðild að Evrópusambandinu. Í þeirri kosningu hefði stjórnarskrárbreytingin ekki tekið gildi, en þess í stað myndi

fráfarandi Alþingi hafa lögfest reglur um þessa kosningu sérstaklega, sem segja mætti að verði könnun á vilja kjósenda. Annar möguleiki er að ljúka stjórnarskrárbreytingunni formlega og hafa síðan aukakosningar um aðildarsókn í samræmi við ákvæði hennar. Þriðji möguleikinn væri að viðhafa kosningar eingöngu um aðildarsamning sem væri niðurstaða aðildarviðræðna, en ekki um það hvort sækja skuli um aðild. Ekki er hér mælt með þeirri skipan mála.

Í framhaldi af samþykkt þess efnis að sækja skuli um aðild, þarf að hefja undirbúning að samningaviðræðum, móta samningskröfur o.s.frv. Jafnframt þarf að grípa til fyrstu ráðstafana í því skyni að fullnægja kröfum um aðild að myntbandalaginu og loks þurfa íslensku þingflokkanir að treysta sambönd sín við viðeigandi flokkasamtök á þingi ESB, sem er mjög mikilvægt atriði.

Náist jákvæð niðurstaða í aðildarviðræðnum þarf loks að bera hana undir þjóðaratkvæðagreiðslu.

Meginatriði í vegvísi til aðildar að ESB eru skv. framanskráðu sem hér segir:

1. Breyting á stjórnarskránni
2. Þjóðaratkvæðagreiðsla um aðildarsókn samfara alþingiskosningum
3. Endurbætur á fjárlagakerfinu og framkvæmd fjárlaga til undirbúnings aðild að myntbandalaginu
4. Undirbúningur aðildarsamræðna
5. Aukið samband ísl. þingflokkanana við þing ESB
6. Þjóðaratkvæðagreiðsla um aðildarsamning

*Höfundur situr í stjórn Evrópu-samtakanna.*



arctictrucks.is

# DEKKJADAGAR



**15 - 20%**  
afsláttur gildir  
til maí loka

## Tilboð á öllum jeppadekkjum

Eitt mesta úrval landsins af dekkjum undir flestar gerðir jeppa, fyrir felgustærðir 15" til 20"

Arctic Trucks • Kletthálsi 3 • 110 Reykjavík • Sími 540 4900

# Hærrí laun - hærrí skattleysismörk

## UMRÆÐAN

Sigurður T. Sigurðsson  
skrifar um  
kjaramál



**SIGURÐUR T.**  
**SIGURÐSSON**

Kostnaður við rekstur heimilis hérlendis er orðinn svo hár að nýlega umsamin 145 þúsund króna dagvinnu tekjuþrygging verkafólks dagar hvergi nærri fyrir brýnustu útgjöldum, hvað þá meira. Þegar búið er að taka skatt og lífeyrissjóðsgjald af þessum launum og greiða fyrir leigu á tveggja til þriggja herbergja íbúð er ekkert eftir. Og þó að menn reyni að bjarga fjármálunum með því að vinna tólf tíma á dag, sex daga vikunnar, dagar það ekki til því skatturinn hirðir meira en þriðju hverja krónu af því sem þannig er aflað. Miðað við verðlag þyrftu lægstu laun í dagvinnu að vera a.m.k. 200 þúsund krónur á mánuði, skattlaus.

## Skattþíning

Af lægstu laununum eru nú teknar um átján þúsund krónur í tekjuskatt á mánuði. Það munar um minna fyrir þá sem ekki eiga fyrir nauðþurftum. Jafn vitlaust sem það er, þá eru þessi hungurlaun skattlögð með sömu skattþósentu og þau hæstu. Það er enginn munur gerður á tekjum sem ekki duga einstaklingi til framfærslu og ofurlaunum forríkra milljónamæringa, því hvoru tveggja launin eru skattlögð með 35,72% tekjuskatti. Sé til rökleysa þá á hún við um þessa sérkennilegu skattheimtu.

Núverandi skattleysismörk eru rúmlega 95 þúsund krónur á mánuði en væru um 160 þúsund ef þau hefðu fylgt launþróun í landinu síðustu tuttugu árin. Þarna er um að ræða 65 þúsund krónur á mánuði sem stjórnvöld skattleggja eins

og um hátekjur væri að ræða. Í stað þess að hækka skattleysismörkin eðlilega og hafa þau jöfn lægstu launum hafa stjórnvöld ákveðið að sniðganga alla skynsemi og hækka skattleysismörkin einungis um sjö þúsund krónur á næstu þremur árum. Þessi ákvörðun sýnir að það skiptir núverandi stjórnvöld engu máli hvort láglaunafólk hefur ofan í sig að éta eða ná á láta enda ná saman.

## Aðgerða er þörf

Sú stefna fyrri stjórnvalda að halda skattleysismörkunum niðri og afnema 7% hátekjuskatt, ásamt því að lækka tekjuskattþósentuna, kom hærrí tekjur til góða. Hátekjufólk græðir milljónir króna á ári vegna þessara skattalækkana. Hins vegar hefur engin hliðstæð niðurfelling á skatti verið gerð fyrir láglaunafólk. Þessa núturlugu staðreynd reyna stjórnvöld síðan að fela með ódýrum niðurgreiðslum á ýmsum kostnaðarliðum. Skattlagning lægstu launa er óháfa sem verkalyðsfélögin verða að sameinast um að berjast gegn. Þau verða að krefjast þess að skattleysismörkin hækki það mikið að fólk á lægstu launatöxtunum geti séð sér og sínum farborða. Þeir sem segja að það sé of stór biti fyrir ríkissjóð skulu minnst þess að ríkið er ekki að tapa neinum áður áætluðum tekjum, heldur aðeins að bæta fólk þá sem ranglega var af því tekið. Lágmarkskrafa verkafólks er að skattleysismörkin verði aldrei lægri en umsamin lágmarkslaun aðila vinnumarkaðarins.

*Höfundur er fyrrverandi formaður Verkalyðsfélagsins Hlífar.*

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

# Tengslanetið er afl og upphaf mikilla breytinga

● Dr. jur. Herdís Þorgeirsdóttir  
Prófessor



SKRÁNING  
FER FRAM Á  
BIFROST.IS

WWW.BIFRÖST.IS

## Völd til kvenna – forsenda réttláts samfélags

HELSTU FYRIRLESARAR:



**MAUD DE BOER-BUQUICCHIO**  
annar framkvæmdastjóri  
Evrópuráðsins



**JUDITH RESNIK**  
prófessor við lagadeild Yale, fremsti fræðimaður á sviði lögfræði 2008 í Bandaríkjunum

Ráðstefnan **Tengslanet IV – völd til kvenna**, verður haldin í fjórða sinn á Bifröst dagana 29.-30. maí. Á fyrri ráðstefnum hafa konur fundið samstöðu, sem hafin er yfir hversdagslegan ágreining. Aðalfyrirlesarar hafa ávallt verið konur sem verið hafa í fararbroddi í heiminum í jafnréttisbaráttu.

Samkennd kvenna á Tengslanetsráðstefnum hefur kristallast í ályktunum ráðstefnunnar sem hafa ekki aðeins vakið verðskuldaða athygli og átt þátt í viðhorfsbreytingum heldur einnig verið hvati að nauðsynlegum lagabreytingum konum í hag.

Konurnar sem sækja Tengslanetið hafa mjög fjölbreyttan bakgrunn enda er ráðstefnan opin öllum. Árið 2006 náði ráðstefnan að verða sú stærsta í íslensku viðskiptalífi. Nú verður fyrri met slegið, því von er á allt að 600 konum. Þessar konur efla tengslanet sitt, ræða saman á gagnrýninn hátt um baráttuna fyrir jafnrétti kynjanna og vinna í þágu annarra kvenna.

Dr. Herdís Þorgeirsdóttir er stofnandi Tengslanetsins og stjórnandi þess frá upphafi. Kynntu þér **Tengslanet IV – völd til kvenna** á heimasíðu Háskólans á Bifröst, [www.bifrost.is](http://www.bifrost.is).

**PALLBORÐ I – KVENORKAN Í ATVINNULÍFINU**

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,  
Elin Sigfúsdóttir, Kristín Linda  
Jónsdóttir, Dögg Pálsdóttir,  
Heiðrún Jónsdóttir,  
Kristín Pétursdóttir

**PALLBORÐ II – LÍFSBARÁTTAN:  
FORELDRAR OG FYRIRVINNUR,  
FJÖLSKYLDUR & FLÆKJUR**

Hanna Birna Kristjánsdóttir,  
María Ellingsen, Arnfríður  
Einarsdóttir, Hildur Sólveig  
Pétursdóttir, Guðrún Nordal

**PALLBORÐ III – RÉTTLETI OG  
PÓLÍTIK RÉTTHUGSUN**

Hjördís Hákonardóttir,  
Margrét S. Björnsdóttir,  
Kristín Marja Baldursdóttir,  
Ragnhildur Sverrisdóttir,  
Svanhildur Hólm Valsdóttir

**PALLBORÐ IV – NÝJAR  
LEIKREGLUR Í ÞÁGU RÉTTLETIS**

Valgerður Sverrisdóttir,  
Guðný Halldórsdóttir,  
Kolbrún Sævarsdóttir,  
Vigdís Grímsdóttir,  
Valgerður Bjarnadóttir



**HÁSKÓLINN Á BIFRÖST**  
BIFRÖST UNIVERSITY



Hjartans þakkir til þeirra fjölmörgu sem með bænum, blómum, gjöfum, fallegum orðum, faðmlögum, innlögn í minningarsjóð, samúdarkveðjum eða á annan hátt hafa stutt okkur við andlát og útför elskulegs föður, sonar, bróður og mágs okkar,

**Sigurjóns Daða Óskarssonar**

Kambaseli 85, Reykjavík.

Guð blessi ykkur.

Viktoría Von Sigurjónsdóttir  
Margrét Árdís Sigvaldadóttir Óskar Eyberg Aðalsteinsson  
Þórða Berg Óskarsdóttir Gunnar Örn Arnarson  
Ásta Kristín Óskarsdóttir.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Regínu L. Rist**

Starfsfólki Skógarbæjar sendum við sérstakar þakklætiskveðjur.

Óttar Guðmundsson Gíslunn Jóhannsdóttir  
Kristín G. Ísfeld Haukur Ísfeld  
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Ingu Björnsdóttur**

læknis, Godabyggð 11, Akureyri.

Björn Sverrisson Aðalbjörg Sigmarisdóttir  
Ármann Sverrisson Kristín Sigurðardóttir  
Sólveig H. Sverrisdóttir Gunnar Eiríksson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Þökkum innilega öllum þeim sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdafaður, afi og langafi,

**Andrésar Guðnasonar**

Langholtsvegi 23, Reykjavík.

Örn Úlfar Andrésson Jóhanna Stefánsdóttir  
Kristín Rós Andrésdóttir Björn Ástvaldsson  
Gunnar Már Andrésson Bjargey Sigurjónsdóttir  
Sigrún Andrésdóttir Þorleifur Sigurjónsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Júlíus Guðlaugsson**

Efra Hofi, Garði,

verður jarðsönginn frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 21. maí kl. 13.00.

Ellen Einarsdóttir  
börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Ástætur móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hrönn Kristjánsdóttir**

Dalbæ, Dalvík,

sem lést 12. maí, verður jarðsönginn frá Dalvíkarkirkju miðvikudaginn 21. maí kl. 13.30.

Anna B. Jóhannesdóttir Skarphéðinn Pétursson  
Birna Blöndal Birgir Össurason  
Guðlaug Baldvinsdóttir Hákon Ó. Guðmundsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



**dr. Björn Björnsson**

prófessor, Aragötu 4, Reykjavík,

verður jarðsönginn frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 22. maí kl. 13.00.

Svanhildur Ása Sigurðardóttir Valgeir Bjarnason  
Ingibjörg Elsa Björnsdóttir  
Kristín Margrét Bjarnadóttir



Við þökkum innilega öllum þeim sem sýndu okkur samúð við andlát og útför móður minnar,

**Guðrúnar Magnúsdóttur**

Hrefnugötu 6, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heimahjúkrunar, Þorrasels, Borgarspítala, Landakotsspítala og Skógarsels fyrir alúð í hennar garð. Kærar þakkir til Hjálmars Jónssonar dómkirkjuprests.

Fyrir hönd aðstandenda  
Málfríður L'Orange.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við fráfall

**Elsu Guðbjargar Vilmundardóttur**

jarðfræðings

og vottuðu henni virðingu.

Pálmi Lárusson Lilja Björk Pálsdóttir  
Vilmundur Pálmason Oddur Valur Þórarinnsson  
Guðrún Lára Pálmadóttir  
Elsa Barðdal Vilmundardóttir  
Ásrún Ösp Vilmundardóttir  
Arnþór Víðir Vilmundarson



Ástætur móðir mín, tengdamóðir og amma,

**Þórunn Jónsdóttir**

Hjúkrunarheimilinu Eir,

sem andaðist sunnudaginn 11. maí, verður jarðsönginn frá kirkju Óháða safnaðarins mánudaginn 19. maí kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Félag aðstandenda Alzheimer sjúklunga (FAAS).

Sigríður Sigurðardóttir Pétur Pétursson  
Sindri Þór Steingrímsson Stefania Ósk Pétursdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts elskulegs bróður okkar, mágs og frænda,

**Hafsteins Erlendssonar**

Höfðabraut 3, Akranesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks A-deildar Sjúkrahúss Akraness.

Þorvarður Ellert Erlendsson Áslaug Valdimarsdóttir  
Birgir Þór Erlendsson  
og aðrir aðstandendur.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar sendist á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.

**GUSTAV MAHLER TÓNSKÁLD  
LÉST PENNAN DAG 1911**

„Sinfónía verður að vera eins og veröldin. Hún verður að innihalda allt.“

**Gustav Mahler var einungis fimmtugur þegar hann lést. Tónsmíðar hans voru aldrei hátt skrifaðar í Vin meðan hann lifði.**



# timamót

[timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is)



**ALLAR HLIÐAR FLUGSINS** Tilgangur flugvinnunnar er að kynna flugið vel fyrir almennu stjórn Flugmálafélags Íslands.

**FLUGMÁLAFÉLAG ÍSLANDS: STENDUR FYRIR**

## Kynna allar hliða

Í dag fer af stað flugvika á vegum Flugmálafélags Íslands. Dagskrá vinnunnar er unnin í samstarfi við Flugstöðir, Flugfélag Íslands, Icelandair, Landhelgisgæsluna og fleiri aðila Flugmálafélagsins. Vikunni lýkur laugardaginn 24. maí á Reykjavíkurlugvelli með flugsýningu.

„Tilgangurinn með flugvinnunni er að kynna allar hliðar flugsins fyrir almenningi,“ segir Matthías Sveinbjörnsson sem situr í stjórn Flugmálafélags Íslands. Félagið hefur áður staðið fyrir flugdögum á Reykjavíkurlugvelli en þetta er í fyrsta skipti sem dagskráin spannar heila viku.

„Við munum opna dyrnar á Fluggörðum niðri á Reykjavíkurlugvelli í dag klukkan 14 og fólk fær þarna tækifæri til að skoða flugvélnar og kynnst þeirri starfsemi sem er í gangi þar,“ útskýrir Matthías.

Flugmálafélag Íslands eru regnhlífásamtök yfir allt sem tengist flugi á Íslandi og var stofnað fyrir sjötíu

og tveimur árum meðal annars af Agnari Kofoed Hansen. Matthías segir tilgang félagsins hafa frá upphafi verið að kynna flugið fyrir almenningi með jákvæðum hætti og að reglulega sé staðið fyrir viðburðum og fundum.

„Við höldum nokkra flugöryggisfundum á ári þar sem við förum yfir öryggismál þeirra sem koma að fluginu. Við höfum einnig sett upp flugdaga og verið með kynningarfundum. Fundirnir eru opnir almenningi og við stoppum engan í dyrnum þó hann hafi ekki flugskírteini.“

Matthías segist finna fyrir miklum áhuga hjá almenningi á flugmálum og viðburðir sem þessir eru ávallt vel sóttir.

Í grófum dráttum er dagskráin á þessa leið að í dag verður opið frá klukkan 14 til 17 í Fluggörðum og annað kvöld klukkan 20 verður farið yfir flugsöguna í skýli 25. Á þriðjudaginn verður opið hús í skýli Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkurlugvelli.

## LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval  
Yfir 40 ára reynsla  
Sendum myndalista



MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 - [www.mosaik.is](http://www.mosaik.is)

**MERKISATBURÐIR:**

- 1710 Sjö sólr sjást á lofti segir í Setbergsannál
- 1804 Napóleon Bonaparte lýstur keisari Frakklands
- 1920 Breytingar á stjórnarskránni vegna sambandslaganna 1918 staðfestar.
- 1993 Ítalska lögreglan handtekur mafíuforingjann Benedetto „Nitto“ Santapaola.
- 1994 Ísrael dregur herlið sitt frá Gasasvæðinu
- 1980 Sextíu farast þegar fjallið Sankti Helena gýs í Washington fylki.
- 1986 Herlið suður-Afríku hertekur Botsvana, Simbabwe og Sambíu.
- 1989 Rúmlega sex vikna verkfalli Bandalags háskólamanna lýkur.

**NAFNIÐ MITT: LOVÍSA OKTOVÍA EYVINDSDÓTTIR**

*Nafnið oft skrifað eins og bíllinn Skoda Oktavia*

Lovísa Oktavía Eyvindsdóttir heitir eftir langömmu sinni og ber nafnið með stolti. „Langamma mín var skýrd Ingibjörg Oktavía því hún fæddist í Október en svo var óið fellt niður og hún alltaf skrifuð Oktavía,“ útskýrir Lovísa. Þegar Lovísa var skírð þurfti að sækja sérstaklega um leyfi til að fá að skýra hana Oktavía því nafnið var ekki til. Langamma Ingibjörg hafði aldrei notað Oktavía nafnið því hún var ekkert hrifin af því en eftir að Lovísa var skírð í höfuðið á henni fór hún að nota það aftur. „Ég held að ég sé sú eina sem heitir þessu nafni. Fólki skrifar það yfirlétt vitlaust og skrifar mig Okta-

via eins og bíllinn, Skoda Oktavia. Ég er skráð Oktavía í þjóðskrá en ég er ekki viss um að það sé viðurkennt af mannanafnanefnd.“ Lovísa Oktavía er stolt af nafninu sínu og segist ekki hafa lent í teljandi vandræðum með það á yngri árum. „Nei mér var ekkert strítt. Fólki vissi kannski ekki endilega af Oktavíunafninu þegar ég var lítil og ég var ekkert að útskýra það fyrir því. En núna er fólk rosalega hrifin af nafninu og ég er mjög stolt af því. Ég nota alltaf fullt nafn því ég vil ekki að fólk sleppi því og gleymi Oktavíunafninu. Það er svolítið sérstakt og mér þykir vænt um það.“



Emningi segir Matthías Sveinbjörnsson sem situr

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FLUGVIKU**

**Flugvikan á miðvikudag verður opið hús hjá Flugstöðum. Þar verður meðal annars boðið upp á leiðsögn í flugstjórn og turnhermi. Þá um kvöldið verða haldnir fyrirlestrar um flugkennslu og þróunar- og rannsóknarstarf Íslendinga á sviði flugsins.**

Á fimmtudaginn verður morgunmálþing klukkan 8.30 í skýli 25 og seinnipartinn verður opið hús hjá grasótinni. Á föstudaginn verður svo snertilendingarbraut á Sandskeiði vígð klukkan 14 og opið hús hjá þeim sem bjóða upp á viðskipta-, þyrlu- og útsýnisflug. Alla vikuna verða flugatriði sem verða auglýst síðar en þar á meðal verður listflug, hópflug einkaflugvéla, módelflug, fallhlíf- arstökk og yfirflug á Þrínumum. Lokahnykkur flugvinnunnar verður á laugardaginn þegar haldin verður flugsýning og almenningi gefst kostur á að skoða flugvélnar. Hápunktur laugardagsins verður þegar franskir flugsveitarmenn af Keflavíkurluvelli fljúga yfir svæðið á herþotum. Flugvikan er öllum opin og aðgengur er ókeypis. Nánar má lesa um dagskrá flugvinnunnar á www.flugmal.is heida@frettabladid.is

# OPIN KYNNING

## Á LOKAVERKEFNUM Í TÖLVUNARFRÆÐI VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK

ÞRIÐJUDAGUR 20. MAÍ

**Mælaborð kerfisstjórans**  
Tími: 09:00 - 9:35  
Stofa: K-5  
Kringlunni 1  
Mælaborð kerfisstjórans er upplýsingakerfi sem gerir stjórnendum tölvukerfa kleift að sjá stöðu netkerfa á einfaldan hátt. Það sækir reglulega gögn úr Active Directory og skráir í SQL gagnagrunn. Hannað var vefviðmót, í SharePoint Services 2007, sem birtir lykluupplýsingar s.s. stöðu útstöðva á neti, stöðu notenda, grúppa og yfirlit yfir atburði („event logs“).  
**Samstarfsaðili:** Opin Kerfi ehf. **Nemendur:** Helga Sigurjónsdóttir, Jón Bjarki Sigurðsson, Kristján Jónsson og Sveinn Helgason.

**Skilvirk líkindadreifing**  
09:45 - 10:20  
Stofa: K-3  
Kringlunni 1  
Í verkefni var búið til stjórntæki í Adobe Flex fyrir þá sem stýra leikjum. Markmiðið var að búa til öflugt og sveigjanlegt töl sem gæti bætt yfirsýn þeirra sem stjórna getraunaleikjum.  
**Samstarfsaðilar:** Betware og Íslenskar Getraunir. **Nemendur:** Guðmundur Örn Arnarson, Magnús Halldór Pálsson og Sigurjón Viðar Svavarsson.

**5Scheduler for automatic tests**  
10:30 - 11:05  
Stofa: K-5  
Kringlunni 1  
Kerfið heldur utanum keyrslu og niðurstöður sjálfvirkra prófana bankans. Í kerfinu er hægt að keyra lista af prófunum ásamt því að stilla prófanir fram í tímann.  
**Samstarfsaðili:** Landsbanki. **Nemendur:** Sigurður Júníusson og Sunnefa Pálsdóttir.

**SOA Þjónustukerfi**  
11:15 - 11:50  
Stofa: K-3  
Kringlunni 1  
Kerfi til að auðvelda og einfalda eftirlit og rekstur á SOA þjónustum innan bankans. Kerfið er öflugt töl til að sjá upplýsingar um allar þjónustur og þjóna sem tilheyra SOA rekstri bankans.  
**Samstarfsaðili:** Landsbanki. **Nemendur:** Bjarni Þór Kjartansson, Guðni Þór Björgvinsson og Haukur Harðarson.

**Mobile banking**  
12:15 - 12:50  
Stofa: K-5  
Kringlunni 1  
Verkefnið snýst um að gera helstu aðgerðir Einkabanka Landsbanka Íslands aðgengilega á farsímavænu formi. Verkefnið er að sjálfsögðu unnið í samstarfi við Landsbanka Íslands hf. með háar kröfur um nytsemi og öryggi.  
**Samstarfsaðili:** Landsbanki. **Nemendur:** Arnar Vilhjálmsson, Gyða Bjarkadóttir, Jónas Kristjánsson og Kristján B. Kristinsson

**Rafrænar undirskriftir**  
13:00 - 13:35  
Stofa: K-3  
Kringlunni 1  
Í kjölfar útgáfu örgjörvakorta sem innihalda auðkenni kemur möguleiki á að undirrita skjöl rafrænt. Í verkefni var smíðuð Client/Server lausn fyrir starfsfólk Kaupþings og viðskiptavini sem gerir ólík undirskriftaferli möguleg, örugg og þægileg.  
**Samstarfsaðili:** Kaupþing. **Nemendur:** Elvar Atli Hallsson, Bjarki Heiðar Ingason og Kristinn Pálsson.

**Veidileyfasala gegnum vefinn**  
13:45 - 14:20  
Stofa: K-5  
Kringlunni 1  
Verkefnið felur í sér að smíða gagnvirka vefsíðu þar sem hægt er að kaupa veiðileyfi á ákveðin svæði og greiða fyrir í gegnum netið. Hægt að sjá með grafískum hætti hvar eru laus veiðileyfi á hverjum tíma.  
**Samstarfsaðili:** Austurnet.is. **Nemandi:** Sigrún Víglundsdóttir.

**Skrálinn**  
14:30 - 15:05  
Stofa: K-3  
Kringlunni 1  
Verkefnið fólst í að þróa tímaskráningarkerfi fyrir tæknimenn og sérfræðinga E.J.S. Kerfinu er ætlað að sjá um tímaskráningu tæknimanna og tryggja bæði yfirmönnum og viðskiptavinum góða yfirsýn yfir framgang og stöðu verkefna.  
**Samstarfsaðili:** E.J.S. **Nemendur:** Björn Þór Guðmundsson, Gunnar Kristinn Vilbergsson, Vilborg Hliðversdóttir og Þröstur Berg Þorsteinsson.

**IceAuction og Íslenska listaverkavísitalan**  
14:30 - 15:05  
Stofa: K-5  
Kringlunni 1  
Uppboðs- og verðmatskerfi fyrir listmunasöluuna Gallerí Fold auk vefsíðu sem birtir ýmsar niðurstöður úr gögnum af uppboðum sem haldin hafa verið á Íslandi frá árinu 1985.  
**Samstarfsaðili:** Gallerí Fold. **Nemendur:** Georg Þór Ágústsson, Guðni Hjörvar Jónsson og Sigurður G. Kristjánsson.

**MÁNUDAGUR 19. MAÍ**

**Greinir**  
Tími: 9:00 - 9:35  
Stofa: K-5  
Kringlunni 1  
Í verkefni var unnið tölfraeðgreiningarkerfi sem vinnur og birtir „performance“ tölfraeði úr Huawei GSM símakerfi símafyrirtækisins Vodafone Ísland. Kerfið er ætlað til notkunar við sköpun og bestun GSM kerfisins, en einnig sem hjálp við bilanaleit.  
**Samstarfsaðili:** Vodafone. **Nemendur:** Gunnlaugur Ásgeirsson, Jón Brynjar Mátsson og Þór Sigurðsson.

**SIPAM - Siminn Internet Protocol Address Manager**  
9:45 - 10:20  
Stofa: K-3  
Kringlunni 1  
Verkefnið fólst í að gera frumgerð að IP-umsýslukerfi sem ber nafnið SIPAM, sem heldur utan um þau net sem eru í notkun hjá Símanum, úthlutar þeim á kúna og uppfærir ripe grunninn ef þörf þykir.  
**Samstarfsaðili:** Síminn. **Nemendur:** Halldór Rúnar Hafliðason og Þórður Matthíasson.

**IM Tónlistarveitan**  
10:30 - 11:05  
Stofa: K-5  
Kringlunni 1  
Gerir tónlistarmönnum kleift að selja tónlist sína á stafrænu formi beint til aðdáenda án útgefanda. Kerfið er auðveldlega hægt að laga að kröfum tónlistarmanns til dæmis hvað varðar útlit, sniðmát og verðlagningu.  
**Samstarfsaðili:** IM. **Nemendur:** Davíð Örn Ingvarsson, Hrafnkell Freyr Magnússon og Stefán Fróðason.

MIÐVIKUDAGUR 21. MAÍ

## Lokaverkefni með rannsókaráherslu

- the presentations will be in English

**Audentifier**  
9:00 - 9:35  
Stofa: K-5  
Kringlunni 1  
Á undanförunum árum hefur mikil aukning orðið á ólöglegri dreifingu á hljóðskrárm, þar sem fjárhagslegt tjón getur verið umtalsvert. Verkefnið snýst um að búa til fingraför fyrir hljóðbúta til auðkenninga, sem eru samansett af vigrum í 128. vídd. Fingraförin þola talsverðar breytingar á innihaldi hljóðbúts án þess að þau „skekkist“ mikið.  
**Samstarfsaðili:** HR. **Nemendur:** Andri Mar Björgvinsson, Ingólfur Dan Þórisson og Stefán Már Kjartansson.

**Practical Contrast Analysis For High-dimensional Data Sets**  
9:45 - 10:20  
Stofa: K-3  
Kringlunni 1  
Nágrannaleit í margviðum gögnum er mikilvæg á mörgum sviðum, en nýlegar niðurstöður sýna að gögnin þurfa að hafa ákveðna eiginleika (e. contrast) til að slík leit sé marktæk. Verkefnið snýst um aðferðafræði byggða á þessum eiginleika, til að meta nytsemi gagna og leitaráferða. Þeirri aðferðafræði er svo beitt á nýlega rannsókn á nýrri leitaráferð, þar sem slík nytsemisgreining hefur betur farið fram.  
**Samstarfsaðili:** HR. **Nemandi:** Ingvar Ólafsson

**BML Realizer**  
10:30 - 11:05  
Stofa: K-5  
Kringlunni 1  
BML Realizer er opið safn verkfæra til að myndgera og kvika sýndarmenni í þrívíðum sýndarheimum. Kvikunarvélina tekur við hreyfilyfsingu á BML formi („Behavior Markup Language“), sem er nýtt staðlað mál til að lýsa nákvæmri samhæfingu líkamshreyfinga í sýndarmennum. Verið er að þróa þennan staðal hjá Gervigreinarsetri HR í samvinnu við rannsóknasetur um heim allan.  
**Samstarfsaðili:** HR. **Nemendur:** Bjarni Þór Arnason og Eðgír Þorsteinsson.

**A Procedural Approach to Tactile Social Interaction: A Handshake**  
11:15 - 11:50  
Stofa: K-3  
Kringlunni 1  
Þetta er rannsókn á því hvernig hægt er að herma eftir mannlegum samskiptum, milli tölvuteiknaðra persóna, sem byggjast á snertingu, nánar tiltekið er hermt eftir handabandi tveggja persóna í þrívíddarheimi. Aðferðin nýtir persónukvikvélna SmartBody ásamt nýjum BML skipanastaðli, en þessi töl hafa ekki áður verið notuð til að framkalla snertingu.  
**Samstarfsaðili:** HR. **Nemandi:** Óskar Vatnsdal Guðjónsson.

**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK**  
REYKJAVÍK UNIVERSITY  
www.hr.is

*Nemendur sem eru að íhuga nám við skólann eru sérstaklega hvattir til að mæta.*

# Faraldur sem ekki er rætt um

Talið er að um 700 virkir sprautufíklar séu hér á landi. Á hverju ári fjölga mjög í þeim hópi og með hverju árinu eykst álagið á lögreglu og heilbrigðisstarfsmenn mjög vegna meðhöndlunar langt leiddra fíkla. *Karen D. Kjartansdóttir* ræddi við fjölda heilbrigðisstarfsmanna um málið. Allir sögðu þeir sömu söguna hvort sem þeir störfuðu á gjörgæslu, geðdeild, mæðravernd eða annars staðar í kerfinu. Álag vegna langt leiddra fíkla eykst, dauðsföllum fjölga og kostnaður samfélagsins eykst samhliða.

**A**hverju ári virðast bæstast um 70 til 110 sprautufíklar í hóp þeirra sem fyrir eru hér á landi,“ segir Valgerður Rúnarsdóttir, yfirlæknir á Vogu, en talið er að nú séu um 700 virkir sprautufíklar hér á landi. Til samanburðar má nefna að það er nær sami fjöldi og er skráður til heimilis á Seyðisfirði.

Valgerður segir hlutdeild þessara fíkla í hópi þeirra sjúklinga sem leggjast inn á Sjúkrahúsið á Vogu sífellt að aukast og vandamálin samhliða þeim með. „Þeim mun lengur sem fólk er í neyslu þeim mun fleiri fylgikvillar hrjá það og þeim mun meiri persónuleikabreytingar verða á því. Þetta er mjög erfiður og sístækkandi hópur og skelfilegt að horfa upp á veikindi þeirra,“ segir Valgerður. Hún útskýrir að íslenskir sprautufíklar sprauti sig einkum með örvandi efnunum og fari mikið fyrir þeim í umhverfinu, þá séu þeir sérlega útsettir fyrir sýkingum og oft með króniska sjúkdóma.

Valgerður segir að þó enn sem komið er hafi heróín ekki náð útbreiðslu hér á landi gæti breyting orðið á því og þurfi fólk að vera vel vakandi fyrir slíku.

## Álag á smitsjúkdómadeild vegna sýkra sprautufíkla

Magnús Gottfredsson, yfirlæknir smitsjúkdómadeildar Landspítalans, segir álag þar hafa aukist verulega vegna meðhöndlunar fíkniefnaneytenda. Hann segir alvarlegar en sjaldgæfar blóðsýkingar, meðal sjúklinga sem stundum ná í hjarta eða heila, færast í vöxt en fíkniefnaneysla eykur mjög hættu á slíkum sýkingum.

„Þetta eru lífshættulegar sýkingar og dánartíðnin fimmtán til þrjátíu prósent. Samt sjáum við í rauninni bara toppinn á ísjakanum. Það er mjög átakanlegt að horfa upp á þetta fólk sem ætti að eiga framtíðina fyrir sér láta lífið eða glíma við króniska sjúkdóma af völdum fíkniefnaneyslu,“ segir Magnús. Hann segir að fyrir skömmu hafi í raun verið sjaldgæft að sprautufíklar lægju inni á smitsjúkdómadeildinni. Í fyrra hafi staðan hins vegar versnað og allt að fjórir til fimm fíklar verið þar inniliggjandi á sama tíma.

„Við höfum horft upp á mjög sorglegar afleiðingar þess hversu illa getur farið þegar þessir einstaklingar ná ekki bata,“ segir Magnús en bendir á að á smitsjúkdómadeild og gjörgæsludeild leggst aðeins inn brotabrot virkra fíkla, vandinn sé því mun viðfeðmari.

„Yfirleitt er þetta ungt fólk og til mikils að vinna að koma því til heilsu aftur en reynsla hefur því miður verið sú að það gengur ekkert sérstaklega vel því þetta er það erfiður og sterkur sjúkdómur,“ segir hann.

## Faraldur sem þagað er um

Á geðdeild Landspítalans fjölga fíklum mjög. „Ástandið er í raun orðið skelfilegt og sést vel á því að á sex árum held ég að af þeim sem leggjast inn á geðdeild hafi hlutdeild langt leiddra fíkla aukist um 60 til 80 prósent meðal þess fólks sem leitar á bráðþjónustu geðdeildarinnar,“ segir Sigurður Örn Hektorsson, geðlæknir á Landspítalanum.

„Þegar fólk glímir við lyfjafíkn er oft mjög erfið að koma auga á hvað er orsök og hvað er afleiðing,“ segir hann og útskýrir að geðræn vandamál séu oft tilkomin vegna vímuefnanotkunar en hins vegar sé það ljóst að fólk með geðræn vandamál sé líklegra til að neyta ávana- og fíkniefna en aðrir.



**SPRAUTUFÍKLUM FJÖLGAR UM 70 TIL 110 Á ÁRI** Á síðasta ári voru 95 manns greindir með lifrabólgu C en hún smitast aðallega með óhreinum nálum. Um 60 prósent virkra sprautufíkla eru sýktir. Áhættumeðgöngum fjölga samhliða fjölgun fíkla sem og álag á nær öllum sviðum heilbrigðiskerfisins. Nú er talið að um 700 virkir sprautufíklar séu á landinu.

Sigurður segir að mjög hafi færst í vöxt að fólk sem hefur verið í vímuefnaneyslu og endar á geðdeild biðji lækna um meðhöndlun við ofvirkni og athyglisbrest. Slík meðhöndlun sé vitanlega sérlega vandmeðfarin þar sem vitað er að fíkniefnaneytendur ásælast gjarnan lyf sem notuð eru við þeirri röskun, svo sem Concerta og Ritalín.

„Það þarf að standa mjög á bremsunum þegar lyfjum er ávísað til þeirra sem eiga sögu um misnotkun á lyfjum. Sjálfur ræddi ég nýlega við fanga hér á landi sem sagði mér frá því að hann hefði til skiptis sprautað sig með Contalginu og Ritalíni dag hvern,“ segir Sigurður. Slíkar frásagnir af misnotkun löglegra lyfja segir hann sýna glögglega hve mjög þarf að vanda til verka við útskriftir á lyfseðlum.

„Mér finnst fólk hafa lokað mjög augunum fyrir því hve fíkniefnaneysla hefur vaxið mjög í samfélaginu. Staðreyndin er sú að hér á landi er mikil neysla harðra efna og á því verður að taka. Áður en það er hægt verður fólk þó að átta sig á því hve viðföðmt vandamálið er orðið. Í raun má segja að hér sé kominn upp faraldur en um hann er þagað.“

## Lifrabólga breiðist út

„Það er nokkuð ljóst að fíkniefnaneysla hér á landi hefur mikil áhrif á lifrabólgu hér,“ segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir. Lifrabólga C er langalgengasta lifrabólga hér á landi. Hún smitast með sýktu blóði og er meginþorri þeirra sem smitast fíkniefnaneytendur sem sprautu sig.

Á undanförmum fimmtán árum hefur lifrabólga C breiðst mikið út hér á landi samhliða fjölgun sprautufíkla. Lifrabólgan getur skemmt eða truflað starfsemi lifrarinnar þannig að efni úr blóði skiljast síður út með galli. Um það bil 80 prósent þeirra sem smitast fá viðvarandi lifrabólgu og hluti þeirra fær svo skorpulífur og lifrarkrabbamein.

Haraldur segir að þótt til sé meðferð sem getur læknað lifrabólgu reynist hún sjúk-

lingunum mjög erfið, meðferðin taki marga mánuði, aukaverkanir séu algengar. Þar að auki þurfi að sprauta sjúklingana og fyrir sprautufíkla sem eru að reyna að ná bata reynir slíkt mjög á og verður mjög oft til þess að þeir falla í sama farið og sjaldnast er meðferðin reynd á virkum fíkniefnaneytenda.

Haraldur segir að árið 2007 hafi 95 manns greinst með lifrabólgu C. Það sé umtalsverð aukning miðað við árin á undan en árið 2006 greindust 56 manns og árið 2005 voru 44 greindir með sýkinguna.

Úr sjúklingabókhaldinu á Sjúkrahúsinu Vogu fyrir árið 2006 má lesa, að rúmlega 14 prósent þeirra sem hafa sprautað sig einu sinni til tíu sinnum í æð, hafa smitast af lifrabólgu C. Meðal þeirra sem sprautu sig reglulega í æð, hafa rúmlega 60 prósent fengið sýkinguna. Rúmlega 300 virkir sprautufíklar eru því sýktir af C-lifrabólgu og eru að smita aðra.

## Fjölgun dauðsfalla ungs fólk á gjörgæslu tekur á

Þóroddur Ingvarsson, læknir sem rannsakað hefur málefni sprautufíkla, segir að í fyrra hafi 38 prósent þeirra sem voru lagðir inn vegna sprautufíklar látið lífið, eða alls sex manns, en enginn þeirra sprautufíkla sem lágu á gjörgæslu árið 2003 lést. Mjög hefur færst í vöxt að nauðsynlegt sé að meðhöndla sprautufíkla á gjörgæslu samkvæmt gögnum hans. Meðalaldur fíklanna er mun lægri en

annarra sem þagað leggjast. Dánartíðni þeirra er þó meira en helmingi hærri en annarra sjúklinga. Alla þá sjúklinga sem létust á gjörgæslunni í fyrra sem tilheyrðu hópi sprautufíkla segir hann hafa verið ungt fólk. Mjög hafi tekið á að sjá svona fara fyrir því.

Í gögnum hans kemur fram að meira en einn af hverjum tíu sem lagðir eru inn á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi kemur þagað vegna afleiðinga vímuefnastands. Hann segir hlutdeild sprautufíkla í þessum hópi aukast og og dánartíðni þeirra einnig eins og sést á tölunum.

Ástæður fyrir innlögnum fíklanna á gjörgæslu segir hann oftast hafa verið sýklasótt, eða blóðeitrun eins og hún var kölluð áður. Næst á eftir var ofskömmtu, því næst sjálfsvígstilraunir og þá voru alvarlegir áverkar algeng ástæða. Aðrar ástæður voru til dæmis heilahimmubólga, lifrabíllun, öndunarbilun og krampar.

Rannsókn Þórodds náði frá árinu 2003 til 2007. Í þeim gögnum kom fram að við innlagnir vegna sprautufíklar var algengast að fíklar hefðu sprautað sig með afmetamíni, því næst contalginu, í þriðja sæti var kókaín. Í aðeins eitt skipti var sjúklingur lagður inn á gjörgæslu eftir að hafa sprautað sig með heróín en sem dæmi um hugmyndaauðgi og örvæntingu langt leiddra fíkla má nefna að einn þeirra sem meðhöndlaður var á gjörgæslu hafði sprautað sig með Biotex-blettavíði.

„Niðurstöður þessarar rannsóknar gáfu fyrst og fremst vísbeningar um að neyslunystur sprautufíkla er að breytast til hins verra. Á árunum 1998 til 2002 þekktist það varla að sprautufíkill legðist inn á gjörgæslu vegna afleiðinga neyslu sinnar. Mikil breyting hefur orðið þar á auk þess sem dauðsföllum hefur fjölgað mjög,“ segir Þóroddur.

## Læknadóp og heróín

Það vekur athygli hve stór hluti íslenskra sprautufíkla hefur ánetjast contalginu en það er lyfseðilsskyllt lyf sem aðeins læknar ávísa. Jakob segir að það geti verið álíka hættulegt og heróín. „Heróín er þó hættulegra að því leyti að erfiðara er að segja til um styrkleika efnanna sem koma frá fíkniefnasöllum,“ segir hann og bendir á að fíklarnir viti vel hver styrkleiki hverrar töflu af contalginu sem þeir leysa upp sé.

Valgerður segir að frá árinu 2000 til 2005 hafi fíklum sem sprautuð sig með contalginu fjölgað um það bil 45 á ári. „En eftir að strangara eftirlit tók við hjá læknum við ávisanir á þessu efni hefur mjög dregið úr notkun þess að því er okkur hjá SÁÁ sýnist,“ segir hún en bætir við að svokölluð viðhaldsmeðferð sem SÁÁ hefur veitt contalgin-fíklum hafi einnig haft sitt að segja um að dregið hafi úr notkun þess.

Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir hefur bent á að Lyfjagagnagrunnurinn sem tekkinn var í notkun árið 2003 gerði eftirlit Landlæknis á lyfjavísunum lækna mun auðveldara í framkvæmd og því hafi tekist að draga úr misnotkun á lyfjum eins og ritalíni og contalginu.

Matthías hefur þurft að súpa seyðid af því og meðal annars fengið fjölda líflátshótana vegna eftirlitsins. Fréttblaðið greindi frá hótunum í janúar en þá sagði Matthías að fjölgun hótana fíkla í garð lækna kynni að vera hluti skýringarinnar á því hve sumir læknar virtustu órlátir á lyfseöla. Hvatti hann lækna til að láta ekki undan hótunum örvæntingarfullra fíkla í lyfjaleit heldur kæra þær til lögreglu.

Jakob Kristinsson, dósent í eiturefnafræði, undirbýr nú mikla rannsókn á umfangi og afleiðingum fíkniefnaneyslu. Hann segir tölur frá árinu 2002 hafa sýnt að fleiri fíkniefnaneytendur létust hér á landi miðað við höfðatölu vegna eitruna en var á sama tíma í Svíþjóð og Finnlandi. Í Danmörku látast heldur fleiri en hér á landi en Norðmenn skera sig úr meðal Norðurlandþjóða og eru með langflest dauðsföll af völdum fíkniefna. Skýringuna á ástandinu meðal Norðmanna og Dana telur Jakob vera hve heróín hefur orðið landlægt þar.

„Hér á landi er aðeins vitað um tvo sem hafa látist af völdum heróíns enda hefur það aldrei náð mikilli útbreiðslu hér á landi.“

Spurður hvort hann telji að mikil misnotkun lyfseðilsskyldra lyfja hér á landi hafi komið í vegg fyrir af heróínsalar næðu fötöfestu hér á landi segir hann að það kunni að eiga sinni þátt í því. Ekkert sé þó hægt að fullyrða í þeim efnunum en fyrirhuguð rannsókn kunni að geta varpað frekara ljósi á málið.

## KOSTNAÐUR VIÐ FÍKIL UM 310 PÚSUND Á MÁNUÐI

Vaxandi fíkniefnanotkun er ekki einangrað vandamál hvers fíklis og fjölskyldu hans heldur samfélagsins alls. Samfara fjölgun fíkla fjölga afbrotum auk þess sem álag og kostnaður við heilbrigðiskerfisins vex. Kostnaður hins opinbera af manneskju sem er í mikilli fíkniefnaneyslu og stundar ekki vinnu er að meðaltali 317.489 krónur á mánuði, samkvæmt kostnaðargreiningu sem matsrannsóknastofan Ísmat skilaði af sér í síðasta mánuði. Matið var gert fyrir Krýsvíkursamtökin, sem annast langtíma-meðferð langt leiddra fíkniefnaneytenda.

Niðurstöður greiningarinnar leiddu hins vegar í ljós að kostnaður við eitt meðferðarrými hjá Krýsvíkursamtökunum, var samtals 280.937 krónur á mánuði.

Matið fór þannig fram að rætt var við 20 manns sem þar dvöldu í febrúar og safnað heimildum um þá þjónustu og aðgerðir sem samfélagið hafði veitt þeim svo sem í heilbrigðiskerfi, af lögglýfivöldum vegna afbrota, dómstóla og við aflplánun refsinga. Miðaðist gagnaöflunin við árið 2007 er

fólkið kom til Krýsvíkur. Ekkert af fólkinu hafði verið við vinnu eða í námi mánuðina fyrir meðferð.

Segir Björk Ólafsdóttir, matsfræðingur Ísmats, segir að stærsti hluti ábatans sé til kominn vegna sparnaðar sem verður við að fíkniefnaneytenda sé haldið fjarri afbrotum.

Björk bendir þó á að einstaklingarnir sem þarna dvelja séu mjög misjafnir. Sumir fíklanna kosti samfélagið mjög mikið og keyri tölurnar upp á meðan aðrir, þá sérstaklega konur sem stunda sjaldnar innbrot og skemmdarverk, kosta samfélagið mun minna. Heildarniðurstöðurnar segir hún koma heim og saman við fjölda erlendar rannsóknir. Þær sýni glögg að það kostar samfélagið minna að veita langt leiddum fíkniefnaneytendum aðhlyningu á meðferðarheimili eins og Krýsvík heldur en það sé á götunni. Þar sem fólk fjármagni neyslu með afbrotum og þurfi oft að leita læknishjálpar sem það þarf aðallega á að halda vegna langvarandi fíkniefnaneyslu og áverka sem það hljóti undir áhrifum svo sem vegna átaka.





Með bílinn handa þér

# RÉTTI TÍMINN TIL AÐ SKIPTA

- ↘ 3 ára verksmiðjuábyrgð.
- ↘ Ný hönnun og enn meiri gæði.
- ↘ Freelander bíll ársins 2008.
- ↘ Vegleg afmæliskjör í boði Land Rover og B&L.  
1% afsláttur fyrir hvern áratug í sögu Land Rover eða samtals **6% afsláttur** af verði allra Land Rover bíla í takmarkaðan tíma.



## Range Rover Sport

Afmælisverð kr.

**9.729.000**

Áður kr. 10.350.000



## Discovery

Afmælisverð kr.

**7.040.000**

Áður kr. 7.490.000



## Range Rover

Afmælisverð kr.

**12.110.000**

Áður kr. 12.890.000



## Freelander

Afmælisverð kr.

**5.480.000**

Áður kr. 5.830.000

Stöðugar og vaxandi vinsældir Land Rover eru engin tilviljun. Þeir sem kunna að meta trausta og vandaða jeppa víta að í Land Rover fá þeir bestu gæði sem völ er á, hvort sem litið er til tækninýjunga, frágangs eða efnisnotkunar. Land Rover hefur ávallt haldið tryggð við uppruna sinn. Merkið er enn þann dag í dag tákn ævintýra, áskorana og áræðni. Í 60 ár hefur Land Rover komið fólki á staði sem það færi ekki á annars. Terrain Response kerfið, sem nú er komið í alla línuna, bæði Land Rover og Range Rover, tryggir fullkomna aksturseguleika hvort sem ekið er utan eða innan alfaraleiðar. **Griptu tækifærið til að skipta í betri bíl og nýttu þér tímabundið 60 ára afmælisverð á Land Rover.**

60  
YRS



GO BEYOND

# Kynlíf hefur ekki breyst

**Dr. Ruth Westheimer**, kynlífsfræðingur og athafnakona er stödd hér á landi til að taka þátt í tveggja daga Tilraunamarþoni sem er haldið nú um opunarhelgi Listahátíðar Reykjavíkur. *Klara Kristín Arndal* náði tal af henni í Hafnarhúsinu og ræddi við hana um listir, kynlíf og heimildarmyndagerð.

**É**g lít ekki á mig sem listamann þó ég sé hingað komin.“ útskýrir Dr. Ruth þegar hún er spurð að því hvað hún sé að gera á Tilraunamarþoni Listasafns Reykjavíkur. Aðdragandinn að komu hennar hingað til Íslands er að fyrir nokkrum vikum sá hún sýningu á Guggenheim-safninu í New York þar sem listamaður notaði flugelda í sýningu sinni. Það sem fangaði athygli hennar voru sekúndurnar rétt áður en flugeldarnir sprungu. Hún tengdi þessar sekúndur við sitt sérsvið sem er kynlífsráðgjöf og meðferð. „Ég tengdi þetta við sekúndurnar áður en kona fær fullnægingu. Ef hún hugsar með sér að hún muni aldrei fá fullnægingu þá fær hún hana ekki. Það sama á við karlmanninn í kynlífi. Ef hann hefur áhyggur af því að hann nái ekki að halda stöngu lengi þá tekst honum það ekki.“ Dr. Ruth vill meina að hugmyndaflugdi og hugarórar okkar séu mjög mikilvægir í kynlífi og að við megum ekki láta hugann skemma fyrir okkur og stjórna. Þessa tengingu milli listarinnar og kynlífs sá hún sem kjörið tækifæri til að nota í sinni ráðgjöf og hennar hugmynd er að miðla þessari tengingu á þessari tilraunahátíð.

Dr. Ruth viðurkennir að hún viti lítið um hvað Tilraunamarþonið gengur út á og að hún hafi lítið fengið að vita áður en hún lagði af stað til landsins. „Ég er ekki tilbúin til að taka þátt í gjörningum eða öðrum listrænum uppákomum,“ segir hún. „Ég er mjög varkár því að ég vil ekki að vinna mín með kynlíf og ráðgjöf sé notuð þar sem hún á ekki heima. Því hefur verið ákveðið að Hans Ulrich Obrist, einn sýningastjóra hátíðarinnar, spyr mig og listakonuna Marina Abramovic spurninga og við munum svo skiptast á hugmyndum. Þetta verður eins konar umræðu-uppákoma tengd listum og kynlífi,“ útskýrir hún, „og fer þetta fram í dag, sunnudag.“

## Kynlíf í beinni og fræðslumyndbönd fyrir Playboy

Dr. Ruth er vel menntuð kona. Hún nam sálfræði við Sorbonne-háskóla í París. Hún útskrifaðist með mastersgráðu í félagsfræðum og svo doktorsgráðu í kennslufræðum frá háskólum í Bandaríkjunum. Aðdragandinn að því að hún fór út í kynlífsráðgjöf var sá að henni bauðst rannsóknarstaða við fjölskylduráðgjöf í Harlem, New

York. Í því starfi ráðlagði hún fólki varðandi barneignir og getnaðarvarnir. „Í upphafi hugsaði ég með mér að eitthvað hlýti að vera að öllu þessu fólki sem kom til mín. Það talaði ekki um veðrið, vinnuna sína eða lífið almennt, heldur töluðu allir um kynlíf. Tveimur dögum eftir að ég byrjaði fékk ég þá hugmynd að kannski væri kynlífsráðgjöf frekar það sem þetta fólk þyrfti á að halda. Ég fann þó að ég þyrfti sjálf að læra meira um kynlíf, því mörgum af þeim spurningum sem ég fékk gat ég ekki svarað.“ Dr. Ruth notfærði sér rannsóknir sínar á 2000 konum sem hún fylgdi eftir á meðan hún sinnti starfinu. Hún fór í frekara nám við Cornell-háskóla, þar sem hún lærði og vann undir leiðsögn Dr. Helen Singer Kaplan í sjö ár, en Dr. Ruth þakkar henni leiðsögnina í öllum sínum bókum.

Árið 1980 fór Dr. Ruth af stað með fimmtán mínútna útvarpsþátt sem bar nafnið Sexually Speaking. Ári síðar breyttist þátturinn í klukkustundar langan þátt í beinni útsendingu þar sem fólk hringdi inn og fékk kynlífsráðgjöf. Ekki leið á löngu þar til hún

mynda. Mín vinna snýst einungis um kynlífsfræðslu og sambönd. Ég geri mér grein fyrir því að hún milli kynlífs og kláms er hárfín, þess vegna fer ég alltaf mjög

„Nú vita fleiri konur að það er þeirra ábyrgð að sjá til þess að þær fái fullnægingu, að þær þurfa að sýna og kenna manninum það sem þær vilja í kynlífi.“

var komin með sinn eigin sjónvarpsþátt. Hún hefur skrifað bækur og í blöð, gefið út myndbönd, tölvuforrit og heimasíðuna www.drruth.com. Í dag eru bækur hennar orðnar þrjátíu og ein talsins. „Ég hef alltaf passað mig á því að verk mín verði ekki klámfengin því það er ekki það sem vinna mín snýst um. Í bókum mínum hef ég aldrei viljað hafa ljósmyndir af allsberu fólki í mismunandi stellingum. Myndirnar sem ég hef notað við eru teiknaðar og ég kem aldrei nálægt þeirri vinnu því yfirleitt eru notuð mólél til að teikna eftir. Í myndböndunum mínum er það sama upp á teningnum, ég nota aldrei við myndefni. Ég hef meira að segja gert tvö fræðslumyndbönd fyrir Playboy án



**DVÖLIN Á ÍSLANDI** Dr. Ruth hefur aldrei komið til Íslands áður en er hæstánægð með að hafa fengið tækifærið til þess. „Ég er búin að skoða borgina sem mér þótti mjög gaman, svo fór ég í Bláa lónið þar sem ég fékk nudd. Það var alveg frábært og ég er algerlega endurnærð eftir það“, segir hún og hlær.

þær megi aldrei stunda kynlíf í leggöng eftir endaparmsmök vegna sýkingarhættu.“

## Kynlífslæsi og brúður fyrir börn

Dr. Ruth hefur mikið talað um mikilvægi þess að vera kynlífslæsi. Með því meinar hún að fólk þurfi að þekkja líkama sinn og skilja kynlífsþarfir hans. „Ég var með mann í meðferð hjá mér fyrir stuttu síðan. Hann bjó hjá móður sinni en hún þekkti ekki til blautra drauma. Alla tíð hafði hún reiðst honum fyrir að pissa undir þegar það var alls ekki raunin og því fylltist hann ávallt sektarkennð þegar þetta gerðist. Þarna er kynlífslæsi ekki til staðar.“ Hún bendir einnig á að í dag byrja stúlkur fyrr á blæðingum en áður og krakkar fara yngri að stunda kynlíf. Þess vegna er mikilvægt að fræða þau ung um kynlíf og líkamann til þess að þau skilji betur hvað þau eru að gera og upplifa. Dr. Ruth hefur unnið við fleira en það sem tengist kynlífi. Hún hefur framleitt þrjár heimildarmyndir sem allar fjalla um fjölskylduna. „Heimildarmyndavinnan hentar mér vel. Þær taka yfirleitt ekki langan tíma, ég vinn þær á sumrin þannig að ég get sýnt þær í minni kennslu á vorin. Ég nenni heldur ekki alltaf að vinna með kynlífsráðgjöf, þá færi mér að leiðast,“ útskýrir hún.

Dr. Ruth hefur einnig leikið lítil hlutverk í nokkrum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum og hefur leik-

ið í auglýsingum og lesið inn á hljóðbækur fyrir börn. Núna nýlega hefur hún gert fræðslufni í sjónvarpi fyrir börn þar sem hún notar brúður til að þjálfva börn í að lesa löng og erfið orð. Dr. Ruth verður áttíu ára en þrátt fyrir háan aldur virðist hún hafa endalausa orku og tíma fyrir öll sín verkefni. „Ég sé til þess að ég fái alltaf átta tíma svefn og að fólk hringi ekki í mig fyrir klukkan níu á morgnanna. Ég finn líka að á meðan ég er að gera hluti sem ég hef áhuga á, þá hef ég orku.“ Í sumar ætlar hún að kynna sjálfsævisögu sína sem hún skrifaði sjálf, Musically Speaking, a life with song, og koma henni yfir á DVD. Í henni skrifar hún um mikilvægi tónlistarinnar í sínu lífi. Dr. Ruth fæddist árið 1928 og er hún af gyðingættum. Hún missti foreldra sína tíu ára gömul og var send til Sviss á heimili fyrir mun- aðarleysinga, en þangað voru mörg gyðingabörn send frá Þýskalandi til að forða þeim frá útrýmingu. „Ég tilheyrði engri þjóð í mörg ár og átti enga peninga,“ útskýrir hún. Dr. Ruth fór sautján ára til Ísrael og barðist fyrir sjálfstæði landsins. Seinna fluttist hún til Parísar þar sem hún stundaði nám og vann fyrir sér á leikskóla. Árið 1956 fluttist hún svo til Bandaríkjanna þar sem hún hefur búið síðan. „Tónlist hefur hjálpað mér að komast í gegnum mörg erfið tímabil í mínu lífi,“ útskýrir hún.

# HORFST Í AUGU VIÐ *dreka*

maí 2008

**menning**

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR ]

Facing China á Akureyri og umhverfisslys  
í boði Ólympíuleikanna í Peking í sumar



Liu Ye: Hún er ekki smeyk við Mondrian, 1995, 200 x 170 cm, olía á striga. Birt með góðsúlegu leyfi listamannsins og Listasafns Akureyrar.

## HÁTÍDAHÖLDIN HAFIN

Páll Baldvin Baldvinsson skrifar

Fyrstu listahátíðir sem hér voru haldnar spruttu upp beint í í kjölfar stofnunar Lýðveldisins: samsettar dagskrár sem innibáru allar listgreinar voru teknar með og leitað í þau hús sem voru gjaldgeng: Myndabók Jónasar Hallgrímssonar í samantekt Halldórs Laxness var flutt af fríðum flokki leikara í stóra bragganum við Suðurgötu. Tveimur áratugum síðar, um miðjan sjöunda áratuginn, voru íslenskir listamenn enn að húa í hátíðir, slá saman í dagskrár. Aðkoma Ragnars í Smára, Ivars Eskeland og Vladimírs Ashkenazy að hátíðinni 1970 studdist því við öflugan bakhjarl íslenskra listamanna. Þeir eru enn bakhjarlar hennar þótt hin erlenda áhersla sé alltaf meira áberandi.

Lestur í sögu hátíðarinnar, sem hófst á fimmtudagskvöld og setur mark sitt á þetta blað í dag, ætti eðli máls samkvæmt að vera í annarra höndum en hátíðarinnar sjálfar. Síðgotungum þessarar nær fertugu móður fjölgrar stöðugt: Listahátíðin er með einum og öðrum hætti móðir allra þeirra hátíða sem nú setja svip sinn á menningar- og samkomuhald um allt land.

En það er fleira matur en feitt kjöt, virkir dagar fleiri en tyllidagar. Listahátíðin er daglegur viðburður í mörgum miðlum misfín, misstíllt, og þeim sem að standa misjafnlega hampað. Þeir sem standa fyrir hátíðahaldinu hafa kosið að hlamma opnunum á flestum sýningum sem hátíðin inniber á fyrstu 48 klukkustundirnar – 22 sýningar opna þá um allt land. Og rétt eins og fagna má þessum mikla straumi myndlistarupplifana verður að hafa verulegar áhyggjur af því hvort það þjóni hagsmunum hina fjölmörgu aðila sem standa fyrir sýningarhaldinu undir stórrí regnhlíf Listahátíðar að láta allt fara af stað í einu: fjölmíðlun í landinu ræður einfaldlega ekki við svo stóran pakka. Hvers vegna er þetta svona? Jú, það er stefna forráðamanna Listahátíðar að gera þennan hveit að blaðafni í erlendum tímaritum um myndlist. En árangur í kynningarstarfi á myndlist eða hvaða liststefnu sem er má Listahátíð í Reykjavík ekki mæla í dálksentimetrum í erlendum tímaritum. Hátíðin er ekki fyrir erlenda blaðamenn, ekki einu sinni fyrir erlenda gesti – hún er fyrir þá sem búa hér á landinu og borga brúsann, bæði í beinum styrkjum til hátíðarinnar og eins í gegnum styrktarfé fyrirtækja til hennar. Það er almennigur á Íslandi sem stendur undir þessu hátíðahaldi.

Liðið sem sækir opnanir verður búið á því þegar þessi fjörutú og átta tíma törn er yfirstaðin og blaðamennirnir verða farnir heim til sín. Þeir hafa þá lent í þeim ósköpum að reyna að sjá eitthvað í salíbunum sinni í gegnum alla þessa myndlist. Það væri kannski ráð að gefa sumum fastagestum á boðlistum Listahátíðar og samstarfsaðilum frí og bjóða á opnanir einhverjum þeim þremur fjórðu almennings í landinu sem aldrei fer á myndlistarsýningar.

## LJÓÐIÐ

Sigfús Daðason

Í BLÖÐUNUM okkar

sem við lesum daglega er nú varla nema um tvennt að velja: vitleysu eða óþverra.

Brátt rennur upp nýtt árþúsund.

– Að líkindum hið síðasta.  
Óþverrinn hrannast upp hvarvetna.

Við því mun og þurfa að búast að vitleysan ómenguð nái þá fullum undirtökum á blöðunum okkar

sem við hljótum að sönnu halda áfram að lesa ótrauð hvern dag sem Guð kann að hafa ætlað þeim aldur.

Ljóðið birtist í bók Sigfúsar Daðasonar Og hugleiða steina sem kom út 1997.

## HVALREKI DANSUNNENDA

Einn þekktasti nútímadansflokkur norðursins, Carte Blanche frá Björgvin, slær sér saman við Íslenska dansflokkinn og flytja flokkarnir tveir saman verkið Ambra í þrjúgang hér í vikunni á Listahátíð og fara síðan á Tónlistarhátíðina í Bergen og ljúka sýningum þar. Höfundurinn er *Ina Christel Johannessen* og verkið heitir Ambra.

DANSLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Það eru ekki bara íslenskir dansarar sem koma að verkinu. Kira Kira og Hildur Ingvaldardóttir Guðnadóttir sem báðar eru þekktar hér á landi sem tónlistarmenn og tónsmiðir semja tónlist við verkið ásamt þýskum samverkamanni sínum Dirk Desselhaus. Leikmynd og búninga gerir Kristina Torp, ljós hennar Kyrre Heldal Karlsen en hljóði Morten Cranner. Verkið tekur 70 mínútur í flutningi. Alls kemur tuttugu og einn dansari fram í sýningunni sem verður á Stóra sviði Borgarleikhússins. Koma Listahátíðirnar báðar að framléiðslu verksins.

Uppspretta hugmyndarinnar er bláhvalur sem rak á land á strönd Jan Mayen árið 2001. Beinagrind hans er á safni í Noregi og verður notuð í sýningunni. Höfundar vilja nota sögu hvalsins, þessa ótrúlega dýrs sem syndir um heimsins höf áratugum saman. Hvalurinn virðist ætíð vita nákvæmlega hvert hann á að fara og gefur frá sér hljóð á „tungumáli“ sem er einstakt og vísindamenn kappkosta enn að skilja.

Sýningin er ódur til hvalanna, framléidd af listafólki sem kemur frá löndum sem enn stundar hvalveiðar þrátt fyrir viðtæk mótmæli um heim allan.

Verkið fjallar um samskipti milli þjóða og einstaklinga, ferðir okkar, leyndardóma og þrár.

Norski nútímadansflokkurinn Carte Blanche höfðar til stórs áhorfendahóps með framúrskarandi norskum og alþjóðlegum nútímadansi. Sem „repertory company“ á hann samstarf við marga þekkt norska og alþjóðlega danshöfunda. Flokkurinn er einstakur vettvangur fyrir norska danshöfunda til að skapa ný verk. Þar eru fremstar í flokki þær Ingun Bjørnsgaard, Ina Christel Johannessen og Eva-Cecilie Richardsen.

Flokkurinn leitast einnig við að kynna áhorfendum sínum verk eftir erlenda danshöfunda á heims-mælikvarða. Verkin eru unnin í nánú samstarfi danshöfundar og dansara flokksins þar sem dansararnir leika mikilvægt hlutverk í sköpun nýrra verka. Þetta leiðir til sívaxandi danshæfni og sköpunar-



gáfu hjá dönsurunum, sem aftur verður til að kveikja nýja sköpunar-neista hjá danshöfundunum.

Carte Blanche er rekinn af norska ríkinu, Hörðalandssýslu og Björgvin og er til húsa í Naustinu þar í bæ. Flokkurinn setur fjögur

til fimm verk á sviði á ári hverju en sýningar hans í Björgvin og annars staðar í Noregi eða erlendis nálgast sjöunda tuginn. Frá árinu 2000 hefur flokkurinn aukíð við áhorfendahóp sinn og sýnir nú fyrir um 20.000 manns á ári hverju.

Frá æfingum í Bergen í liðinni viku.

## Hjalti les ljóð Sigfúsar í Iðnó

Hjalti Rögnvaldsson, leikari og ljóð-aunnandi, heldur uppteknum hætti annað kvöld í Iðnó en þar hyggst hann lesa öll ljóð Sigfúsar Daðasonar en um þessar mundir er þess minnst að áttafú ár eru liðin frá fæðingu skáldsins. Hjalti hefur áður lagst í maraþonlestur á heildarsafni ljóða merkra skálda á tímamótum. Er skemmt að minnst lesturs hans fyrr í vetur á ljóðmælum Þorsteins frá Hamri sem dró að sér marga áheyrendur og stóð fram á nótt.

Í fyrra kom út greining Þorsteins Þorsteinssonar á ljóðheimi og verki Sigfúsar og hlaut mikið lof, meðal annars hin íslensku bókmenntaverðlaun. Var þar svipt hulu af mörgum óskýrum og földum kimum og strengjum í ljóðmælum Sigfúsar, tengslum hans við erlend skáld sem voru mikilvirk á fyrra helmingi síðustu aldar og höfðu mótandi áhrif á hinn unga Snæfelling. Skýrðir staðir í höfundarverki Sigfúsar urðu ljósari, erindi hans brýnna, hugsun hans beittari eftir þá bók.



Sigfús Daðason (1928-1996)

Í vikunni voru afhent Landsbókasafni öll gögn Sigfúsar við hátíðlega athöfn í Þjóðarbókhöðu. Þá er komið út hjá Forlaginu ljóðasafn Sigfúsar sem

geymir öll hans ljóð en fyrr var komið út ritgerðasafn hans. Fylgir ljóðasafninu ljóðdiskur með upplestri skáldsins á eigin verkum. Reyndir flytjendur hafa til þessa ráðist í upplestur á ljóðum Sigfúsar og sumir borið sig undan þeim hljóða og þunga straumi tilfinninga sem í ljóðum hans leynist. Nú gefst unnendum ljóðalesturs tækifæri til að eiga fund við skáldið.

Lesturinn í Iðnó hefst kl. 17 á morgun en þá verður lesið úr Ljóðum 1947-1951 frá 1951, kl. 19 verður farið með ljóðin úr Hendur og orð frá 1959. Fá ein ljóð frá 1977 og Útlínur bakvið minnið frá 1987 verður flutt kl. 21 og kl. 23 eru á dagskránni ljóð bókanna Provence í endursýn (1992) og Og hugleiða steina frá 1997.

Aðgangur er öllum velkominn meðan húsrúm leyfir en gestir eru beðnir að koma tímalega svo ekki verði rask á lestrinum eftir að upplesturinn hefst hverju sinni.

Daníel Þorkell Magnússon




**Kjarvalsstaðir**

18. maí – 31. ágúst 2008

**Draumar um ægifegurð í íslenski samtímalist**

Sýningarstjóri Ása Sigurjónsdóttir

Martha Schwartz



18. maí – 20. júlí 2008

**Martha Schwartz – I Hate Nature / 'Aluminati'**

# Listasafn Reykjavíkur

Roger Hiorns



**Hafnarhús**

15. maí – 24. ágúst 2008

**Tilraunamarabon/ Experiment Marathon Reykjavik**

Sýningarstjórar Hans Ulrich Obrist og Ólafur Elíasson

Ólafur Elíasson



Opnunartími:

Hafnarhús daglega 10 – 17, fimmtudaga 10 – 22

Kjarvalsstaðir daglega 10 – 17

Ásmundarsafn daglega 13 – 16

Aðgangur ókeypis

Listasafn Reykjavíkur er safnið þitt

Aðgangur  
ókeypis

Free  
admission

# MARGT Á SEYÐI Í TILRAUNAMARAÐONI

Stærsta verkefni Listasafns Reykjavíkur fram að þessu er Tilraunamaraðonið sem nú er hafið í Hafnarhúsinu gamla í Grófinni í Reykjavík. Það er sprottið undan rifjum Listahátíðar sem kallaði til þá **Hans Ulrich Obrist** og **Ólaf Elíasson** til að setja saman sýningu helgaða vísindum og listum. Hans hefur um nokkurt skeið staðið fyrir maraðonum í London þar sem hann starfar, bæði á ICA og í Serpentine Gallery í Hyde Park. Hann hefur kallað hingað mikinn fjölda merkra listamanna.

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON MYNDLIST

Obrist er afar virtur sýningarstjóri. Hann tók meðal annars saman stóru Kínasýninguna sem haldin var í Battersea-stöðinni fyrir fáum misserum, var einn sýningarstjóri á sýningu bandarískra myndlistarmanna sem hér var á ferð fyrir tveimur árum í samstarfi við Gunnar Kvaran og er því farinn að vera hér heimavannur. Þá hefur hann komið að þingum Eiddastóls á Héraði, unnið að gerð heimildarmyndar með Ara Alexander, meðal annars um Magnús Blöndal Jóhannsson.

Aðferð Obrist við undirbúning Tilraunamaraðona hefur víðast hvar verið söm: hann kallar til stóran hóp manna sem getið hafa sér gott orð á alþjóðavettvangi á ýmsum sviðum, gefur þeim frjálst spil innan settra marka, opnar listasöfn upp á gátt og breytir þeim í fundarstaði almennings við höfunda „listar“.

Tilraunamaraðonið hófst á föstudag og voru þá margir þekktir einstaklingar með atriði í langri dagskrá. Viðburðinum má skipta í tvo hluta, annars vegar maraðon þar sem hver tilraunin rekur aðra alla opunarhelgi Listahátíðar og hins vegar sýning á fjölda innsetninga sem stendur í Hafnarhúsinu mestan hluta sumars. Í fyrrahaust stóð Serpentine Gallery Experiment Marathon yfir í tvo daga en niðurstaða þess verður sérstaklega kynnt í Hafnarhúsinu í skála sem Ólafur Elíasson mun hanna með Einari Þorsteini Ásgeirssyni arkitekt. Obrist, byggir þennan viðburð að nokkru leyti á sýningu sem hann setti upp ásamt Barböru Vanderlinden árið 1999 í Antwerpen og hét „Laboratorium“. Gögn frá þeirri sýningu verða einnig hluti af sýningu Hafnarhússins. Viðburðurinn var unnin í samstarfi við Thyssen-Bornemiza samtímalistastofnunina.

Í dag hefst dagskráin þegar kl. 10 með tilleggi hinnar kunnu Dr. Ruth, bandaríska kynlífsfræðingsins, tilleggi hinnar skeleggu serbnesku myndlistarkonu, Marinu Abramovic og Hans Ulrich

Obrist. Marina er ein kunnasta myndlistarkona Serbíu um þessar mundir, fædd 1946 í Belgrad en býr í Hollandi. Hún vinnur mikið í ljósmyndum, gerningum og myndböndum. Nýtir oft líkama sinn sem myndefni og er myndheimur hennar ekki ósnortinn af þeim miklu átökum sem einkennt hafa Serbíu á liðnum árum. Hvernig Hans hyggst stefna þessum konum saman verður án efa spennandi. Marina lýsir verkefni dagsins sem sálarrannsóknarferðalagi og kallar eftir þátttöku gesta. Verk Marinu eru í öllum helstu söfnum Evrópu.

Aðrir listamenn sem eiga atriði í fyrsta holti maraðonsins í dag eru Þorvaldur Þorsteinsson sem kemur fram fyrir hönd bandaríska myndlistarmannsins Johns Baldessari en þeir hafa átt samstarf meðal annars á Eiddaþingum. Hinn kunnur upptökstjóri Bowie og U2 með meiru, Brian Eno, verður með höpsöng með þátttöku gesta úr sal, en þessa dagana er síðasta verk hans með Coldplay að koma á markað.

Haraldur Jónsson verður með gjörning tveggja einstaklinga sem eru með skilrúm á milli sín, en er ætlað að skynja tilfinningar hvors annars. Aðrir sem eiga verk í dag fyrir hádegishlé eru Thomas Bayrle, John Brockman og Atilla Csorgo.

Tilraunamaraðoninu heldur áfram eftir hádegishlé í dag. Þá verður meðal annars fluttur gjörningur sem hin kunna bandaríska listakona Carolee Schneemann hefur unnið í samvinnu við Erró, þar kemur við sögu ber kona ríðandi á hvítum hesti „live“

Roger Hiorns verður með sinn gjörning í A-sal, meðan hinar tilraunir fara fram í fjölnotasal. Tilraun hans hófst á föstudag og lýkur formlega í dag: Bílvél verður dýft ofan í upplausn sem hann hefur blandað sérstaklega áður fyrir framan áhorfendur, þar verður hún látin vera yfir helgina og dregin upp úr í lok sunnudagstilraunanna. Búast má við að vélin hafi tekið nokkrum umskiptum og verði í líkingu við bláa

kristallaða segulkubbinn sem prýðir allt kynningarefni Listahátíðar.

Rirkrit Tiravanija verður með skemmtilega tilraun: hann fær fólk til að innibyrða chili-pípar og mælir blóðþrýsting og fleiri líkamleg viðbrögð frá því byrjað er að borða og þangað til áhrifin ná hámarki og dofna. Allir eru velkomnir.

Gabríela Friðriksdóttir átti gott samstarf við hönnunarfyrtækið M/M í París þegar hún gekk frá sýningararkála sínum í Feneyjum fyrir þremur árum en hönnuðirnir hafa einnig unnið með Björk Guðmundsdóttur og aðilum sem vinna að uppbyggingu á Urriðaholti í Garðabæ. Þar verður verk Gabríelu afhjúpað á morgun eins og greint er frá á öðrum stað í þessu blaði. Tillegg Gabríelu á maraðoni verður flutt í eftirmiðdaginn.

Aðrir sem taka þátt í maraðoninu í eftirmiðdag eru listamennirnir Tony Conrad, Kristján Leósson og Emily Wardill.

Obrist hefur látið skrá öll fyrri tilraunamaraðon sem hann hefur staðið fyrir og fólu þeir Ólafur Einari Þorsteini að ganga frá hirslum undir skjalasafni. Verður það aðgengilegt hér í fyrsta sinn svo almenningur getur kynnt sér þá tilraun að rjúfa einangrun listanna og draga þær inn á svið opinberrar umræðu um fleiri svið mannglegrar tilveru. Í tilefni af Tilraunamaraðoni kemur út bók sem gerir grein fyrir þeim samfundum sem Obrist hefur boðað til á liðnum misserum.

Tilraunamaraðon Listasafns Reykjavíkur er afar kostnaðarsöm framkvæmd að öllu leyti og nýtur stuðnings margra aðila. Stærstu styrktaraðilar hennar er Orkuveita Reykjavíkur og Icelandair. Það er ákaflega viðeigandi að Orkuveita Reykjavíkur sé aðalstyrktaraðili sýningarinnar, þar sem vísindi og listir fléttast saman í sýningunni rétt eins og í nýsköpunarstarfi Orkuveitunnar. Nýting orku, vatns og varma er líka uppistaða margra tilrauna sem gerðar verða í Hafnarhúsinu.



Innsetning í D-sal á annarri hæð Listasafns í Hafnarhúsi eftir Carlos Cruz-Diez.

Mynd: Fréttablaðið/Valli

Icelandair hefur gert Listasafni Reykjavíkur kleift að bjóða til landsins flestum þátttakendum Tilraunamaraðonsins en í sýningunni taka þátt um eitt hundrad lista- og vísindamenn, frá tólf löndum og úr fimm heimsálfum. Auk þess eru hingað komnir, víða að, á þriðja tug erlendra blaðamanna sem munu gera sýningunum og Listahátíð í Reykjavík góð

skil í virtum alþjóðlegum listatimaritum. Icelandair hefur frá upphafi verið dyggur stuðningsaðili Listasafns Reykjavíkur og Listahátíðar í Reykjavík og gert menningarstofnunum kleift að bjóða hingað til lands virtum listamönnum og áhrifamiklum blaðamönnum víða úr veröldinni. Þá er bara að mæta og vera með.

## Sjofn Har. í Listhúsi Ófeigs

Skólavörðustíg 5 • 101 Reykjavík • Sími 551 1161

### INNSÝN

17.mai -4.júní 2008

Laugardaginn 17. maí opnaði Sjofn Har. sýningu á nýjum olíumálverkum sem hún nefnir INNSÝN.

Í þessum verkum hefur listakonan leitað nýrra leiða í sköpun sinni

í stað þess að horfa á landið í fjarska fer Sjofn inn fyrir og nær í myndheimi sínum.

Sjofn Har er fædd og uppalin í Stykkishólmi og lauk prófi frá Myndlista og Handiðaskóla Íslands 1973 og 74 ásamt framhaldsnámi við Konunglega Listaháskólann í Kaupmannahöfn 1984.

Listakonan hefur lagt stund á kennslu bæði hér heima og í Kaupmannahöfn.

Málverk, glerverk, skúlptúrar ásamt veggmyndum eftir Sjofn má finna í yfir 30 löndum.

Sjofn gerði skúlptúr fyrir úttflutningsverðlaun forseta Íslands 2001 og hefur haldið fjölda einkasýninga hér heima svo og í London, Kaupmannahöfn, New York og víðar.

Í dag hefur Sjofn Har. vinnustofu á Stokkseyri.

Listhús Ófeigs verður opið


virka daga kl. 10 til 18

laugardaga kl. 11 til 16

enginn aðgangseyrir  
allir velkomnir.

Sjofn Har art gallery/studeo • Listakálinn Hafnargötu 6 • 825 Stokkseyri  
Tel (+354) 8694 0367 / (+354) 5680404 • e-mail sjofnhar@sjofnhar.com • sjofnhar.is





SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

BANG & OLUFSEN

B&O

[www.bang-olufsen.com](http://www.bang-olufsen.com)

Síðumúla 21, Reykjavík. Sími 581 1100.



**Sucksass eftir ítalsku listakonuna Monica Bonvicini (f. 1965)** Í fjarska virðist orðið „success“ standa á hálsfestinni sem allir þjónar á Karrierebar bera um hálsinn. Orðið sucksass er hins vegar mun meira ógrandi og má skilja bæði sem skipun eða beiðni. Verk Bonvicini eru djörf og beinskeytt og einkennast af kynlífi, völdum, tungumáli og arkitektúr og hún hefur meðal annars sýnt verk sem fjalla um sadómasó kynlíf og spurningalista sem hún sendi til verkamanna og spurði til dæmis: „Hvað finnst konunni þinni um hrjúfar hendur þínar?“



**Fountain eftir ítalska listamanninn Massimo Bartolini (f. 1962)** Vaskur í miðjum barnum þar sem vatnið spýtist upp úr niðurfallinu í stað þess að renna úr krananum. Bartolini er upptekinn af vísindum og arkitektúr barokktímabilsins sem hann blandar við nútímalegan skilning á rökleysu og því afstæða.

# FRAMAGJARN *bar*

Systkinin Jeppe og Lærke Hein reka barinn „Karriere“ í kjötverkunarhverfi Kaupmannahafnar en staðurinn er heilt listakonsept sem skartar meðal annars verkum eftir Ólaf Elíasson.

MYNDLIST ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON

**K**arrierebar er kaffihús/bar/ veitingastaður á Vesterbro í Kaupmannahöfn, á torginu sem nefnt er eftir kjöti, Flæsketorvet. Barinnerumkringdur kjötverkunarhúsnæði þar sem stærðarinnar vörubílar eiga afdrepp milli kjöflutninga. Barinn opnaði snemma árs og er hugafóstur systkinanna Jeppes og Lærke Hein. Jeppe er danskur listamaður sem er þekktur á heimsvísu og systir hans Lærke hafði lengi unnið í veitinga- og næturlífsbransanum í Kaupmannahöfn. Að sögn Lærkes laust hugmyndinni niður í kollinn á þeim samstundis. „Við vildum safna saman listamönnum á heimsklassa og af öllum listsviðum og fengum frábær viðbrögð. Allir sem tóku þátt hjálpuðu til við að móta barinn með hugmyndum og gagnrýni.“ útskýrir hún. „Í raun er allt, sérhver hlutur, allt frá borðunum til lampanna, til krananna á barnum hluti af listaverki. En Karriere er allt öðruvísi en listasafn eða gallerí, hér er list-

ina að finna á stað þar sem fólk hittist yfir mat, kokkteil eða dans. Verkin deila rýminu með okkur öllum, verða hluti af upplifun okkar og svo er jafnvel hægt að sitja á þeim.“

Á Karrierebar er að finna verk eftir 32 listamenn og eru þau meðal annars hluti af innréttingunum. Karlaklósettið er til dæmis eftir Norðmanninn Gardar Heide Einarsson, lamparnir eftir Ólaf Elíasson og skjólveggurinn úti er eftir Bandaríkjamanninn Dan Graham. Sjálft nafnið á barnum og skiltið er listaverk eftir Michael Elmgreen og Ingvar Dragset og fjallar um hvernig vinskapur og óformleg félagstengsl nýtast á framabrotinu og að barir séu í raun besta „tengslanetið“ sem til er. Einnig stendur Karrierebar fyrir útgáfu mánaðarlegs listadagblaðs sem kallast einfaldlega Karriere og fjallar um þá listamenn sem sýna hverju sinni í rýminu og viðburði tengda barnum.


Karrierebar er að finna á Flæsketorvet 57- 67, DK 1711 Kaupmannahöfn.



**Dividing Wall eftir bandaríska listamanninn Dan Graham (f. 1942)** Graham hefur lengi fengist við skilrúm í verkum sínum, meðal annars í vídeóverkum frá áttunda áratugnum þar sem hann skoðar hvernig skilrúm bæta samskipti frekar en að hindra þau. Á Karrierebar er skilrúmið gert úr gegnsæju gleri, speglum og stáli. Sumstaðar er hægt að heyra í gegnum skilrúmið og sjá í gegnum önnur en allstaðar bregður fyrir spegilmynd af þér sjálfum.



**The Mona Lisa Toaster eftir danska listamanninn Kristoffer Akselbo (f.1975)** allt brauð sem er ristað á Karrierebar er hluti af listaverki Aksselbos þar sem sjálf Móna Lísu er brennd á brauðið sem er borið fram á morgnana og í hádeginu. Verk da Vincis hefur verið fjöldaframleitt og birtist til dæmis á póstkortum, púsluspilum og bolum. Hér vísar Akselbo til popp-listar í anda Warhols en með brauðristinni vildi hann koma með eitthvað stórfenglegt inn í daglegt líf hins almenna neytanda.



Handan um höf – Helgi Hálfðanarson



Handritin – saga handrita og hlutverk um aldir



Ferðalok – Jónas Hallgrímsson 1807–1845




Surtsey – jörð úr ægi



**SÝNINGAR Á ÖLLUM HÆÐUM**

Þjóðmenningarhúsið – The Culture House  
National Centre for Cultural Heritage  
Hverfisgötu 15, 101 Reykjavík  
Sími 545 1400, www.thjodmenning.is  
Sýningar - leiðsögn - verslun

Opíð daglega kl. 11.00 – 17.00  
Leiðsögn án endurgjalds í boði fyrir skólahópa.  
Leiðsögn á ensku um handritasýninguna kl. 15.30 á  
mánuðögum og föstudögum. Veitingar á virkum dögum.  
Myndlistarsýning Húberts Nóa í verslun.








**List og ljúfar veigar** Á Karrierebar er boðið upp á morgunverð, bröns, hádegisverð og kvöldverð en þar er einnig í gangi fjölbreytt listadagskrá með fyrirlestrum, tónlist, kvikmyndasýningum og gjörningum. Fimmtudagar eru tileinkaðir tilraunakenndri tónlist en á föstudags- og laugardagskvöldum þeyta þekktir plötusnúðar skífum fram á morgun. Lamparnir yfir barnum eru eftir Ólaf Eliasson og heita „National Career Lamp“ en Ólafur vinnur einmitt mikið með ljós, tíma, liti og skynjun mannsins á þeim.



**Heroin tap (Men's Home, with FOS)** eftir danska listamanninn Kenneth A. Balfelt (f.1966) er vísun í verkid „men's home“, athvarf fyrir heimilisláusa sem Balfelt endurhannaði í Vesterbro-hverfinu, en þar er að finna vatnskranu í stað heróínkrana. Balfelt vinnur mikið með samskipti mismunandi þjóða og þjóðfélagshópa og fékk meðal annars þjóninn Elhassane Amoussale sem er frá Túaregunum í Norður-Afríku til þess að koma til Kaupmannahafnar í mánuð og vinna fyrir því sem samsvarar ársláunum hans heimafyrir. Amoussale kynnir viðskiptavinum barsins fyrir te-athöfn Túareganna.



# Söngleikur sumarsins

## Stuðið er á Stóra sviðinu

„Tónlistaratriðin voru skemmtilega hröð og þétt og söngatriði vel flutt... Þau Vigdís Hrefna Pálsdóttir og Þórir Sæmundsson eru bæði firnagóðir leikarar og skiluðu sínum hlutverkum með prýði.“

EB, FBL 7/5

„... sem söngleikur virkar þetta fínt og þetta er allt mjög svo fagmannlega unnið...“

ÞES, Víðsjá.

„Nokkur ofsalega skemmtileg númer ... Það er svona sumarfiltingur í þessu,“

KJ, Mannamál

„Þetta er fjörugt verk og var vel sungið, leikið og dansað...“

SA, tmm.is

„Yndislegar andstæður.“

MBL 2/5



**ASTÍN ER  
DISKÓ  
LÍFID ER  
PÖNK**

eftir Hallgrím Helgason

með tónlist eftir Þorvald Bjarna Þorvaldsson og fleiri

fös. 16/5  
lau. 17/5  
fös. 23/5  
lau. 24/5

upselt  
örfá sæti laus  
upselt

fös. 30/5  
lau. 31/5

upselt

Miðasala í síma 551 1200  
og á leikhusid.is

Ath. pönkað málfar

# 5125050

Auglýsingasími



- Mest lesið



Dai er kunn andófskona og umhverfissinni í landi sínu, Kína. Hún býr í Peking. Verk hennar eru bönnuð í Kína.



Vatnsteningurinn - Þjóðarsundhöllin í Peking, sem er byggð til að hýsa helstu sundviðburði á Ólympíuleikunum í sumar. Myndin var tekin í febrúar þegar húsið var lýst upp í fyrsta sinn.

MYND/FENG LI/GETTY IMAGES

# ÞORSTLÁTUR DREKI á Ólympíuleikum

Kínverski umhverfisverndarsinninn og andófskona Dai Qing hefur um árabíl verið í framvarðasveit þeirra landa sinna sem vara við þeim háska sem Kína stefnir í vegna látlíttillar uppbyggingar í landinu. Í grein sinni frá liðnum vetri bregður hún upp annarri mynd af Ólympíuleikunum en við þekkjum. Viðvaranir hennar um nám í grunnvatni eru skyldar athugasemdum íslenskra vísindamanna um djúpboranir.

Ljósmyndin hér á síðunni var tekin af einum ljósmyndara Myndablaðs Alþýðunnar 1953. Mao Zedong hafði nýlengi við að skrifa kalligrafískum stöfum „Fögnum góðum verklokum við Guanting-lónið“. Hann var sextugur. Maðurinn sem situr við hlið hans var Wang Sen, tengdafaðir minn og verkefnisstjóri við byggingu stíflunnar.

Ljósmyndin birtist líklega í fleiri dagblöðum á sínum tíma. Þótt ég hafi séð hana hef ég örugglega ekki veitt henni athygli, enn síður gat mér komið til hugar að fimmtán árum síðar giftist ég syni verkefnisstjórans, Wang Dejia, og yrði tengdadóttir mannsins sem sat á brún stíflunnar brosandí á spjalli við „Leiðtogann mikla“.

Ég sá myndina fyrst á tíma menningarbyltingarinnar 1968. Ég rakst á hana í skjalarusli undir bunka af bútasumsteppum. Á þeim tíma voru ljósmyndir af

fólki með Mao í miklum metum, nánast dýrgripir með verndarkraft. Þær voru rammaðar inn og hengdar upp á áberandi stöðum á heimilum fólks, jafnvel þótt viðkomandi heimilismaður væri á myndinni á stærð við baun.

Ég kallaði upp yfir mig: „Hvenær var þessi mynd tekin af þér með Mao formanni?“ Tengdafaðir minn sat við uppáhaldspilin sín sem voru orðin svo slitin að hann einn gat greint á milli þeirra. Hann leit upp og svaraði mér engu. Maðurinn minn, Dejia, sagði heldur ekki neitt. Það var augljóst að báðir vildu síður að myndin væri tekin fram. Það var mörgum árum síðar að Dejia sagði mér að faðir hans, maður sem hafði byggt helstu stíflur ríkisins og „barist allt sitt líf fyrir Flokkinn“, hafi eitt sinn hvíslað að sér: „Byggðu stíflu og ánni blæðir út.“ Það var seint á níunda áratugnum og ég var orðin virk í hópi umhverfisverndarsinna sem bardist gegn Þriggja gljúfra stíflunni í Yangtze-fljóti. Hópurinn var að rannsaka hvað hafði gerst við eldri stíflu í Sanmen-gljúfri í Gulafljóti og við vorum tekin til við að berjast opinberlega fyrir vernd fljóta og

vatnsbóla í Kína.

Ekki spurði ég hvenær tengdafaðir minn hafði sagt þetta. Þótt ekki hafi það verið svo snemma sem 1968 þegar ég fann gömlu ljósmyndina, hlýtur hann að hafa hugsað á svipuðum nótum strax þá. Kína mátti þola grimmilega hungursneyð í kjölfarið á Stóra stökkinu á sjötta áratugnum. Þá voru menn hvattir til að „setja sem mestan kraft í að byggja vatnsvirkjanir sem víðast“. Það leiddi til þess að embættismenn og flokksleiðtogar skipuðu fyrir um byggingu stífluvirkjana í fjölda smærri vatnsfalla. Þegar æsingurinn í Stóra stökkinu var liðinn hjá hafði hann í för með sér hörmungar, mikla fólksflutninga til sveita og hungursneyð. Veikburða bakkar og stíflur sem láku voru um allt land.

Þegar leið á sjöunda áratuginn var ráðuneyti vatnsvirkjana, þar sem tengdafaðir minn vann, á fullu að bæta fyrir þann mikla umhverfisaska sem Stóra stökkið leiddi af sér. Jafnvel fæðingarbær hans sjálfs í Jixian í Hebei-héraði var eyðilagður. Þorpið hans fór undir vatn þegar Jizhou-á var stífluð og Yuqiao-lónið búið til,

ekki hundrað kílómetra frá Guanting-vatnslóninu. Íbúar úr hundrað fjörutíu og einu þorpi máttu flytja vegna þessa mannvirkis. Þeir hefðu borið sig betur ef virkjunin hefði komið þeim til góða.

Raunin varð sú með Yuqiao-lónið að mennirnir á bak við framkvæmdina höfðu brugðist við rannsóknir á berggrunni stíflunnar. Tveggja kílómetra löng stífla var byggð á sendnum jarðvegi. Ekki liðu nema fá ár þegar vatn tók að seitra gegnum stífluna og gríðarstórt mýrarsvæði varð til fyrir neðan stífluna. Fimmtíu þúsund ekrur af ræktarlandi eyðilögðust sem fætt höfðu eina miljón íbúa í sex héruðum meðfram ánni.

Dejian sagði mér að eftir hafi verið hrjóstrugt eyðiland sem ekki gaf af sér nægilega til að standa undir ábúð. Bændurnir voru löngu hraktir burtu en sneru aftur til yfirgefna þorpa og tóku að til við rækt á ný, en drógu fram lífið á broti af þeirri uppskeru sem þeir áður höfðu. Flestir þeirra eru enn á opinberu framfæri.

Nú um stundir eru yfirvöld í Peking að undirbúa komu keppenda og annarra gesta sem leggja

höfuðborg Kína undir sig í ágúst á Ólympíuleikunum 2008. Áður óþekkt framkvæmdasemi hefur breytt borginni. Gestir munu vita skuld hugsa mest um hver stekkur hæst og hleypur hraðast. Peking skal sýna glæsileik í húsagerðarlist hins „ört vaxandi“ Kínaveldis: hinn stórfenglega Ólympíuleikvang, Hreiðrið, Vatnsteninginn sem byggður er fyrir vatnsþróttirnar, öll nýju lúxushótelin, nýju sjónvarpsbygginguna sem Rem Koolhaas hannaði og vegakerfið umhverfis borgina með öllum sínum akreinum.

Bændur í nágrenni borgarinnar búa við herta skömmun á vatni, en í miðborginni fagna ráðamenn hönnun á einstökum gosbrunnum sem verða til í tíma fyrir Ólympíuleikana. Þarna á meðal er stórt vatn sem umlykur titániumklætt eggjala Þjóðleikhús, næst Þjóðarhöllinni rétt handan við Tianamentorgið. Þar má líka nefna stærsta gosbrunn heims við Shunyi-vatnagarðana sem spýtir vatnssúlum 134 metra í loft upp. Garðarnir eru byggðir í uppboruðum farvegi Chaobai-fljóts. Og þá má nefna hundruð golfvalla sem gerðir voru í borginni. Þær alræmdu



INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

## Áhugaverð störf á FLATEYRI

### Í sumar mun ný starfsstöð á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga hefja starfsemi sína á Flateyri við Önundarfjörð

Óskum því eftir að ráða í eftirfarandi störf:

#### Lögfræðingur - útibússtjóri

**Lögfræðingur / útibússtjóri** hefur umsjón með undirbúningi mála og málsmeðferð er varðar þau verkefni, sem stofnunin hefur til úrlausnar þ.e. innheimtu meðlagsgreiðslna og þar að lútandi kröfum. Lögfræðingurinn hefur jafnframt umsjón með daglegum rekstri starfsstöðvarinnar og er ábyrgur gagnvart höfuðstöðvum í Reykjavík.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi embættispróf í lögfræði, kostur er marktæk reynsla af störfum á sviði innheimtumála. Áhersla er lögð á skipulagshæfni, styrk í mannlegum samskiptum, færni á sviði textagerðar, góða kunnáttu í ensku og einu Norðurlandamáli, leikni í tölvunotkun, skilvís vinnubrögð og faglegan metnað.

#### Innheimtufulltrúi

**Innheimtufulltrúi** hefur umsjón með innheimtu útstandandi krafna, skráningu upplýsinga, skjalavistun, eftirfylgni mála auk annarra hefðbundinna skrifstofustarfa.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi marktæka reynslu af skrifstofustörfum auk þess að hafa góða tölvu- og tungumálakunnáttu, þ.e. í ensku og einu Norðurlandamáli. Áhersla er lögð á þjónustulund, góða samskiptahæfileika, nákvæm og markviss vinnubrögð og metnað til að gera vel í starfi.

#### Móttökuritari - gjaldkeri

**Móttökuritari** annast móttöku viðskiptavina, símaþvörslu, upplýsingagjöf, gagnaskráningu og utanumhald viðskiptamannaskrár, bréfaskrifrit, skjalavistun, útskrift reikninga auk annarra fjölbreytilegra skrifstofustarfa.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi haldbæra reynslu af skrifstofustörfum. Áhersla er lögð á lipurð í mannlegum samskiptum, nákvæmni í vinnubrögðum, leikni í notkun tölvu og góða tungumálaþekkingu.

Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

**Gunnar Hólmsteinn Ársælsson** hjá STRÁ MRI, [gunnar@stra.is](mailto:gunnar@stra.is), svarar fyrirspurnum, en viðtalstímar eru frá kl. 13-15. Vinsamlega sendið umsóknir/ starfsferilskrár til [stra@stra.is](mailto:stra@stra.is) ásamt viðeigandi prófgögnum. Umsóknarfrestur er til og með 2. júní nk. Upplýsingar má einnig nálgast á heimasíðu [www.stra.is](http://www.stra.is).



Suðurlandsbraut 6 - 108 Reykjavík - sími 588 3031 - [www.stra.is](http://www.stra.is)

Fagmennska í yfir 20 ár

STRÁ MRI  
WORLDWIDE

Leitaðu aðstoðar fagmanna

[www.stra.is](http://www.stra.is)

STRÁ MRI  
WORLDWIDE

Þú þarft ekki að leita lengra

[www.stra.is](http://www.stra.is)



Starfsemi fyrirtækisins felst í framleiðslu og útlögn malbiks, mulningi steinefna og snjóhreinsun gatna. Viðkomandi aðili mun starfa á rannsóknarstofu fyrirtækisins. Möguleikar eru á starfsþróun í samræmi við menntun og reynslu starfsmanns.

## RANNSÓKNARSTARFSMAÐUR

Malbikunarstöðin Höfði hf. óskar eftir að ráða samviskusaman og nákvæman einstakling inn á rannsóknarstofu sína.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf skilyrði
- Háskólamenntun á sviði raunvísinda mikill kostur, t.d. á sviði jarð- eða efnafræði
- Reynsla af sambærilegum verkefnum mjög æskileg
- Góð Excelkunnátta kostur, almenn tölvukunnátta skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum og samstarfsvilji
- Geta til þess að vinna sjálfstætt og undir álagi

### Starfssvið

- Ábyrgð og umsjón með sýnatöku og rannsóknum á sýnum af hráefnum og framleiðslu malbikunarstöðvarinnar

**Meðal verkþátta er** sýnataka af steinefnum og malbiki sem og kornadreifing og lögun steinefna.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Elmar Bergþórsson (elmar.bergthorsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 25. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Sveitarfélagið Vogar er áhugaverður og krefjandi vinnustaður með um 80 starfsmenn í fjölbreyttum störfum. Stefna sveitarfélagsins er að vera eftirsóknarverður vinnustaður og nýta og efla þekkingu starfsmanna í þágu samfélagsins.

Sveitarfélagið Vogar er vinalegur bær með um 1.250 íbúa í næsta nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Rólegt samfélag með hlýlegri sveitakirkju og skóla við fallega lygna tjörn. Draumastaður fjölskyldunnar og barna sem vilja vera frjáls og leika sér.

Sjá heimasíðu [www.vogar.is](http://www.vogar.is)

## NÝ OG KREFJANDI STÖRF

### Bæjarritari

Sveitarfélagið Vogar óskar eftir að ráða í nýja stöðu Bæjarritara á skrifstofu sveitarfélagsins. Bæjarritari er staðgengill bæjarstjóra.

### Starfssvið bæjarritara

- Yfirumsjón með skrifstofuhaldi og fjármálum bæjarsjóðs og stofnana
- Ábyrgð og umsjón með innleiðingu nýs skipurits
- Ábyrgð og umsjón með innleiðingu starfsmannastefnu og verkferla

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræða eða sambærileg menntun
- Reynsla eða þekking á fjármálum, stjórnun og rekstri
- Reynsla eða þekking á málefnum sveitarfélaga er kostur
- Reynsla eða þekking á sviði verkefnastjórnunar er kostur
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og góð skipulagshæfni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni í að miðla flóknum upplýsingum á einfaldan hátt í töluðu og rituðu máli

### Þjónustufulltrúi á bæjarskrifstofu

Sveitarfélagið Vogar óskar eftir að ráða í stöðu þjónustufulltrúa á bæjarskrifstofu.

### Starfssvið þjónustufulltrúa

- Almenn skrifstofu- og þjónustustörf
- Verkefni tengd bókhaldi og skjalavinnslu
- Móttaka viðskiptavina og afgreiðsla

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Verslunar- eða stúdentspróf og/eða reynsla af skrifstofustörfum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla eða þekking á bókhaldi
- Reynsla eða þekking á skjalavörslu er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Fallegt 6 herbergja raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Stór forstofa með fatahengi. Tvö herbergi og gestasæmi ásamt þvottahúsi á neðri hæð. Útgengi í garð af neðri hæð. Á efri hæð eru stofa og borðstofa í opnu rými, Drápuhlíðar arinn. Útgengi úr stofu á 55 fm. svalir. Eldhús er nýlega endurnýjað. Hjónaherbergi með fataherbergi inn af og útgengi á svalir. Þrjú barnaherbergi. Fallegt baðherbergi með hombaðkari. Þetta er falleg eign á fjölekylduænum stað þar sem stutt er í alla þjónustu.

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - [www.remax.is](http://www.remax.is)

**RE/MAX Lind**  
Hannes Steindórs.  
Sölufulltrúi  
699 5008  
hannes@remax.is

Viðar  
Sölufulltrúi  
899 4193  
vidar@remax.is

Þórarinn Jónsson  
Lögg. fast. hdl.  
thorarin@remax.is

**Eylfisdalur, Kjós**  
270 Mosfellsbær  
Fyrir sumarið

Stærð: 74,8 fm  
Fjöldi herbergja: 4  
Byggingarár: 2007  
Brunabótamat: 15.600.000  
Bílskúr: Nei

**RE/MAX**  
Senter



Garðar Hólm  
Sölufulltrúi  
899 8811  
gardar@remax.is



Pórunn Gísladóttir  
Lögg. fasteignasali  
thorunn@remax.is

**Bókaðu skoðun** Verð: 18.900.000

74,8 fm sumarhús í Eilfisdal í Kjós með miklu útsýni. Aðeins 40 mín. akstur frá Reykjavík. Eignin skiptist í: Samliggjandi stofu og eldhús með furu innréttingu og útgengi á verönd, 2 herbergi, baðherbergi flisalagt, sturtu, Svefnloft (20fm sem ekkert er í fermetratölu) og vinnustofu sem hægt er að gera annað herbergi úr. Undir bústaðnum er Ca. 15 fm geymsla.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

**Rauðalækur 37**  
104 Reykjavík  
Falleg sérhæð

Stærð: 121,7 fm  
Fjöldi herbergja: 5  
Byggingarár: 1957  
Brunabótamat: 17.750.000  
Bílskúr: Nei

**RE/MAX**  
Senter



Garðar Hólm  
Sölufulltrúi  
899 8811  
gardar@remax.is



Pórunn Gísladóttir  
Lögg. fasteignasali  
thorunn@remax.is

**Opið Hús**

**Opið hús í dag milli 15:00 og 15:30** Verð: 32.900.000

Falleg sérhæð á vinsælum stað í borginni. Eignin er mikið endurnýjuð. 4 svefnherbergi eru í íbúðinni. Eldhús er með hvítri innréttingu og gráum flisum á gólf. Parket er á stofu og herbergjum. Baðherbergi er flisalagt, hvít innrétting, bað og gluggi. Útgengi er á svalir bæði úr stofu og einu svefnherbergi. geymsla er í kjallara og sameiginlegt þvottahús.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

**Kvistavellir 34-40**  
221 Hafnarfjörður  
Glæsileg raðhús afhend foheld

Stærð: 172,5 fm  
Fjöldi herbergja: 4  
Byggingarár: 2007  
Brunabótamat: 0  
Bílskúr: Já

**RE/MAX**  
Lind



Boas Bóasson  
Sölufulltrúi  
699 6165  
boas@remax.is



Pórarinn Jónsson  
Lögg. fast. hdl.  
thorarin@remax.is

**Opið Hús**

**Opið hús í dag kl. 15.00 - 16.00** Verð: 27.200.000

Kvistavellir 34-40 er fjögurra íbúða raðhúsangla á tveimur hæðum ásamt bílskúrum. Húsin verða steinsteypt á hefðbundinn hátt. Stærð húsans er 172,5 m<sup>2</sup> og skiptist þannig: 1.hæð er 106,8 m<sup>2</sup> þar af er bílskúr og geymsla 35,9, 2.hæð er 65,7 m<sup>2</sup> Húsin skiptast í forstofu með gestasnyrtingu, eldhús, hol, borðstofu og stofu. Úr stofu er gengið út í garð. Af neðri hæð er gengið upp steyptan stiga upp á efri hæð. Efri hæð skiptist í þrjú herbergi, stórt og rúmgott bað og þvottahús. Einnig eru svalir á efri hæð. Inn af bílskúr er geymsla og þaðan er útgengt út í garð. Lögn fyrir gólfhitakerfi verður steypt í gólfplötu neðri hæðar. Á efri hæð er gert ráð fyrir ofnakerfi og verða gólf flötuð og tilbúin undir gólfefni. Verð velkomin á sölusýningu í dag milli kl. 15.00 - 16.00. Verð fyrir endaraðhús er 27.900.000 og verð fyrir miðjuraðhús er 27.200.000 kr.

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

**Fífusel 37**  
109 Reykjavík  
4ra herb + auka herb + bílskúli

Stærð: 143,3 fm  
Fjöldi herbergja: 5  
Byggingarár: 1978  
Brunabótamat: 20.170.000  
Bílskúr: Nei

**RE/MAX**  
Senter



Arnar  
Sölufulltrúi  
863 8151  
arnara@remax.is



Kristján Ólafsson  
Lögg. fasteignasali  
522 2800  
borg@remax.is

**Opið Hús**

**Opið hús í dag milli kl. 16-16:30** Verð: 26.500.000

Um 17,4 milljónir yfirtakanleg lán á 4,15% vöxtum. RE/MAX Senter kynnrir: 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýli í Seljahverfi. Útleiguhæðir í kjallara fylgir og einnig stæði í bilageymslu, samtals 143,3 fermetrar. Gengið er inn í flisalagt hol með góðum fataskáp. Eldhús er einnig lagt með flisum og hefur snyrtilega innréttingu. Stofan er björt og lögð parketi. Hjónaherbergi er rúmgott og með góðum fataskáp. Góð snyrtiástaða er fyrir útleiguhæðir og er bilageymsla með góða þrifaðstöðu.

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

**AS**  
FASTEIGNASALA

Hafnarfirði, Fjarðargötu 17  
Sími 520 2600, Fax 520 2601  
Netfang as@as.is  
Heimasíða www.as.is  
Opið virka daga kl. 9-17  
Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

**KVISTAVELLIR 44 - AFH: MAÍ-JÚNÍ**

90% lán frá byggingaraðila

Glæsilegar 2ja-4ra herb. íbúðir og þrjár bílskúrar í nýju 4. hæða lyftuhúsi. Granít í borðum, gólfhiti, sér. vönduð tæki og innréttingar. **Afh. í maí-júní 2008. Verð frá 18,9 millj. 7080**

**DREKAVELLIR - FJÓRBÝLI**  
Glæsilegar fullbúnar 3ja og 4ra herb. íbúðir í 4-býli ásamt bílskúr. Fallegar innréttingar, laust við kaupsamning. Verð frá 21,7 millj. 7626

**BYGGAKUR - GARDABÆ**  
Glæsileg raðhús í suðurlíðum Akra-lands í Garðabæ. Húsin eru fullbúin að utan, lóð tyrð, hellulögn m/ hita og tilbúin til innréttinga að innan. Verð frá 52,7 millj. 7443

**ENGJAVELLIR - LAUSAR STRAX**  
Vorum að fá tvær 128 fm SÉRHÆÐIR á jarðhæð og annarri hæð í glæsilegu fjórbýli. Húsið skilast fullbúið að utan og lóð frágengin. Að innan tilbúin til innréttinga eða lengra komnar. Verð frá 28,0 millj. 7556

**FLÉTTUVELLIR**  
Fallegt einbýlis-hús á einni hæð á góðum stað á Völlum. Húsið er alls 253,1 fm þar af bílskúr 61,2 fm Afhent rúmlega fokhelt að innan. Verð 39,9 millj. 7392

**NORÐURBAKKI 5 - HFJ.**  
Sérlega vandaðar 3ja og 4ra herb. íbúðir m/stæði í bilageymslu í glæsilegu lyftuhúsi á frábærum stað í miðbæ Hlj. V. 30,8 m. 6928

**FJÓLUÁS 2 til 6**  
Sérlega falleg 220 fm RAÐHÚS á tveimur hæðum ásamt 29 fm innbyggðum bílskúr, samtals 249 fm á frábærum útsýnisstað í nýja ÁSAHVERFINU í Hafnarfirði. Húsin skilast fullbúin að utan og fokhelt að innan. Verð frá 41,4 millj. 7521

**KVISTAVELLIR**  
Falleg og vönduð raðhús á tveimur hæðum, stærð 173 fm, með bílskúr. Húsin skilast fullbúin að utan en fokhelt að innan. Gott skipulag. Góð staðsetning. Verð 27,2 millj. miðjuhús og 27,9 millj. endahús. 7359

**FURUÁS 2 og 4**  
Falleg 240 fm raðhús m/bílskúr á FRÁBÆRUM ÚT-SÝNISSTAÐ. Möguleg 6 sv. herb. Möguleg aukaíbúð. Fullbúin að utan og fokhelt að innan. Verð frá 38,9 millj. 6891

**NORÐURBAKKI 15 og 17 HAFNARFIRÐI**  
Glæsilegar sérlega vandaðar 105 til 130 fm 3ja herbergja íbúðir á 1. til 5 hæð í nýjum LYFTUHÚSUM á NORÐURBAKKANUM, m/ STÆÐUM í bilageymslu. Verð frá 27,4 millj. 7561

**GLITVELLIR 43 - HFJ.**  
Fallegt 178,2 fm einbýli m/bílskúr. 3 sv. herb. Afh. fullbúið að utan og fokhelt að innan. Verð 33,0 millj. 7030

**KVISTAVELLIR 2-6 HFJ.**  
Falleg 191,3 fm raðhús m/bílskúr. 4 sv. herb. Afhendist fullbúið að utan og fokhelt að innan. Verð frá 28,9 millj. 6781

**HNOÐRAVELLIR 9 -19**  
Ný og falleg raðhús á einni hæð í nýja VALLAHVERFINU. Verð 29,9 millj. miðja - 31,9 millj. endi. 7469

**KVISTAVELLIR - HFJ.**  
Sérlega fallegt og vandað 212 fm einbýli m/bílskúr. 4 sv. herb. Afhendist fullbúið að utan og tilb. til innr. að innan. Verð 49,8 millj. 6994

**Fálkagata 4**  
107 Reykjavík  
Mikið uppgert parhús í Vesturbænum

Stærð: 103,9 fm  
Fjöldi herbergja: 4  
Byggingarár: 1936  
Brunabótamat: 14.500.000  
Bílskúr: Nei

**RE/MAX**  
Bær



Kristján Helgi  
Sölufulltrúi  
615-1153  
kristjanh@remax.is



Pórunn Elísd.  
Lögg. fasteignasali  
tse@remax.is

**Opið Hús**

**Opið hús verður Sunnudaginn 18.maí Kl:16-16:30** Verð: 32.500.000

FALLEG EIGN Á BESTA STAÐ Í VESTURBÆNUM. LAUSAR STRAX. Um er að ræða fallega íbúð í parhúsi. Eignin hefur verið endurnýjuð mikið að innan og er í góðu ástandi að utan. Íbúðin er á 2 hæðum og hefur 3 svefnherbergi. Aðkoma er sérlega þægileg, en yfirbyggt er frá götu og að sér inngangi í íbúðina. Forstofa er flisalögð og með hita í gólf. Góðir skápar og fatahengi er í forstofu. Svefnherbergi eru 2 á neðri hæðinni en gengið er inn um sömu hurð í þau bæði. Baðherbergi er sérlega stórt og rúmgott með góðri innréttingu, baðkar, handklæðaðfni og tengi fyrir þvottavél og þurrkara. Flisar eru á gólf og við baðkar. Stigi upp á efri hæð er með nýju slitsterku teppi og er nýbúið að mála ganginn upp. Eldhús er sérlega fallegt með nýlegri dökkri víðarinnréttingu, ljósi borðplötu og flisum á milli skápa. Góð 90 cm gas eldavei er í eldhúsi og fallegar nýlegar flisar á gólf. Eldhús er mjög rúmgott og með góðum borðkrók. Stofa er öll hin snyrtilegasta með plastparketi á gólf og nýst rými vel. Útgengt er út á góðar svalir með nýju handdrí. tse@remax.is

RE/MAX Bær - Malarhöfði 2 - 110 Reykjavík - Sími: 5123400 - www.remax.is

**DREKAVELLIR - SKIPTI MÖGULEG**  
Fallegt 183 fm einbýli á einni hæð ásamt 30 fm bílskúr, samtals 213,8 fm Skilast fullbúið að utan, rúmlega fokhelt að innan. **LAUST STRAX. Verð 42,9 millj. 7351**



Mao Zedong og Wang Sen 1953. Myndin er tekin við víslu stærsta uppistöðulóns Kína fjórum árum eftir byltingu.

vatnssugur ná yfir 20 þúsund ekrur og innfluttar þökurnar taka sitt af minnkandi vatnsforða borgarinnar og þeirra sem hana byggja.

Fyrir þremur öldum hefði umhverfi borgarinnar staðið undir þessum vatnsaustri, jafnvel fyrir einni öld. Borgin er umkringd fjöllum á þrjú vegu. Fimm vatnuppsettur sáu henni þá fyrir nægu vatni og nærri henni var fjöldi vatna og mýrarfláka með streymandi lindum með tæru og hreinu vatni. Hér var ríkt land og frjósamt og hér stóðu fimm borgir í tíð keisaranna. En Peking okkar daga er önnur. Vatnsból hennar eru tóm að níu tíundu og allar ár sem hjá henni renna eru í sögulegu lágmarki. Grunnvatnstuðull undir borginni hefur lækkað ískyggilega sökum rányrkju um langt skeið.

Ekki er hægt að kenna loftlagsbreytingum um. Borgin hefur búið við langvarandi þurrka í nær átta ár en vandinn er alvarlegri og dýpri. Borgarþróun í Peking hefur verið ör frá árinu 1949; borgin hefur áttfaldast að íbúafjölda. Hana byggðu 2,2 milljónir árið 1948 en nú búa þar 18 milljónir. Borgin þekur nú landsvæði sem er fimmtíu sinnum stærra en var þá. Vatnsnotkun er þrjátíu og fimm sinnum meiri en fyrir sex-tíu árum. Jafnvel neysla á vískú hefur hundrafaldast á síðustu árum. Og hvað með neyslu vatns í borginni sem heldur ungum og öldnum, ríkjum og fátækum á lífi? Að meðaltali hafa íbúar í Peking þrjú hundruð kúbikmetra af vatni til neyslu á mann, einn áttunda af meðaltali allra Kínverja, sem eru 2200 kúbikmetrar. Einn þrítugasta af heimsmeðaltalinu.

Meðan á Ólympíuleikum stendur munu borgarþiðar njóta nægra birgða af vatni, meiri birgða en þeir hafa áður séð. Sérstakar lagnir frá nálægum héruðum munu flytja vatnið til borgarinnar svo nú geta borgarþiðar notað kranavatn til drykkjar í fyrsta sinn – en aðeins meðan á leikunum stendur. Meðan múgurinn fylgist með afrekum í vatnsíþróttum og fagnar veit hann ekki að ekki er keppt við bakka Chaobai-fljóts. Fljótið er manngert, byggt með stíflugörðum við fljótendana á uppborndum árfarvegi, sem er fylltur með vatni sem dælt er upp úr iðrum jarðar.

Og hvað gerist eftir Ólympíuleikana? Herför Maos Zedong og féлага hans, leiðtoga sveitar kommúnista, til að ná tökum á náttúru landsins leiddi til eyðingar víðáttumikilla skóga. Grösug svæði breyttust í örfoka land, votlendi var þurrkað upp og lagt undir jarðrækt og fljót og ár stemmdar. Gáleysisleg og ábyrgðarlaus rányrkja á náttúrulegum á liðnum áratugum hefur leitt til þeirrar stöðu sem borgin er í nú. Tengdafaðir minn var forspár í aðvörnum sínum. Guantingmiðlunin sem Mao Zedong paraði orð sín á 1953 var fyrsta stóra miðlunin í Kína og geymdi fjórar billjónir kúbikmetra. Í fjóra ára-

tugi var miðlunin helsta vatnsból Peking. Í dag er hún tóm að þremur fjórðu og hefur ekki veitt vatni til borgarinnar í tíu ár. Miyunmiðlunin, hin líflína borgarinnar í Chaobai-fljóti, skilar einum tíunda af upprunalegum afköstum. Hún sér borginni fyrir einum tíunda af því vatni sem borgin þarf.

Til þess að bæta upp hinn alvarlega vatnsskort sem borgin býr við er 80% af vatnspörf borgarbúa mætt með því að dæla upp grunnvatni undir borginni. Meira er af tekið en endurnýjast svo grunnvatnsstaðan lækkar og lækkar og dregur að sér vatn frá nær tvö þúsund ferkílómetra skál. Jafnvægi er náð með því að soga vatn frá nálægum héruðum, Hebei og Shanxi, þar sem óánægja með stöðu mála eykst jafnt og þétt. Hvernig verður óslökkvandi þorsta borgarinnar mætt til lengdar?

Hið nýrka Kína og höfuðborg fjármálaveldisins sem lúta ríkisflokkskrifraði vaxa hættulega hratt í heimsviðskiptum. Þótt áður óþekkt ríkið hafi skapast spratt það af grimmdarlegri rányrkju á gæðum náttúrunnar. Nú er svo komið að fólk með samvisku rís upp og varar við því sem er að gerast og hvaða hættur það felur í sér. En áhyggjuraddir og mótmæli heyrast sjaldan í Kína og eru veikar. Þótt ég búi enn í Peking hafa skrif mín verið bönnuð í Kína um árabil.

Rithöfundurinn Lu Xun sem lést árið 1936 líkti Kína við járn-hirslu. Hann lýsti hræðilegum vatnsföllum: „Hugsum okkur hirslu úr járn, glugga og hurðarlaus. Hirsla sem ómögulegt er að brjótast út úr. Hugsum okkur fólk sofandi í þeirri hirslu. Áður en langt um líður mun það kafna. Það er að segja, fólkíð fellur í djúpt dá og líður friðsamlega inn í eilífðina. Því er hlíft við þeirri angist að vita hvaða örlög bíða þess. Segjum að þú komir þar að með skarkala sem vekur þá sem sofa léttum svefni. Þeir bíða þá dauða síns vitandi hvaða endalok eru í vændum. Væri þeim greiði gerður?“ Lu Xun kallaði Kína fyrri tíma hið raddlausa Kína. En nú er Kína hluti af samfélagi þjóðanna og við verðum öll að horfast í augu við þá ákvörðun hvað gera á við járn-hirsluna sem við sitjum í. Og það sem meira er, það er annað Kína og brothættara sem á sér enga rödd: náttúran. Hinar frjósömu sléttur, auðæfi þjóðarinnar í jörðu, hinir miklu skógar og vatnsföllin miklu – sem eru hljóðlega að deyja. Það er þögnin sem ríkir í Kína í dag. Þögn sem ber í sér dauðann.

Konfúsíski heimspekingurinn Xunzi sagði: „Þjóðin er fljót, stjórnanandi bátur. Fljótið heldur bátunum á floti en getur líka fært hann í kaf.“ Líking hans lýsir sambandi valdhafa og þjóðar og í henni er gengið út frá því að nóg sé af vatni. Ef vatninu er í raun spillt og vatnsföllin þorna upp er nýrjar líkingar þörf, líkingar sem lýsir yfirvofandi háska í umhverfismálum Kína.



Zhang Xiaogang, Félagi, 1999, 60x50, olía á striga. Birt með góðfúslegu leyfi listamannsins, eigenda og Listasafns Akureyrar.

## AUGLITI TIL AUGLITIS

Í gær var opnuð með viðhöfn í Listasafni Akureyrar sýning á kínverskri samtímalist. Er sýningin eitt merkilegasta tillegg á Listahátíð og mun fara víðar enda sett saman af staðgóðri þekkingu á því mikla umróti sem myndlist Kína hefur gengið í gegnum á liðnum áratugum.

MYNDLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Á síðustu árum hefur nýr myndheimur Asíulanda opnast Vesturlandabúum, ekki aðeins myndlist Japana og Kínverja, heldur fer vegur myndlistarmanna frá öðrum löndum álfunnar vaxandi: Indland bankar á dyrnar og margir spá að framundan sé mikill vöxtur í áhuga heimsins á indverskri myndlist. Helst vöxtur og áhugi á myndlistarsviðinu hönd í hönd við aukna velsæld í þessum löndum og hraðar för þeirra í átt að vestrænum gildum lífsstíl og atvinnubrún.

En Kína var spori á undan öllum öðrum þjóðum Asíu og róttæk umbylting viðfangsefna kínverskra myndlistarmanna hefur þegar valdið nokkrum skjálfta á Vesturlöndum. Stórar sýningar frá vaxandi hópi kínverskra myndlistarmanna hafa sett sterkan svip á sýningarhald stærstu safna Vesturálfu samfara því sem verk eftir helstu listamenn þessarar hreyfingar hafa hækkað ört í verði á heimsmarkaði.

Nú gefst íslenskum áhugamönnum um myndlist einstakt tækifæri til að standa augliti til auglitis við verk helstu meistara Kínverja. Stór málverk og höggmyndir eftir nokkra helstu samtímalistamenn Kínverja eru nú til sýnis í Listasafni Akureyrar og ættilt enginn áhugamaður um myndlist að láta sýninguna fram hjá sér fara en hún opnaði í gær og stendur fram til 29. júní.

Heiti sýningarinnar, Augliti til auglitis, eða Facing China, endurspeglar meginstef hennar, mann-

inn og andlitið, sem sjá má í málverkum og skúlptúrum eftir níu kínverska samtímalistamenn. Listamennirnir sem verk eiga á sýningunni eru Chen Qing Qing, Fang Lijun, Liu Ye, Tang Zhigang, Wei Dong, Yang Shaobin, Yue Minjun, Zhang Xiaogang og Zhao Nengzhi.

Öll verkin á sýningunni koma úr förum hollenska listaverkasafnarans Fu Ruide. Hann hefur reynst Listasafninu á Akureyri mikill haukur í horni við mótun og undirbúning sýningarinnar og bætti við mörgum nýjum verkum í safn sitt til þess að gera hana sem best úr garði.

Af þessu tilefni hefur verið gefin út glæsileg 270 síðna bók í hörðu bandi á ensku og kínversku sem í rita, auk forstöðumanns Listasafnsins og eiganda verkanna, Vigdís Finnbogadóttir, fyrirverandi forseti Íslands, hinn þekkti bandaríski listfræðingur Robert C. Morgan og virtasti gagnrýnandi kínverskrar myndlistar, Li Xianting, sem stundum er kallaður guðfaðir samtímalistarinnar þar í landi. Þá hefur Listasafnið gefið út dagblað sem hefur að geyma valda texta á íslensku og myndir í áður nefndri bók.

Sýningin er sett upp í tengslum við Listahátíð í Reykjavík, sem í ár er að miklu leyti helguð alþjóðlegri myndlist. Frá Akureyri ferðast sýningin víða um lönd og verður hún meðal annars sett upp í söfnum í Austurríki, Þýskalandi, Noregi, Finnlandi og Svíþjóð. „Skandináviuför“ hennar lýkur árið 2010, en þetta er í fyrsta sinn sem íslenskt listasafn á frum-

kvæðið að skipulagningu alþjóðlegrar farandsýningar af þessari stærðargráðu. Sýningarstjóri er Hannes Sigurðsson forstöðumaður Listasafnsins á Akureyri.

Verkin úr safni Fu Ruide voru ekki einvörðungu valin vegna verðleika sinna, heldur einnig til að þau væru í samræmi við stef sýningarinnar, sem er manneskjan, fas hennar og fés, og þar af sprettur heitið, Facing China. En þótt líta megi á sýninguna harla bókstaflega í þessu tilliti, er heitið einnig margrætt með ráðnum hug, jafnvel eilítið ógnvænlegt, þar eð það að standa „augliti til auglitis við eitthvað“ þýðir að takast á við veruleikann. Sýningin býður því birginn að mögulega kvikni einhverjar væntingar til kínverskrar listar um að hún sé annaðhvort spröttin af eintómri pólitík eða seiðandi „exótík“ og öðrum hefðbundnum grillum. Málverkin og skúlptúrarnir á sýningunni eru ekki til marks um „Kínverjaskap“ þessara listamanna. Þess í stað afhjúpa þau steríótýpur, beina sjónum okkar frá hinu dálítið kunnuglega að djúpri sjálfshygli þegar við leiðum augun um andlitið og líkamana sem bregður fyrir í verkunum. Þau afhjúpa persónulegar og andlegar sneiðmyndir af fólkinu sem þau sýna, og mannlega eiginleika sem eru almennari en áhorfandinn kann að gera sér í hugarlund við fyrstu sýn. Aðalstyrktaraðili sýningarinnar er Samskip sem veitti aðstoð við flutning á verkunum til landsins. Sýningunni lýkur 29. júní og er safnið opið alla daga nema mánu-daga frá kl. 12–17.

# RAUNVERULEIKINN SKIPTIR MESTU MÁLI

Albert Maysles heimildarmyndagerðarmaður var heiðursgestur Skjaldborgarhátíðarinnar á Patreksfirði. Skjaldborg er hátíð íslenskra heimildarmynda og var haldin í annað sinn um hvítasunnuna. Þar gafst gott tækifæri til að eiga spjall við Maysles um gildi heimildarmynda og hans hugmyndafræði og hugsun á bak við gerð slíkra mynda.

HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR KVIKMYNDIR

**A**lbert Maysles er 82 ára gamall en hann lét það ekki aftra sér og ferðaðist alla leið til Patreksfjarðar til þess að hitta íslenskt kvikmyndagerðarfólk. Þekktustu myndir Alberts Maysles voru einnig sýndar á hátíðinni, Gray Gardens frá 1975, Gimme Shelter frá 1970, og Salesman frá 1968. Allar þessar myndir eru unnar með David Maysles bróðir hans en þeir unnu saman þar til David lést árið 1987. David var hljóðmaður og Albert myndatökumaður. Bræðurnir voru um tíma helstu merkisberar þess sem er kallað „cinéma vérité“ í kvikmyndaheiminum. Það að fanga sannleikann. Raunveruleikinn skiptir Maysles mestu máli og hann segir sögur af því sem raunverulega gerist. Hann notast aldrei við handrit, engin sviðsetning á sér stað, engri tónlist eða sögumanni er bætt inn í verkið og með því kemst hann eins nálægt sannleikanum og mögulegt er.

Að sama skapi eru söguhetjur myndanna oftast ekki óþekkt fólk, þó að bræðurnir hafi líka gert myndir um frægt fólk á borð við Marlon Brando, Truman Capote, Bítlanu og Rolling Stone. „Líf venjulegs fólk kallar ekki bara á athygli okkar heldur krefst hennar,“ leggur Maysles áherslu á.

## Sannleikanum miðlað

„Ég hafði alltaf mikinn áhuga á að taka myndir sem krakki,“ svarar Maysles þegar hann er spurður hvað varð til þess að hann fór út í þennan bransa. „En síðan varð ég sálfræðingur og fór að vinna á geðsjúkrahúsum. Þegar ég var 28 ára keypti ég 16mm tökuvél og fór til Rússlands í mótörhjólaferðalag og gerði rannsóknarverkefni á geðdeild þar. Þar tók upp fyrstu myndina sem hét Psychiatry in Russia árið 1955.“

Varstu alltaf með hugmyndafræðina á hreinu frá því að þú byrjaðir eða hefur hún þróast með tímanum?

„Hún er nokkurn veginn sú sama og þegar ég byrjaði en var ekki alveg fullmótuð í byrjun vegna þess að ég hafði engan kvikmyndaþakgrunn og hafði ekkert lært um kvikmyndagerð. En ég trúði því, að með því einu að taka upp það sem var að gerast fyrir framan okkur gæti ég sýnt fram á okkar sammannlegu þætti. Sérstaklega þar sem ég var í Rússlandi meðan kalda stríðið var í gangi. Fólk í Bandaríkjunum hafði ekki hugmynd um hvað var að gerast í landinu. Stjórnmalámann afbaka alltaf sannleikann. Það sem er sérstakt við heimildarmyndagerð er það að reynslu annarra er miðuð beint þannig að áhorfandinn fær að sjá það sem er að gerast fyrir framan myndavélina. Þannig verður það ekki bara upplýst um hvað er að gerast annars staðar, heldur upplifir líka hversu viðkvæmt ástandið getur verið og tilfinningar fólks. Áhorfandinn upplifir aðstæður öðruvísi þegar myndavélin sýnir þeim milli-liðalaust hvað er að gerast,“ útskýrir Maysles.

„Ég er til dæmis sannfærður um að stríðið í Írak hefði ekki gerst

hefði fólk vitað hvað var raunverulega í gangi. Almennigur í Bandaríkjunum hefur aldrei séð venjulega írakska fjölskyldu og hefur engar tilfinningar fyrir henni. Ef það hefði séð myndir sem væru gerðar af venjulegu fólki í landinu og því sem er raunverulega að gerast þá myndi stríðið ekki hafa orðið að veruleika. Þess vegna er þetta kvikmyndaform svo mikilvægt. Það er hægt að koma í veg fyrir margt með því að upplýsa fólk. Fjölmiðlar í dag hafa hagsmuna að gæta. Fréttir af Írak segja þér ekki sannleikann, ef við fengjum að sjá hann þá myndi það ekki viðgangast að drepa milljónir manna.“

## Fluga á vegg

Hvernig tekst þér að láta fólk ekki taka eftir þér þegar þú ert að fylgjast með því með myndavél í sínu nánasta umhverfi?

„Þetta er bara spurning um að fá fólk til treysta þér. Það gerist vanalega strax. Fólk sér eitthvað í augunum á þér og treystir þér og heldur bara áfram að gera það sem það var að gera og skiptir sér ekki af myndavélinni lengur.“

Það hefur oft verið talað um að þetta sé eins og að vera fluga á vegg. Hvað finnst þér um það?

„Ég er ekki sammála því að þetta sé eins og fluga á vegg vegna þess að kvikmyndatökumaðurinn þarf alltaf að vera að fylgjast með öllu því sem er í gangi og vera vakandi fyrir því að fanga rétta augnablikið og rétta sjónarhornið. Það er tilfinning hans sem gerir myndirnar. Þess vegna er ekki nóg að stilla bara upp myndavél, ég nota til dæmis aldrei þrífót. Þú verður að hafa tilfinningu fyrir efni og fanga það. Þegar það tekst verða til frábærar myndir. Ég hef til dæmis gert myndir um börn þar sem ég tek upp samtöl þeirra og fyrir mér er það besta gerð af heimildarmyndum.“

Þú vinnur ekki eftir handriti, en hefurðu hugmynd um hvernig myndin mun þróast áður en þú byrjar á henni og hvernig hún mun enda?

„Þetta er bara spurning um að ná raunveruleikanum. Þegar við tókum upp Salesman þá vissum við að í hvert skipti sem biblusölu-mennirnir bönguðu á hurð þá yrði einhver dramatísk sena en við vissum aldrei nákvæmlega hvað myndi gerast eða hvernig senurnar yrðu. Eins í Gimme Shelter þá vissum við ekki hvaða katastrofa myndi gerast þegar Rolling Stones steig á svið og það breytti myndinni auðvitað heilmikið. Ef fólk horfir á mynd um Woodstock þá fær það allt aðra hugmynd um hvað var í gangi á þessum tíma.“

## Michael Moore-kynslóðin

Margir heimildarmyndagerðarmenn í dag sýna sjálfa sig í myndinni og myndin fjallar um það sem þeir upplifa, hvað finnst þér um það?

„Mér finnst það taka athyglina frá raunverulega viðfangsefninu og stríðir á móti minni stefnu um að leyfa hlutunum að gerast án afskipta myndatökumannsins. Taka ekki í taumana eða setja tónlist undir til að hafa áhrif. Upplifunin á



Albert Maysles á Patreksfirði.

að vera bein og án áhrifa. Mér finnst mín tegund af heimildarmyndagerð miklu virðingarverðari. Menn eins og Michael Moore eru ekki að gera heimildarmyndir, þeir gera áróðursmyndir, þar sem þeir eru búnir að mynda sér skoðun og myndin fjallar um að sannfæra fólk um að þeirra skoðun er sú rétta.“

Það er líka sú gagnrýni sem heimildarmyndir fá oft í dag. Að þær segi ekki sannleikann heldur sýni sannleikann eins og þeim hentar og fólk jafnvel treystir ekki því sem er sagt í myndunum?

„Það er rétt. Þannig eru bestu heimildargerðarmennirnir þeir sem þú veist að eru að segja sannleikann. Þeim er treyst. Það er mjög mikilvægt. Það eru margar góðar heimildarmyndir gerðar í dag en ég er ekki hrifinn af þeirri stefnu sem hefur þróast með mönnum eins og Michael Moore.“

## Yfir 50 ára ferill

Hver er helsti munurinn á að gera myndir í dag eða þegar þú byrjaðir?

„Munurinn er aðallega fölginn í dreifingunni og tækninni. Það var erfiðara að fá heimildarmyndir sýndar áður. Núna höfum við meira að segja internetið og YouTube þannig að aðgengi fólks að þessum myndum hefur aukist. Núna er líka

til óháð kvikmyndagerð. Áður voru bara sjónvarpsstöðvarnar ABC, CBS og NBC og þær framleiddu sínar eigin myndir þannig að eina leiðin til að sýna myndirnar var að koma þeim í bíó. Vandamálið var hins vegar og er enn að flestar heimildarmyndir eru ekki í fullri lengd og rata sjaldan í bíó. Salesman var fyrsta heimildarmyndin í fullri lengd sem var sýnd í bíó.“

Oft er rætt um hvort heimildarmyndir eigi heima í bíó eða bara sjónvarpi en heimildarmyndir í bíó eru alltaf að verða vinsælli. Hvað finnst þér um það?

„Þetta er alltaf stærsta áskorunin en auðvitað vilja allir kvikmyndagerðarmenn að myndirnar þeirra séu sýndar í bíó. Þegar ég byrjaði var ekki hægt að búa til heimildarmyndir fyrir bíó. Það var alltof dýrt að skjóta á 35mm filmu en stundum var hægt að setja hana yfir á 35mm ef bíóin leyfðu. Núna er hægt að fá nógu góð gæði út úr stafrænni tækni. Og það er helsta byltingin sem hefur orðið á forminu, tækniframfarirnar hafa hjálpað okkur mest. Áður þurfum við alltaf að vera að skipta um filmu á 10 mínútna fresti. Það er miklu auðveldara að gera myndir í dag.“

## Reynslunni miðlað áfram

Albert Maysles býr núna í Harlem og rekur The Maysles Institute.

„Ég geri mikið af því að kenna ungum kvikmyndagerðarmönnum. Þar sem ég bý í Harlem kenna við krökkum og reukum lítið bíó þar sem við sýnum alls konar myndir, flestar heimildarmyndir. Mér finnst gaman að kenna og uppgötva nýtt hæfileikaríkt kvikmyndagerðarfólk og stundum hjálpa ég þessu fólki áfram að gera sínar myndir.“

Maysles vinnur mikið með syni sínum, Philip Maysles, sem var með honum í för til Patreksfjarðar þar sem þeir héldu áfram að taka upp fyrir nýja heimildarmynd um Albert sjálfan. En það er einhvers konar sjálfsævisögumynd. Annars eru þrjár til fjórar myndir í vinnslu hjá honum þó hann sé kominn á níræðisaldur. Ætlaðu aldrei að setjast í helgan stein?

„Nei, ég er með of marga drauma um of margar myndir sem ég á eftir að gera þannig að ég mun halda áfram að vinna eins lengi og ég get. Ég er til dæmis með nýja heimildarmynd í gangi þar sem ég tek lest í mismunandi heimshlutum og mynda fólk í lestunum og heyri sögur þeirra.“ En það er einmitt í stíl við hugmyndafræði hans að líf venjulegs fólk krefjist athygli okkar og að þannig getum við lært hvert af öðru og gert heiminn að betri stað.



# TVÆR GÓÐAR

GAGNRÝNENDUR OG ÁHORFENDUR ERU Á EINU MÁLI

PANTAÐU  
MIÐA  
NÚNA!

## DAUÐASYNDIRNAR

GUÐDÓMLEGUR GLEÐILEIKUR

LAUSLEGA BYGGT Á VERKI DANTE ALIGHIERI



Fréttablaðið



TAKMARKAÐUR  
SÝNINGAFJÖLDI

„Ég var alveg orðin  
tvöföld í sætinu af hlátri  
...“  
„... sýningin er dýrleg  
leikhúsreynsla ...“

Silja Aðalsteinsdóttir  
Tímarit Máls og menningar  
(tmm.is)

„Allur frágangur á  
sýningunni er fyrsta  
flokks.“  
„Ekki missa af  
Dauðasyndunum.“

Páll Baldvin Baldvinsson  
Fréttablaðið

## GÍTARLEIKARARNIR

HLÝLEGUR GAMANLEIKUR EFTIR LINE KNUTZON



DV



SÍÐUSTU  
SÝNINGAR

„Það var gaman að sjá  
þennan leikarahóp að  
störfum ...“

Páll Baldvin Baldvinsson  
Fréttablaðið

„Leikararnir fjórir  
eru hverjir öðrum betri  
...“

Arnís Þórarinsdóttir  
24 stundir

# Táknatréð rís í Urriðaholti

Á morgun rís í Urriðaholti ofan við byggð í Garðabæ stórt verk úr kopar sem **Gabríela Friðriksdóttir** hefur hannað í samstarfi við franska tvíeykið í hönnunar-fyrirtækinu m/m. Er það fyrsta mannvirkið sem rís í fyrirhuguðu byggingarlandi þar við jaðar Heiðmerkur.

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON MYNDLIST

**V**erkið er úr bronzi og verður einir fimm metr- ar á hæð. Gabríela kallar það minnisvarða – áminningu um möguleikana, innblásið af gjafmildi góðs samstarfs ólíkra aðila og endurspeglir þannig undirstöðu þeirrar byggðar sem rísa eigi í Urriðaholti.

Hugmyndina að verkinu segir Gabríela að megi rekja til þess þegar M/M-tvíeykið kom hingað til lands í tengslum við frönsku menningarhátíðina Pourquoi pas? snemma árs 2007. Þá hófst hugmyndavinna á bak við Tree of Signs og haldin var sýning í Hönnunarsafni Íslands í Garðabæ á frumteikningum að verkinu.

Tréð byggist á sömu leturgerð M/M og notuð var fyrir umslag utan um Meðúllu Bjarkar, og notað var sem grunnur undir allt prentað efni og þrívíða hluti sem þeir Mathias Augustyniak og Michael Amzalag unnu í samstarfi við Gabríelu fyrir Tvíæringinn í Feneyjum. Í Táknatrénu verður leturgerðin hins vegar algerlega þrívíð og teikningar Gabríelu mótaðar í lágmyndir sem hanga muna í trénu eins og ávextir eða fræ. „Þegar samstarf við Urriðaholt kom til tals og við hófum að kynna okkur hugmyndafræði þess kom hún heim og saman við hugmyndir okkar. Auk þess hafði okkur alltaf langað að setja tréð

upp á óbyggðu svæði,“ segir Gabríela.

„Við hjá Urriðaholti fréttum af M/M í gegnum menningarfulltrúa Garðabæjar og fórum stuttu síðar með þá Mathias og Michael í skoðunarferð upp undir Búrfellsgjána. Það er sjaldgæft að menn komist í tæri við jafn ósnortið land svo skammt frá byggð, enda hrifust þeir af náttúruferðinni. Skömmu síðar var ákveðið að tréð yrði fyrsta mannvirkið til að rísa í Urriðaholti. Það er skemmtilega táknrænt og gefur áþreifanleg skilaboð um gróanda og vöxt í Urriðaholti,“ segir Sigurður Gísli Pálmason, sem situr í stjórn Urriðaholts ehf.

Gabríela segir það besta við Táknatréð að það sé svo að segja stallalaust, ólíkt flestum listaverkum í opinberu rými. „Í slíkum rýmum finnst mér vera unnið á móti listinni með því að búa til fyrirfram ákveðinn ramma utan um allt, en þannig nær verkið sjaldan að þróast eðlilega og samsvara sér í umhverfinu,“ segir Gabríela. Hún segir þetta einnig speglast í því að leturgerðin sem notuð er í verkinu rammi ekki inn heldur skapi möguleika. „Hin formræna heimspeki og heimspekin á bak við Urriðaholt eiga vel saman. Það er að segja að spila með möguleikum náttúrunnar og rekast ekki á hana, heldur nota mjúk form sem mynda meira samspil.“



Verkið í málmsteypu í París. Brátt mun það gnæfa í Urriðaholti og taka á móti vindum úr norðri og suðvestri.

Gabríela Friðriksdóttir var fulltrúi Íslands á Feneyjvatværingnum 2005. Sagt er um verk Gabríelu að í þeim birtist innra landslag, þar sem ímyndaður kynjaheimur forsögulegs tíma rennur saman við samtímann. Hún framkallar

heim þar sem engin rökvis orð geta dregið skýr mörk á milli myrkra tilfinninga og gleði, og í stað öryggiskennar þarf áhorfandinn að kljást við tákn og minni. Gabríela leitar fanga í náttúrunni, tónlist og stefnulausum samræð-

um fólks og vinnur með ólíka miðla samtímans. Tvíeykið M/M er til húsa í París og í því eru þeir Mathias Augustyniak og Michael Amzalag. Þeir eru meðal þekktustu grafísku hönnuða samtímans. Michael Amzalag stundaði nám við hinn virta skóla École Nationale Supérieure des Arts Décoratifs í París og Mathias Augustyniak útskrifaðist með MA-gráðu frá Royal College of Art í London. Frá því að þeir stofnuðu M/M (París) hafa þeir komið víða við. Þeir hafa starfað með tónlistarmönnum á borð við Björk, hannað listaverkabækur fyrir söfn eins og Musée d'Art Moderne og Centre Pompidou í París og unnið náið með heimsfrægum listamönnum. Þar á meðal má nefna Philippe Parreno og Pierre Huyghe, en sá síðarnefndi sýndi nýverið verk sín í Listasafni Reykjavíkur á franskrum menningarhátíð. Þeir M/M hafa hannað fyrir tískuhúsin Yohji Yamamoto og Calvin Klein, lagt til ritstjórnarefni fyrir tímarit á borð við V Magazine og voru um tveggja ára skeið listrænar stjórnendur franska Vogue.

Hinn áhrifamikli listgagnrýnandi Hans Ulrich Obrist hefur sagt um M/M að tvíeykið hafi breytt hugmyndum manna í París til grafískrar hönnunar. Nú þykir það sjálfsagt að starf hönnuðar tengist samhliða tísku, myndlist og tónlist, en þannig var það ekki fyrir fimmtán árum. Mathias Augustyniak og Michael Amzalag áttu sinn þátt í að breyta landslaginu í þessum eignum á tíunda áratugnum með hönnun sinni og eru enn í fararbroddi þeirrar þróunar. Í raun má segja að þeir takmarki sig ekki við grafíska hönnun heldur skapi þeir sjónrænt tungumál sem brúar bilið milli ólíkra heima.

## ÆGIFEGURÐ FJALLA Í MANNANNA VERKUM

**I** dag opna tvær sýningar á Kjarvalsstöðum í tengslum við Listahátíð á vegum Listasafns Reykjavíkur. Í samstarfi við Félag landslagsarkitekta, sem um þessar mundir fagnar þrjátíu afmæli, hefur landslagsarkitektinn og listakonan Martha Schwartz hannað sex metra háan sýningar-skála sem stendur í garðinum við húsið. Verkið er í raun skúlptúr, garður, landslag – allt í senn: hlíðar klæddar áli. Verkið kallar listakonan „Ég hata náttúruna Reykjavík“. Það er reist með tilstyrk Ingibjargar Kristjánsdóttur og Ólafs Ólafssonar.

Verk Mörthu kallast á við meginýninguna á Kjarvalsstöðum, Drauma um ægifygurð í íslenskrum myndlist, sem Æsa Sigurjónsdóttir tók saman og sett var upp í Brussel fyrr í vetur. Þar tekur Æsa til endurskoðunar náttúruhugtakið í verkum íslenskra myndlistarmanna í víðum skilningi. Þarna ægir öllu saman: tónuðum ljósmyndum Vigfúss Sigurgeirssonar sem kallast á við nýlegar myndir Spessa og Péturs Thomsen. Þar er stór skúlptúr Kristjáns Guðmundssonar frá 1988, Blá færsla úr fimm stórum pappírurllum, sem ekki hefur sést áður hér á landi. Þarna er að sjá landslag í verkum Olgu Bergmann, Ólafs Elíassonar, útleggjngar Halldórs Ásgeirssonar, Gjörningaklúbbsins og fleiri á landslagshugtakinu í verkum okkar manna. Mun mörgum koma

á óvart hvernig landslagið teygir sig inn í konseptið eftir eftirfylgjumönnum þess í íslenskrum myndlist.

Æsa greinir frá athugunum sínum á ægifygurð landslagsins í ítarlegri ritgerð í sýningarskrá og rekur sporin í túni íslenskrar myndlistar, tengir viðleitni okkar að nema land í bókstaflegum skilningi í myndgerð af ýmsu tagi og setur hana í samhengi við-tekinnna en stundum falinna hugmynda í samtímanum og allt aftur til hins rómantíska tíma sem hóf til vega hugmyndina um hið villta í landinu um það leyti sem sótt var á skóga og öræfi Evrópu uns ekkert stóð eftir nema ókleif fjöll og fríðaðir skikar.

Sýningin um ægifygurð í íslenskrum náttúru er samantekin og uppsett með tilstyrk Landsbankans og menntamálaráðuneytisins.

Sýningarnar á Kjarvalsstöðum verða uppi á Klambatúninu til 7. september.

So fucking peaceful, 2001, Daniel Magnússon. Birt með leyfi listamannsins.



# Er um að taka við verkum á næsta uppboð



Muggur



Gunnlaugur Blöndal



Kjarval



Þorvaldur Skúlason



Þórarinn B. Þorláksson

## MÁLVERKAUPPBOÐ 29. maí

Fyrir viðskiptavini leitum við sérstaklega að Reykjavíkurmýndum eftir **Louisu Matt.**, módelmyndum eftir **Blöndal** og abstraktverkum eftir **Svavar Guðnason**, **Þorvald Skúlason**, **Karl Kvaran** og **Kristján Davíðsson**. Þá höfum við kaupendur að góðum verkum eftir **Mugg** og **Kjarval**



Karl Kvaran



Guðmunda Andrésdóttir



Karl Kvaran



Kristján Davíðsson

Vinsamlegast hafið samband sem fyrst við  
Pétur Þór í síma 511 7010 eða 847 1600

ÖRUGG OG GÓÐ ÞJÓNUSTA  
LÆGRI SÖLULAUN

Galleri  
**BORG**

Listmuna- og uppboðshús Reykjavíkur  
Skiptiholti 35, 105 Reykjavík, Sími 511 70 10, fax 511 70 40, petur@galleriborg.is

OPIÐ KL 13-18  
LOKAÐ SUNNUDAGA  
OG MÁNUDAGA

# Heildarútgáfa sem stendur undir nafni

## BERGPÓRA ÁRNADÓTTIR

Heildarútgáfa - kassi með fimm diskum

★★★★

Alúð og vandvirkni einkenna alla vinnu við þennan fimm diska pakka með tónlist Bergþóru Árnadóttur. Heildarútgáfa sem stendur undir nafni.

Kassinn með Heildarútgáfu Bergþóru Árnadóttur hefur að geyma fimm geisladiska og 64 síðna bók. Bergþóra sendi á ferlinum frá sér fjórar sólóplötur, Eintak sem kom út 1977, Bergmál (1982), Afturhvarf (1983) og Í seinna lagi (1987). Allar þessar plötur eru að sjálf-sögðu í kassanum með aukalögum, en líka fimmta platan, Skref fyrir skref sem hefur að geyma 18 hljóðritanir frá árunum 1985-2005. Bergþóra andaðist í Danmörku 8. febrúar 2007, en þar bjó hún síðustu ár ævi sinnar.

Bergþóra var fædd 15. febrúar 1948. Foreldrar hennar voru bæði hljóðfærleikarar þannig að hún ólst upp umlukin tónlist. Hún kom fyrst fram á skemmtikvöldi í Lídó í desember 1967, en fyrstu lögin sem hún sendi frá sér komu út á safnplötunni Hrif 2 árið 1976 á vegum ÁA-útgáfu Ámunda Ámunda-sonar.

Næstu tíu árin var Bergþóra mjög virk í tónlistarlífinu bæði sem sólólistamaður og meðlimur í hljómsveitum og samstarfsverkefnum. Hún var m.a. í hljómsveitum Trío tókall og Hálf í hvoru og var virkur meðlimur í Vísnavinum. Hún tengdist líka baráttusamtökum á vinstri vængnum, spilaði á vegum Menningarfélags alþýðu og studdi baráttuna fyrir herlausu landi með Heimavarnarliðinu sem sendi frá sér plötuna Eitt verð ég að segja þér árið 1979. Bergþóra starfaði með fjölmörgum tónlistarmönnum á ferl-



inum. Meðal þeirra má nefna Aðalstein Ásberg Sigurðsson (sem hefur umsjón með Heildarútgáfunni), Gísli Helgason, Eyjólf Kristjánsson, Pálma Gunnarsson, Tryggva Hübner, hinn norska Geir-Atle Johnsen og Graham Smith.

### Vinskapur við ljóð

Aðalsteinn Ásberg segir í texta sínum um hljómplötuna Bergmál að lögin á henni séu sprottin upp úr vinskap Bergþóru við ljóð.

Bergþóra samdi flest lögin sem hún flutti sjálf, en við texta annarra. Framan af voru það ljóðskáld eins og Steinn Steinarr, Davíð Stefánsson, Tómas Guðmundsson, Hannes Pétursson og Halldór Laxness, en þegar leið á ferilinn urðu samtímahöfundar meira áberandi og Bergþóra sjálf samdi nokkra texta líka.

Tónlistin á þessum fimm diskum er fjölbreytt og nokkuð misjöfn að gæðum. Þjóðlagahríf ýmiskonar eru áberandi í útsetningunum, en hljómurinn og áferðin eru líka lituð tíðarandanum. Það sem stendur upp úr hjá Bergþóru allan ferilinn eru næmni fyrir melóðu og söngurinn hennar sem bregst aldrei. Bergþóra á mörg frábær lög sem flestir þekkja bæði í flutningi hennar sjálfrar og annarra, þ.á.m. má nefna Verkamaður, Lífsbókin, Hveragerði, Gott er að lifa og Einu sinni þú.

### 50 aukalög

Það er óhætt að hrósa aðstandendum þessarar útgáfu fyrir vel unnið verk. Alúðin og metnaðurinn sem einkennir hana eru einstök. Kassinn sjálfur hefur kannski ekki yfir sama glæsileikann og nýlegur kassi Þursanna, en hvað alla aðra þætti varðar þá eru vinnubrögðin til fyrirmyndar. Eins og áður segir eru allar fjórar sólóplötur Bergþóru í kassanum, en þær eru drekkhlaðnar af aukafni. Á þessum fjórum diskum eru hvorki meira né minna en 32 aukalög. Lög af safnplötum og plötum með samstarfsverkefnum eru áberandi, en líka sjónvarpsupptökur og tónleikaupptökur. Fimm diskurinn er svo safn af 18 lögum frá síðustu tuttugu árunum sem Bergþóra tók upp tónlist.

Og svo er það bókinn. Í henni eru allir textarnir, nákvæmar og ítarlegar upplýsingar um allar plöturnar sem Bergþóra átti lög á og glás af myndum. Og svo er saga Bergþóru sem er



Bergþóra Árnadóttir söngvaskáld.

bæði dramatísk og heillandi rakin af Aðalsteini Ásbergi í nokkuð löngum texta sem stíklar á stóru í persónulegu lífi söngkonunnar og rekur tónlistarferil hennar af nákvæmni.

Bergþóra Árnadóttir var merkilegur tónlistarmaður sem hvarf af sjónarsviðinu allt of snemma. Þessi Heildarútgáfa gerir henni mjög góð skil.

Trausti Júlíusson

www.haskolautgafan.is



**Frá Syrlandi til Íslands**  
Arfur Tómasar postula  
Tómasarguðbjörg, Tómasarkver og Tómas saga postula eru rit tileinkuð heilögum Tómasi postula. Sá meður sem þau mynda í flögu framkráttinna rita er einstakur. Hér fást innvið í sum elstu varðveitt ummæli Jesú frá Nasaret þar sem upprisa Jesú frá dauðum er hvergi nefnd. Það er ekki pistarsvætti frelsarans sem er lykili að guðríkinu heldur þekking. Helsti þrandur í gotu mannsins að samri þekkingu reynast vera ástribur heildsins en ekki síðerðileg álitamál á vog syndar og aflausnar. Leiðin að þessari guðlega þekkingu er ekki gjaf heldur þrotlaus baratta við öfl þessa heims, þar sem meislari og hefsami verða tákinn hinna nýju kynslóðar Guðs. Í Tómasarkristni gefur að líta eina af elstu tálkum á persónu Jesú frá Nasaret og orðum hans. Sú tálkun átti ekki upp á pallborði þjá kirkjulegum yfirvöldum á fjórðu öld né lengi síðan. En þessi rit eiga erindi til samtímans þar sem þróingsni fortíðar vikur fyrir nýjum vilhorfam.  
Jón Ma. Ágústsson og Þórunn Inga Guðjónsson 406 bls.  
5.490 kr. Kjúja



**Eftir skyldu míns embættis.**  
Prestastefnuáættir Þórðar biskups Þorláksson  
Sýnisbækur íslenskrar alþýðamenn-  
ingar  
Þórður Þorláksson er þekktastur fyrir bók sína um Ísland árið 1666, hjóðfæraleik, garðrættarlávarir og kaup á kryddi erlendis frá. Ekki var hann atkvæðamáttill sem biskup en vandæði verk sín og nauð virðingar meðal annarra ráðmanna. Hér birtast dómur sem Þórður lét ganga á prestastefnum á Þingvöldum og í heraði. Þeir sýna kirkjustjór hans og afskipti af síðerði landsmanna, en ekki síst hagi og hegðun presta, sem margir hverjir voru skrautlegir náungar. Bókinni fylgir yfirlit um lík skrá yfir nöfn og atvörð. Gunnar Órn Hennsson og Már Jónsson tálku saman 276 bls.  
3.600 kr. Kjúja



**Tálmar og tækifæri**  
Njóta nemendur með þroskahéttu samþarfarlegar menntunar á við efastala nemendur? Hvaða kröfur eru gerðar til þeirra í námi og hegðun? Hvernig er kennslan, námskjalagildi og námsmat? Hvernig er félagslegur samskiptum nemenda háltað? Hvert er samstarf skóla við foreldra, sérfræðinga og aðrar stofnanir? Hvernig er staðið að undirbúningi undir starfi? Hvernig skilja starfsmenn og foreldrar námsmöguleika nemenda með þroskahéttu?  
Bókin gerir grein fyrir rannsókn sem leitaði seara við ofangreindum spurningum - og mörgum fleiri.  
Grétar L. Marínsson, ritstjóri 301 bls.  
3.900 kr. Kjúja



**Hugsað með Mill Greinasafni**  
Óhætt er að fullyrða að þreski heimspékingurinn John Stuart Mill hafði mjög mikill áhrif á íslenska heimspéki og stjórnmálaumræðu hér á landi. Þrjár af merkustu bókum hans, Frelsið, Nýttjastefnan og Kúgun kvenna hafa verið þýddar á íslensku og hugmyndir hans því íslendingum handgengnar. Í bókinni er að finna fræðigreinar eftir 10 íslenska heimspékinga þau Guðmund Heiðar Frimannsson, Gunnar Harðarson, Kristján Kristjánsson, Mikael M. Karlsson, Róbert H. Haraldsson, Sahlóru Nordal, Sigríði Þorgneisdóttir, Sigurð Kristjánsson, Sveinar Hrafn Sveinsson og Vilhjálm Árnason. Bókin er áhrakstur málþinga sem haldin voru í Reykjavík og á Akureyri í tilefni 200 ára fæðingarársmáls Mills á síðasta ári.  
Sahlóru Nordal, Róbert H. Haraldsson og Vilhjálmur Árnason, ritstj. 160 bls.  
3.200 kr. Kjúja



**Sú þrá að þekkja og nema**  
Greinar um og eftir séra Jónas Jónasson frá Hrafnagili  
Nýlega voru lífin 150 ár frá fæðingu Jónasar Jónassonar presta og fræðimanns sem kenndi sig við Hrafnagil í og var eikastamikill á mörgum svæðum menningararlífsins og hafði komið víða við áður en hann snéri sér að söfnun íslenskra þjóðhátta. Hann var sílessandi og siskrifandi jafnframt því að vera prestur í fjölmennri sókn, prófastur í Eyjafjarðarprófastsdæmi, kennari við Gagnfræðaskóla Akureyrar og ritstjóri. Hér eru prentaðar fjórar ritgerðir Jónasar sjálfs um þjóðfræðileg málafni, sem birtust fyrst á árunum 1908 til 1915, erindi sem haldin voru um séra Jónas á almennisárinu og ritaskrá hans. Greinarnar gefa góða mynd af þjóðfræðingnum, guðfræðingnum og ríðólundinum séra Jónasi sem þekktastur er fyrir brautrygðandaverk sitt íslenska þjóðhætti.  
Rísa Þorsteinsdóttir ritstjóri 176 bls.  
3.500 kr. Kjúja



**Nýsköpunar- og frumkvöðlafræði**  
Fræðigreinin sem hér er fjallað um er rúmg en hefur skapað sér fastan sess í háskólum Vesturlanda. Í bókinni er fjallað um helstu viðfangsefni og tengsl hennar við aðrar fræðigreinar. Skýrt er hvers vegna skólaspéki viðtekinnar hagræði og hagrænnar frjálslyggu er gagnslúð til skyringa á freyflófum nýsköpunarstarfsemi. Jafnframt er fjallað um snertifleti hennar við sálfræði, félagsfræði og stjórnmálafræði. Gerð er grein fyrir helstu kenningum og rannsóknunum innan nýsköpunar- og frumkvöðlafræði og fjallað um stjórnmálaáferðir nýsköpunar- og frumkvöðlafræðis.  
Í lok bókarlínnar setur höfundur fram kenningu um samræma nýsköpunarstarfsemi sem leggur áherslu á að nýsköpun er fyrst og fremst samstarfsferli.  
Hvar Jónsson 278 bls.  
3.900 kr. Kjúja



**Hugur 19/2007 Tímarit um heimspéki**  
Þema þessa heftis er heimspéki menntunar. Í Hug kvæða sér hljóðs þrjú íslenskir heimspékingar sem mjög hafa látið sig menntamál varða: Ólafur Páll Jónsson og Kristján Kristjánsson. Annað efni að þessu sinni er ekki síst safaríkt. Í áleitnu viðtali rekur Robert Jack garmirnar úr einum helsta sérfræðingi íslendinga á sviði forngrískrar heimspéki, Eyjólf Kjalari Emlitsyni, og fær hann til að hugsa með sér upphatt um viðhorf sín til heimspékinar með bæði fróðlegum og skemmtilegum hætti. Páll Skúlasen og þreski heimspékingurinn Bryan Magee fjalla báðir um þann vanda að skilja heimspékinga.  
Jón Ágæir Katmannsson, gagnrýnir viðfræðinga samtímans, Stefan Snævarr beinir sjónum sínum að þeim veruleika sem hagræðin fast við. Tvar greinar um bókur: Nattúru, vald og verðmæti eftir Ólaf Páll Jónsson, Bréfi til Maru eftir Einar Ma Jónsson.  
Geir Sigurðsson, ritstjóri 187 bls.  
3.600 kr. Kjúja

Háskólaútgáfan gefur út fjölbreytt frumsamin og þýdd ritverk er varða rannsóknir og kennslu við Háskóla Íslands og stofnanir hans. Háskólaútgáfan gefur að jafnaði út um 60 rit á ári hverju

Háskólabæ við Hagatorg | 107 Reykjavík | Sími 525 4003 | Fax 525 5255 | hu@hi.is | www.haskolautgafan.is

HÁSKÓLAÚTGÁFAN



# Líf sjómanna og vinnslufólks

## ÍSLENSKIR SJÓMENN

Texti: Gústaf Hannibal

Ljósmyndir: Gunnar Þór Nilsen

Útgáfufélagið ég og þú ehf.

★★★★

Merkileg útgáfa og vel unnin

Víst er það djarft af tveimur ungum mönnum að ráðast í útgáfu stórrar bókar um íslenska sjósókn, sjómenn, skip og vinnslu, á okkar dögum. Þeir fiska sem róa. Bókin Íslenskir sjómenn er stór (24,5 x 28,5 sm) í bandi, 265 síður, ríkulega myndskreytt ymist bláðandi myndum eða skornum. Umbrotið er hreinlegt og skrautlítið. Myndir Gunnars Þórs Nilsen njóta sín vel, texti Gustafs Hannibal er settur á stórum fæti, þrýðilega læsilegur. Prentun virðist hafa tekist vel í Lithaugalandi.

Lengi var það draumur í tilteknum hópi íslenskra skálda að skrifa kraftmikla lýsingu á lífi sjómanna, sumir snertu lítillaga á efniviðnum, aðrir gáfust uup – þótt Steinar Sigurjónsson og sumpart Guðbergur Bergsson svöruðu kallinu um síðir sem hafði svo mjög sótt á kynslóðina á undan þeim: Ása í Bæ, Ásgeir Jakobsson, Jónas Árnason – Jóhann Kúld. Hið stórbrotna umhverfi, hin miklu örlög, svipmiklir menn, allt virtist henta sem efni í sögu sem reyndist á endanum svo stórt efni að enginn náði um það.

Þeir Gunnar Þór og Gústaf vilja reyna að ná utan um íslenskan sjávarútveg: saga þeirra í textum og ljósmyndum er algerlega persónulegur sjónarhóll en þeir líta vítt og breitt um landið á vertíð: hér eru lýsingar, mislangar á sex fleyjum, sumar býsna langar í máli og myndum, aðrar skemmri, frá smábátum upp í stærstu skip flotans. Hér er skoðuð vinnsla af ýmsu tagi, loðnan tekur mest plássíð og er í fjórum hlutum, veiðar og vinnsla á hákarl og steinbít, rækju og grásleppu. Þá eru dregnar upp myndir af einstaklingum frá mörgum verstöðvum landsins, bæði ungum mönnum og öldnum. Þetta er margradda bók.

Þegar bókmenntamenn gáfust upp á að lýsa sjósókn virtist fátt vera til skráningar á sjómanslífi nema myndir Schevings – þar til heimildamenn í hópi kvikmyndagerðarmanna tóku sig til. Sumt af því efni rataði í heilar samstæðar myndir, annað er

aðeins til í brotum sem hafa þó dugað til að geyma til lengri tíma lifandi vitnisburð, en lengi gátu ljósmynda- og kvikmyndavélar ekki fangað háskalegustu augnablikin á hafinu. Þær lýsingar fóru í einhvers konar þjóðlega geymd og hafa lifað bestu lífi í bókaflökkum á börð við Útkallsbækur Óttars Sveinssonar og Sjávarháskaritröð Steinars Lúðvíkssonar. Rétt eins og lýsing í orðum á sjósókn geti aðeins þrífist innan rýmis háskasögunnar sem rekur vitnisburði, skýrslur, stillir saman þá mörgu þætti í hinni flóknu vél sem sjóvá er.

Tækni myndavélarinnar, linsur og ljósnæmi, ná nú betur til viðfangsefnisins. Gunnar Þór reynist býsna fundvís á sterkyggð myndefni: skráning hans á aðstæðum í íslenskri sjómennsku og landvinnslu verður þegar saman er tekið einstök og mikilvæg um alla tíð fyrir þær sakir. Viðfangsefnið er býsna vítt, kallar á mörg stílbrigði, en heildarsvipurinn er sterkur: stöku myndir vísa út fyrir efnið, eins og sú sem hér birtist með.

Texti Gústafs er lipurlega saminn, hversdagslegur með sterka höfundarnálægð ungs landkrabba sem er ögn þreifandi í stíl sínum. Sjónarhornið stendur nálægt lesandanum, hann samsamar sig sögumanninum auðveldlega, deilir með honum addáun og óttablandinni virðingu með þeim sem leggja á djúpin. Höfundi tekst þannig að hrífa lesanda með sér. Hér er gagnrýni og skörp skoðun víðsfjarri. Ekki er heldur tekin afstaða til þeirra miklu deilna sem rist hafa rúnir í samfélagssgerðina svo lengi.

Niðurstaða verksins er dregin saman í bláenda bókarinnar: „Á ári hverju eru flutt út tuttugu-ogsex milljón kíló af fiski frá Íslandi. Í útlöndum er vinna íslenskra sjómanna ár hvert, metin á rúmlega eittundrað milljarða íslenskra króna.“

Þetta er glæsilega unnið verk hjá tveimur ungum höfundum. Þeir fiska sem róa.

Páll Baldvin Baldvinsson



Ein mynda Gunnars úr verkinu – stendur nokkuð afsíðis miðað við þann stíl sem hann velur sér. Hún er tekin án aukabirtu og er merkilega lýsandi fyrir það líf sem bíður manna í höfn.

## Gunnar og Guðbergur

Hlustendur Rásar 1 hjá Ríkisútvarpinu eiga von á góðu í sumar en þá verða fluttir upplestrar tveggja skálda á merkilegum og mikilvægum skáldsögum frá ferli þeirra beggja: Gunnar Gunnarsson hefur lestur á Svartfugli að kvöldi þann 2. júní og þá fyrir um daginn hefst lestur Guðbergs Bergssonar á Músinni sem læðist í þættinum Víðsjá.

Svartfugl verður kvöldsaga en mikil vinna hefur farið í að búa lestrana til flutnings enda böndin og upptökurnar komnar til ára sinna. Söguna las Gunnar í tuttugu lestrum sem sendir voru út beint og hljóðritaðir um leið í apríl, maí og júní 1956. Las hann söguna í þýðingu Magnúsar Ásgeirssonar en Svartfugl samdi Gunnar á dönsku og gekk ekki frá eigin þýðingu á verkinu fyrir en á sjöunda áratugnum og kom hún fyrst út í heildarsafni hans á vegum Almenna bókafélagsins. Í haust er von á að lestur sögunnar verði tilbúinn á hlaðvarpi fyrir þá sem vilja hlaða henni þar niður. Svartfugl er eitt höfuðverka Gunnars og verður fróðlegt að heyra hvernig lestur hans mun auka við vídd sögunnar sem er syndajátning manns á miðjum aldri um hroðalega atburði sem gerðust á hans yngri árum og studdist Gunnar þar við hin hræðilegu morðmál á Sjóunda innan við Rauðasand.

Guðbergur Bergsson hefur verið að lesa inn



Gunnar Gunnarsson.



Guðbergur Bergsson rithöfundur.

Músina sem læðist en lestur hans á sögunni verður leikinn í Víðsjá í sumar; hefst væntanlega líka 2. júní.

Músinn var fyrsta skáldsaga Guðbergs og gerist í litlu sjávarþorpi sem dregur dóm af Grindavík. Guðbergur er snjall flytjandi og verður fróðlegt aðdáendum hans að heyra lestur hans á sögunni. Vonandi verður áframhald á hljóðritunum á sögum Guðbergs í hans flutningi.

SKOVBO  
VIGGO MORTENSEN

31. maí – 31. ágúst 2008

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR  
Reykjavík Museum of Photography

Grófarhús · Tryggvagötu 15 · 101 Reykjavík · Sími 563 1790 · www.ljosmyndasafnreykjavikur.is  
Ópið mánudaga til föstudaga frá 12–19 · helgar frá 13–17 · ADGANGUR ÓKEYPIS

maí 2008

**menning**

[ SÉRBLAD FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR ]

### ... AÐ TJALDABAKI

**Killer Joe** verður frumsýnd á Akureyri á fimmtudagskvöld í Rýminu. eru fimm sýningar ákveðnar nyrðra en uppselt er á fjórar og líklega verður bætt við sýningum. Skámáni er um þessar mundir að skipuleggja alþjóðlega leikferð með sviðsetningu Stefáns Baldurssonar. Farið verður til Þjóðleikhússins í Litháen, og mun líklega halda til Moskvu í kjölfarið.



**Sýning Steinunnar Þórarinsdóttur** hefur nú staðið yfir í skúlpúrgarði Katonah-safnsins í New York síðan í júní 2007. Nú hefur verið falast eftir henni víðar um Bandaríkin: hún flyst til Memphis, Tennessee 31. maí. Í september verður sýningin sett upp í San Antonio Botanical Gardens. Verk Steinunnar verða einnig sýnd á vegum Solomon Gallery í Dublin og opnaði sú sýning þann 15.



**Danski leikarinn** og fjöllista- maðurinn Viggó Mortensen opnar ljósmyndasýningu sem hann kallar Skovbo í Ljósmyndasafni Reykjavíkur þann 31. maí og verður hún opin fram eftir sumri.



**Makbeð** - leikritið sem ekki má nefna sækir á íslenska leikhúsmenn um þessar mundir en samkvæmt heimildum eru fyrirhugaðar sviðsetningar á því bæði í Borgarleikhúsi og Þjóðleikhúsi á næstu misserum. Stefán Hallur Stefánsson leiðir hóp Þjóðleikhússins en hjá Leikfélagi Reykjavíkur er sviðsetning ekki fyrirhuguð fyrr en leikárið 2009-2010.



## Afmælishelgi 17. & 18. maí

# Hirzlan í 15 ár!

### 15% - 60% afsláttur

af öllum vörum

opið lau. kl. 10 - 18, sun. kl. 10 - 16



veggssamstæður



skrifstofuhúsgögn



barnahúsgögn



kommóður



sjónvarpsskápur



fataskápar



hæðarstillanleg skrifborð

# Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040

[www.hirzlan.is](http://www.hirzlan.is)

**Kaffiveitingar og næg bílastæði !!!**



[solon.is](http://solon.is)

# SÓLON

kaffi & bistro

fundir



kokteilar



tapas



salöt



fiskur



heilsuréttir





**HRAUNHAMAR**  
FASTEIGNASALA

Fasteignasala  
snýst ekki bara  
um fasteignir...  
...heldur líka um fólk

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is

## Opin hús í dag milli 15-17 á Völlunum í Hafnarfirði

**KLUKKUVELLIR 3 - GLÆSILEGT 16 ÍBÚÐA LYFTUHÚS Á FJÓRUM HÆÐUM**

**Nýtt í sölu**



**Stærð íbúða:**

3ja herbergja 95 og 109 fm.

4ra til 5 herbergja 132 fm.

Gott aðgengi með lyftu.

Glæsilegar innréttingar frá HTH.

Eldhústæki frá AEG að vandaðri gerð.

Öll gólfefni fylgja, parket og flísar frá Parka.

Fullkomið gólfhitakerfi.

Halógenlýsing.

Húsið klætt að utan með álklaðningu.

Hagstæð verð, hagstæð greiðslukjör.

**DREKAVELLIR 28 GLÆSILEGT FJÓRBÝLI**

**HNOÐRAVELLIR 2-4-6 GLÆSILEG RAÐHÚS**



4 glæsilegar íbúðir.

2 bílskúrar.

Ein 2-3ja herb, 83 fm neðri sérhæð.

V. 21,7 millj.

Ein 3ja - 4ra herb. 95,2 fm neðri sérhæð.

V. 24,2 millj.

Tvær 4 herb. 122,6 fm efri sérhæðir ásamt

27,1 fm bílskúr. V. 33,8 millj.

Til afhendingar fljótlega.

Vandaðar innréttingar frá Egg.

Vönduð tæki.

Extralofthæð 270 cm.

Halógenlýsing í stofu og holi.

Granítborðplötur.

Sérlega rúmgóðar og vel skipulagðar íbúðir.

Stutt í skóla og leikskóla.

Byggingaraðili er Bergsmíði ehf.



Þrjú raðhús á einni hæð

Húsin eru 202 fm

Húsin eru sérlega björt

og hátt til lofts.

Gert ráð fyrir 3 svefnherbergjum.

2 baðherbergjum.

Stór stofa og rúmgott eldhús.

Hiti eru komin í gólf.

Búið að einangra þak og plasta.

Úthringur pússaður.

Húsin eru hönnuð af Kára

Eiríksyni arkitekt.

Möguleiki að fá húsin lengra

komin.

Frábær staðsetning

Til afhendingar strax.

Verð frá 36 millj.

Byggingaraðili: Fjarðarhús

# Hinn íslenski Andabær

Föstudaginn síðastliðinn voru 25 ár liðin frá því að vinir okkar í **Andabæ** hættu að tala dönsku og fóru að góla hver á annan á móðurmáli okkar þegar fyrsta íslenska Andrésar andarblaðið leit dagsins ljós. Af því tilefni fékk **Júla Margrét Alexandersdóttir** þrjá valinkunna einstaklinga til að segja til um hvaða þjóðþekktu einstaklingar líktust mest Andrési önd, Mikka mús og Hexíu de Trix.

## → ÁLITSGJAFAR FRÉTTABLAÐSINS



GUÐMUNDUR  
STEINGRÍMSSON



KRISTJÁN B.  
JÓNASSON



DRÖFN ÖSP  
SNORRADOTTIR

### ANDRÉS ÖND

**G:** Davíð Oddsson. Dálítið uppstökkur, samt fyndinn. Verður oft reiður og segir eitthvað sem fáir skilja. Eins og Andrés.

**K:** Andrés Önd er hinn ódrepanði fótgönguliði kapitalismans, smáborgarinn sem er sífellt sannfærður um að einhver hafi það betra hann, sé framar honum eða sé að stela einhverju af sér. Hvert einasta ævintýri hans, hvort sem það er heima í garði eða inn í myrkum frumskógum Amasón, miðar að því að sanna fyrir umheiminum að hann sé stór karl hvað sem hver segir. Fyrir vikið er ljóst að honum mun í sífelli mistakast því hann hefur í raun ekki hæfileika til eins né neins nema að vera stöðugt reiður og argur en um leið útsjónarsamur við að redda sér á sem allra billegastan og aumlegastan hátt út úr öllum vandræðum. Næstum hvert íslenskt heimili hefur einn Andrés önd.

**D:** Pétur Jóhann er alveg eins og Andrés önd. Og aldrei í buxum.

### LITLI HJÁLPARI

**G:** Jakob F. Magnússon. Reynir að hjálpa Ólafi, en það tekst ekki alltaf.

**D:** Birgir Ármannsson. Alltaf sendur í reddingar þegar Sjallarnir eru í ruglinu.

**K:** Ísland á marga litla hjálpara. Einn kemur upp í hugann, Jón Kristinn Snæhólm.



### GEORG GÍRLAUSI

**K:** Enginn Íslendingur er jafn slyngur í að stinga upp á hinu fáránlega í bland við hið snilldarlega og Ómar Ragnarsson. Eitt sinn lýsti hann því í sjónvarpinu hvernig væri hægt að stökkva út úr Herkúlesflugvél á snjósleða yfir Vatnajökli og lenda á réttum kili og fannst þetta sjálfsagt mál að prófa en hann sagði líka árið 1975 að rafbílar væru framtíðin.

**D:** Kári Stefánsson á þennan titil skuldlausan.

**G:** Ólafur F. Magnússon. Eins og Georg reynir hann að láta verkin tala, en það tekst ekki alltaf.

### MÍNA MÚS

**G:** Hanna Birna Kristjánsdóttir. Sýnir samstöðu með Mikka mús opinberlega, en hver veit hvað hún ætlar sér?

**K:** Ef Andrés önd er í hverju húsi þá er Mína mús konan hans. Hún tekur aldrei ábyrgð á neinu sem gerist en vísar stöðugt hverju smáviðviki til Mikka sem er í stöðugri leit að viðurkenningu og lætur því tilætlunarsemi og brigsli um sviksemi möglunarlaust yfir sig ganga. Mína mús er meira fyrir að stýra öðrum en framkvæma sjálf og leggur stundum á sig miklu meira erfiði við að fá aðra til að koma því um kring sem hún hefði auðveldlega getað sjálf gert.

**D:** Kolfinna Baldvins. Hún er bara svo mikil mús. Hlédræg, lágvær og til baka.



### HEXÍA DE TRIX

**D:** Ragnhildur Gísladóttir. Er svona á pörtum að sporta alveg sama útliti og Hexía.

**K:** Hexía de Trix er ódrepanði fúlmenni sem er jafnframt laust við að vera klaufalegt og bjálfalegt líkt og hinir miklu óvinir smáborgaraheimsins í Andabæ, Bjarnarbófarnir. Bjarnarbófarnir eru dæmigerðir „góðkunningjar lögreglunnar“ en Hexía de Trix er hinn ógurlegi „land developer“ sem kaupir tvö herbergi í gömlu sætu tímurbúsi og lætur geðveika eiturfjásjúklinga með rottweilerhunda ríða þar húsum uns allur kofinn er hennar.

**G:** Jónína Benedíktsdóttir. Eins og Hexía er hún í stríði við auðvaldið.



### MIKKI MÚS

**K:** Elsta Andabæjardýrið, frummyndin sjálf, er hin vinalega og sæta mús sem, öfugt við spegilmynd sína Andrés, er ekki jafn skelfilega viðskotail. Mikki er blíðlyndur piparsveinn sem er lífsglaður og kátur. Einhvern veginn væru þeir Mikki og Hemmi Gunn ekki óþekkir.

**D:** Páll Óskar, framkvæmdaglöð tiskudrós, sem hikar ekki við að fara í hvíta hanska og doppótt náttföt.

**G:** Gísli Marteinn Baldursson. Góðhjartaður náungi en hlutirnir fara ekki alltaf eins og hann ætlaði.



• EINKAFLUGMANNSNÁM

• ATVINNUFLUGMANNSNÁM

• FLUGKENNARANÁM



**ANDRÉSÍNA**

**K:** Andrésína er stödd í eilífu tildragelsi þar sem gifting biður við enda ganganna en verður þó aldrei því hana óar við því að verða móðir og lífsförunautur. Prótótýpa þessarar daðurdrósar öðlaðist holdteknungu í Rósu Ingólfs sem boðað hefur um áratugaskeið eilífleika tildragelsisins á meðan aðrar konur misstu rómantíkuna inn í reit á Excelskjali eða glutruðu henni niður um götin á innkaupakerrunni í Bónus.

**G:** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Á Andrésína ekki í einhvers konar ástar/haturssambandi við Andrés?

**D:** Dorrit. Alltaf fin, hress og bleik.

**HÁBEINN**

**K:** Hinn ljónheppni og rognni glansgæi stelur senunni aftur og aftur svo Andrés fær næg tilefni til að taka nokkur góð geðvonskuköst. Þar sem hann er líka helsti keppinautur Andrésar um hylli Andrésínu eru næg tilefni fyrir núning á milli þeirra frænda. Hvar sér maður svo myndarlegan spennilegg í íslenskum Andabæ? Það skyldi þó aldrei vera að Björgólfi Thor Björgólfssyni svipti til Hábeins þar sem hann gengur um stræti með órætt bros í litklæðum og gerir hina seinheppnu Andrésa Íslands óða af gremju yfir lukku hans.

**G:** Björgólfur Thor. Hábeini verður allt að fé. Þetta fer ósegjanlega í taugarnar á Andrésí.

**D:** Ólafur Ragnar – þeir eru báðir með sömu hárgreiðsluna og svo er hann jafn sjúklega heppinn – að vera forseti.

**AMMA ÖND**

**D:** Herdís Egilsdóttir föndurdrottning og kennari. Góðleg og sæt eins og amma önd.

**G:** Guðni Ágústsson. Þessi gamalreyndi stjórnmála- maður er holdgervingur hinnar ríflega 90 ára framsóknarmaddömu.

**K:** Hin húslega og vinalega amma önd sem býr í sveitinni og töfrar þar fram miklar matarkrásir en er um leið á einhvern hátt þýsk í anda og nokkuð ströng í fasi á sér enga skýra samsvörun í íslenskum andahópi. Ef Nanna Rögnvaldardóttir og Ingibjörg Sólrún yrðu samvinnuáðar kæmi þar út amma önd.

**RIPP, RAPP OG RUPP**

**G:** Bjarni Harðarson, Kristinn H. Gunnarsson og Jón Bjarnason. Þeir koma einhvern veginn alltaf upp í pontu hver á eftir öðrum niðri á þingi.

**K:** Aldrei deyrja þeir ráðalausir litlu frændur Andrésar sem reyna hvað þeir geta að hafa vit fyrir ofsamanninum. Þeir eru í bullandi meðvirkni með reiðiröskun erfiða heimilisföðurins og eyða því ævinni í sífelldri leit að lausnum á vandræðum hans. Eins og vænta má er Andrésí slétt sama um hjálpsami annarra en litlu ungarnir hafa stuðning hver af öðrum og vita sem er að þeir eru betri menn og útsjónarsamari en vanstilltur frændinn. Þeim svipar því um margt til Gísla Marteins, Kjartans Magnússonar og Júlíusar Vífils sem verða á sífellu að beita öllum brögðum til að bjarga óútreiknanlegum borgarstjóra úr sínum stöðugu klípum. Hann kann þeim litlar þakkir fyrir en það kemur ekki í veg fyrir að vart er hann búinn að koma sér í gott klandur en Ripp, Rapp og Rupp hlaupa til eins og sannir skátar og draga hann upp úr pyttinum.

**D:** Herbert Guðmundsson, Leoncie og Geir Ólafs.

**GUFFI**

**D:** Ástþór Magnússon – göslast áfram án þess að hafa hugmynd um hvort hann nær að klára verkefnið eða ekki. Munnsvipurinn er eins.

**G:** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson. Gamli góði Guffi er alltaf með, gleymir minnisblöðum og hleypir öllu í háalof. Verður síðan mest undrandi sjálfur.

**K:** Maður gæti haldið að í lopapeysukynslóð krúttanna væru allir óttalegir Guffar, en krúttin eru öll flögð undir fögura skinni með skýrt markaða stefnu um heimsyfírráð og markaðshlutdeild. Hinir sönnu Guffar þessa lands eru gæflyndir myndasöguáhugamenn og kvikmyndaspeialistar með mikinn áhuga á spurningakeppni framhaldsskólanna. Ætli frummyndin sé ekki Stefán Pálsson, ef hann væri ekki svona gallharður í pólitíkinni.

**BJARNABÓFAR**

**K:** Olís, Esso og Skeljungur – eru þetta ekki hinir miklu Bjarnabófar þessa lands?

**D:** Kalli Bjarni, Einar Ágúst og Lalli Johns.

**G:** Erlendir vogunarsjóðir. Óprúttir aðilar sem gerðu atlögu að íslensku krónunni. Hlæja núna dátt.

**JÓAKIM AÐALÖND**

**D:** Björgólfur Guðmundsson nema að hann er ekki nískur. Eg er líka eiginlega alveg viss um að hann er yfirleitt í buxum á almannaferi.

**K:** Það er bara einn maður á Íslandi sem ræður yfir stórum peningakassa og þolir engum að seilast í þann sjóð og það er Davíð Oddsson.

**G:** Björgólfur Guðmundsson. Margir sjá hann fyrir sér sitjandi á gullhaug eins og Jóakim.



# STÆRSTI OG ÖFLUGASTI FLUGSKÓLI LANDSINS

Flugskóli Íslands er stærsti og öflugasti flugskóli landsins með 17 flugvélar, þyrilu og flughermi í rekstri og á næsta ári bætist B-757 flughermir í flotann. Skólinn býður upp á allt nám sem þarfnast til að flugmaður geti hafið störf hjá flugfélagi sem atvinnuflugmaður. Að auki sinnir skólinn tegundarþjálfunum og endurmenntun fyrir flugmenn innlendra og erlendra flugfélaga.

• ÁHAFNASAMSTARF

• TEGUNÐARÁRITANIR

• ÞYRLUNÁM

Flugskóli Íslands  
Tækniskólinn



WWW.FLUGSKOLI.IS

Flugskóli Íslands er hluti af og í eigu Tækniskólans, skóla atvinnulífsins

**STUÐ MILLI STRÍÐA** Augnablik í hvítum römmum

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR OPNAR EIGIÐ POLAROID-MYNDASAFN



Ég upplifði sára hjartasorg þegar ég komst að því að framleiðsla á polaroid-myndavélum og tilheyrandi filmum yrði hætt. Það er eitt-hvað svo dásamlega huggulegt við þessar myndir sem maður finnur hér og þar í töskum og vösum, upplitaðar og beyglaðar. Á þær eru festar þessi augnablik sem Kodak hefur eignað sér í síðustu tíð, minningar í hvítum ramma sem aldrei gleymast.

Þrátt fyrir að filmurnar verði ekki lengur fáanlegar er safnið þó ekki alveg horfið. Allir geyma í huga sér svona minningar í hvítum römmum, sem upplitast og beyglast jafnvel minna en þessar ápreifan-

legu. Ég á safn af augnablikum sem eru prentuð á heilabörkinn í mér, af jafn mismunandi ástæðum og þau eru mörg. Eitt er þeirrar tegundar að ég hefði virkilega viljað hafa polaroid-vél í töskunni minni þegar það rak á fjörur mínar, bara svo að aðrir gætu notið þess líka. Þar sem eina innihald töskunnar þann morguninn voru húsyklar og hælsærisplástur ætla ég, einu sinni sem oftast, að misnota aðstöðu mína og brenna þessa gullfallegu mynd á fleiri heilaberki.

Ég var á leið heim úr næturvinnunni minni, snemma að morgni sautjándra júní. Sú leið lá þá niður Bankastræti, eftir Austurstræti, fram hjá Ingólfstorgi og upp Bröttugötu. Ég var nokkurn veginn ein á

ferli, auk götusópara og vinnuliðs sem barðist við að setja upp hvítu sautjándra-júní tjöldin í morgunroki. Einhverjir sölumenn virðast þó hafa verið komnir á stjá, miðað við hina dásamlegu sjón sem blasti við mér þegar ég sneri inn í Bröttugötu. Þar mætti ég tveimur öldruðum nunnum á morgungöngu. Þær trítuðu niður strætið, arm í arm, klæddar hvítum Ecco-sandölum og sokkum í stíl, í dúnúlpum yfir kuflana sína og með höfuðbúnaðinn blaktandi eins og fána í vindinum. Fegurðin fólst samt í skærbláa kandíflosinu, sem hvor um sig hélt á og gæddi sér á með bros á ljósfjólubláum vörum.

Nunnur með kandíflos. Það er polaroid-mynd sem beyglast aldrei.

**myndasögur****Pondus**

Eftir Frode Øverli

**Gelgjan**

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman

**Handan við hornið**

Eftir Tony Lopes

**Kjölturakkar**

Eftir Patrick McDonnell

**Barnalán**

Eftir Jerry Scott &amp; Rick Kirkman

**SKJÁL-  
ANDI**

HENRY BIRGIR LÆTUR ÞIG HEYRA ÞAÐ Í NÝJUM ÍPÞÓTTAÞÆTTI Á X-INU Í HÁDEGINU ALLA VIRKA DAGA

ALLT SEM ÞÚ ÁTT AÐ VITA UM ÍPÞÓTTIR, HVORT SEM ÞÉR LÍKAR ÞAÐ BETUR EÐA VERR

ENGIN FROÐA EKKERT RUGL



# Útgáfa í fullum blóma

Kreppuógnin vofir yfir heimsbyggðinni eins og geðvondur draugur með tannpínu og hafa margir orðið ansi skelfdir við tilhugsunina um hamfarirnar sem henni munu óhjákvæmilega fylgja. Bókaútgefandinn Benedikt Lafleur er ekki í þeim hópi; það koma út tíu titlar hjá Lafleur útgáfunni á árinu og er framboðið fjölbreytt.



BENEDIKT LAFLEUR Lafleur útgáfan sendir ýmislegt áhugavert frá sér á árinu.

Benedikt er ekki lengi að koma sér að efninu, spurður um hvað beri hæst hjá útgáfunni þetta árið. „Það er klárlega Númeralógían - Talnaspeki fyrir byrjendur og lengra komna, eftir sjálfan mig. Þessi bók byggir á fimmtán ára vinnu, námskeiðum og greinum og er fyrsta bók sinnar tegundar sem kemur út hér á Íslandi. Bókinni er skipt í tvo hluta og þannig er hún eiginlega tvær bækur í einni. Í fyrri hlutanum er fræðilega hliðin á talnaspeki kynnt fyrir lesandanum og honum gefið tækifæri á að læra að stunda sjálfur talnaspeki. Í síðari hlutanum eru ýmsir þjóðþekktir einstaklingar talnagreindir og er óhætt að segja að ýmislegt óvænt komi út úr því.“

Sem fyrr segir spanna bækur Lafleur útgáfunnar breitt svið við-

fangsefna og því er líklegur en ekki að flestir finni eitthvað við sitt hæfi í flórunni. „Þýðing Sigrúðar Pálsónar á Líf mitt með Mozart eftir Eric-Emmanuel Schmitt kemur út seinna á árinu og með henni fylgir hljómdiskur með tónlist eftir Mozart. Þess má til gamans geta að stefnt er að því að setja leikgerð þessarar sögu upp á fjöllum Íslenku óperunnar í haust. Að auki koma út ljóðabækur, þeirra á meðal bók eftir Kára Svansson sem heitir Hávamál in nýju. Í henni má finna ljóð sem Kári hefur ort eftir sama ljóðformi og hin upprunalegu Hávamál, þó að innihald og niðurstaða ljóða hans sé að sjálfsgöðu allt önnur. Svo er líka vert að minnst á Miskunnsemi andskotans - Kvikmyndasögu

Bandaríkjanna eftir Jónas Knútsón, en þar er á ferð gífurlega metnaðarfullt verk þrýtt fjölmörgum ljósmyndum,“ segir Benedikt.

Sem sjá má er engan bilbug að finna á bókaútgefandanum Benedikt sem lætur kreppatal sér sem vind um eyru þjóta. „Maður þarf bara að vera raunsær í þessum útgáfubransa,“ segir hann. „En það er stundum fylgifiskur niðursveiflu í efnahagslífinu að þá fer fólk að leita meira inn á við og verða fhugult og það getur verið gott fyrir listir og bókmenntir. En ég hef að sjálfsgöðu tröllatru á viðskiptafrömuðunum okkar hér á landi og er viss um að þeir munu stýra okkur út úr þessum efnahagskröggum.“  
vigdis@frettabladid.is

## Lífsþorsti og sjálfsþroski

Það er gömul saga og ný að enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur. Aðalpersónan í skáldsögunni Áður en ég dey er sextán ára stelpa og lífsþyrstur hvítblæðisjúklingur. Frá fyrstu síðu er saga hennar baráttusaga ungrar manneskju sem þráir að upplifa sem mest og skilja eitthvað eftir sig áður en hún deyr. Tessa er dauðvona og stríðir við sinn sjúkdóm á sama tíma og hún glímur við erfiðleika unglingsáranna, kynslóðabil, ósátta foreldra, hormóna og hugmyndir um ástina.

Tessa ákveður að setja saman lista yfir hlutina sem hún vill framkvæma áður en hún deyr og sagan rekur síðan hvernig hún fer að því að nýta sína síðustu daga. Eins og gefur að skilja eru nokkrir forvitnilegir hlutir á listanum – hún vill til að mynda missa meydóminn, koma foreldrum sínum saman að nýju og brjóta lög. Tessa vill ekki deyja án þess að hafa lifað og krafa hennar er vitanlega sanngjörn því hlutskiptið er hræðilegt.

Tessa er um margt áhugaverð persóna en það er eitthvað við frásagnarmátann sem framandgerir hana í augum lesandans. Hún er mótsagnakennd persóna (sem

kannski er skiljanlegt þegar maður er bara sextán) að því leyti að hún er ungasögð en á köflum óhemju skáldleg og skynsöm á sama tíma. Mér finnst vanta töluvert upp á trúverðuleikann í bókinni, einnig þegar kemur að aukapersónunum sem eru lítt mótaðar. Besta vinkonan, Zoey, og sæti strákurinn í næsta húsi, Adam, eru til að mynda eins og klippt út úr fyrirsjáanlegri unglingsmynd. Önnur viðfangsefni svo sem það að prófa dóp, sofa hjá, stela úr búðum og skilja ekki foreldra sína eru líka afar kunnugleg og hlutskipti Tessu, sem lýst er í settlegri fyrstu persónu, bætir þar litlu við. Dramatíkin sem fylgir dauðanum sem vokað gæti yfir sögunni er merkilega lítil. Það er mjög hægar stígandi í bókinni fyrir utan ástárgöngu og flest „vandamál“ Tessu eru afgreidd frekar auðveldlega og snyrtilega af höfundarins hendi.

Áður en ég dey er skáldsaga um lífið en ekki dauðann. Hún er afar létt aflestrar og lipurlega þýdd. Þessi saga mun án efa vekja áhugaverðar spurningar meðal yngri lesenda um heimspeki lífsins og tilgang.

Kristrún Heiða Hauksdóttir



### BÓKMENNTIR

#### Áður en ég dey

eftir Jenny Downham  
Þýðandi: Ísak Harðarson  
Forlagið

★★

Áhugaverð en fyrirsjáanleg þroskasaga

## Ljósmyndarar um list sína

Í tengslum við sýninguna Endurkast sem nú stendur yfir í Þjóðminjasafninu munu ljósmyndararnir sem þar sýna vera með leiðsögn á sunnudögum kl. 14. Í dag gefst gestum safnsins kostur á að ganga með sýninguna með þeim Spessa og Braga Þór Jósefssyni og fræðast um þeirra sýn á stöðu ljósmyndunar á Íslandi í dag.

Sýningin Endurkast er samsýning nokkurra listamanna þar sem leitast er við að marka ljósmyndinni sérstakan sess sem listgrein, einkum innan íslenskrar myndlistar, þar sem ljósmyndin hefur löngum verið talin hafa meira heimildargildi en listrænt gildi.

-vp

ÞJÓÐMINJASAFNIÐ Byður gestum sínum oft og reglulega upp á leiðsagnir um sýningar.



**GÍTARINN**  
HLJÓDFÆRAVERSLUN

*Stagg*

Þjóðlagagítar

Poki, Ól, Stilliflauta,  
Auka Strengjasett,  
eMedia geisladiskur.

**Kr. 14.900**

Fáanlegir Litir:  
Viðarlitaður,  
Sunburst,  
Svartur,  
Blár.

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125  
www.gitarinn.is



## BÖRN OG VANRÆKSLA

Dagskrá í samvinnu við NFBO - Norræna félagið gegn illri meðferð á börnum

Sun. 18. maí kl. 20.00

### KÆRLEIKUR OG STÁLULL

Sænski rithöfundurinn Lisbeth Pipping les úr bók sinni um börn sem alast upp með seinfærri möður.

Mán. 19. maí kl. 13.00

### ÚTHVERFABÖRN

Verðlaunavikmynd eftir Catti Edfeldt og Ylva Gustavsson. Sænsk/finnski rithöfundurinn Susanna Alakoski heldur fyrirlestur.

Mán. 19. maí kl. 19.30

### SVÍNASTÍURNAR OG VEÐRAMÓT

Susanna Alakoski heldur fyrirlestur og les úr bók sinni um börn sem alast upp hjá foreldrum sem eru alkóhólistar. Lisbeth Pipping heldur fyrirlestur. VEÐRAMÓT eftir Guðnýju Halldórsdóttur.

Þri. 20. maí kl. 10.40 - 12.00

### MISNOTKUN INNAN STOFNANA

Pallborðsumræður í tengslum við ráðstefnu NFBO. Þátttakendur: Anders Nyman, Róbert Ragnar Spanó, Bragi Guðbrandsson og Páll Rúnar Elísson.

Enginn aðgangseyrir

LIST ÁN LANDAMÆRA alla daga í sýningarsal. Bókasafnið er opið alla daga vikunnar 12-17. Bistro Alvar A er opið virka daga 10-17, helgar 12-17 og þegar viðburðir eru í húsinu.

NORRÆNA HÚSIÐ - NORDENS HUS - POHJOLAN TALO - NORDIC HOUSE www.nordice.is nh@nordice.is sími: 551 7030



## > MIKKA MÚS LUKKA

Madonna segir að nýjasta breiðskífa hennar hefði ekki orðið eins góða og hún er hefði Pharell Williams upp-tökustjóri ekki verið með ýmsa lukkugripi við upptökurnar. Á fréttavefnum Femalefirst segir söngkonan Pharell meðal annars hafa klæðst Mikka mús inniskóm sem hann getur ekki verið án og veiti honum lukku. Hún segir þá hafa skipt sköpum við gerð breiðskífunnar.



# fólk

folk@frettabladid.is



## CANNES 2008 HANNA BJÖRK VALDÓTTIR FYLGIST MEÐ BESTU KVIKMYNDAHÁTIÐ Í HEIMI

### Woody Allen og Mike Tyson

Eins og svo oft áður eru það Hollywood-stjörnur utan keppni sem stela senunni í Cannes. Í dag var það enginn annar en Woody Allen. Nýjasta mynd hans, Vicki Christina Barcelona, er tekin upp í Barcelona og er með Javier Bardem, Penelope Cruz, Scarlett Johansson og nýstirninu Rebecca Hall í aðalhlutverkum.

Myndin ber með sér einkenni Allens-myndanna en er langt frá því að vera hans besta mynd. Ástarflækja fjögurra einstaklinga fléttast í ótrúlegum húmor og drama. Javier og Penelope bera myndina uppi með stjórmeik og persónur þeirra eru áhugaverðastar. Vinkonurnar sem Scarlett og Rebecca leika eru frekar klisjulegar típur og samtöl þeirra um lífið og tilveruna eitthvað sem við höfum séð oft áður. Sérstaklega hjá Woody.

Það ætlaði allt um koll að keyra þegar blaðamenn slógust um að komast inn í blaðamannaherbergið þar sem blaðamannafundurinn var haldinn. Troðningurinn var eins og fremst á rokkónleikum og



blaðamenn sýndu hver öðrum klærnar. Færri komust að en vildu.

Það verður ekki tekið frá Woody að hann er einn mesti snillingur sem starfar í kvikmyndahéiminum í dag. Og einn mesti snillingurinn í Cannes. Woody lék við hvern sinn fingur, í fylgd með Penelope og Rebecca, og var óborganlega fyndinn. Penelope Cruz sannaði líka að hún er ein áhugaverðasta leikkonan í bransanum í dag, jafnframt því að vera ein sú fegursta. Woody líður greinilega vel í Cannes en hann leggur ekki í vana sinn að ferðast eins og frægt er. Hann hélt sig á Manhattan-eyju um árabíl vegna hræðslu við að ferðast.

Það fer mikið fyrir öðrum kappi í dag, sjálfum hnefaleikakappanum Mike Tyson. Ekki dæmigerður gestur á kvikmyndahátíð en ný heimildarmynd um Tyson er sýnd í Un Certain Regard-flokknum. Opinská og einlæg mynd en samt sem áður sorglegt að sjá eina helstu íþróttastjörnu í heimi hálfheiladauda, dapra og slappa.

## Trúðanámskeið, leikritaskrif og spuni

„Það verða ýmsar nýjungar í boði hjá okkur í Leynileikhúsinu í sumar,“ segir Agnar Jón Egilsson, framkvæmdastjóri Leynileikhússins. Námskeiðin eru fyrir krakka allt frá 7-20 ára, en fyrir þá sem eru eldri en 11 ára verða sérhæfðari námskeið í boði. „Við verðum áfram með hefðbundin spunanámskeið, en við ætlum líka að bjóða upp á söngleikjanámskeið sem Selma Björnsdóttir mun kenna, trúðanámskeið, kennslu í leikritaskrifum, leikhúsförðun og gerð leikgerva,“ segir Agnar.

„Við búumst við að fá krakka og unglunga með alvörúhuga á leiklist því þetta eru skemmtileg, en jafnframt mjög krefjandi námskeið,“ útskýrir Agnar og bætir við að það sé aldrei að vita nema tekið verði eftir hæfileikaríkum einstaklingum. „Við sendum



ÝMSAR NÝJUNGAR  
Nóg er um að vera í Leynileikhúsinu.

nýlega nokkra unga leikara í kvikmyndaprufur og svo hafa krakkar frá okkur bæði tekið þátt í sýningum í Þjóðleikhúsinu og leikið í sjónvarpsauglýsingum,“ segir Agnar að lokum.

Öll kennslan munu fara fram í Austurbæ en upplýsingar um námskeiðin er finna á heimasíðu Leynileikhússins.

## Síðkjólar de la Renta heilla

Litagleðin heldur áfram í „resort“-sýningum tískuhönnuðanna í New York. Sýningarpallurinn hjá Oscar De La Renta, sem skreyttur var hvítum trjám í myntugrænni umgjörð, fylltist kjólum í sumarlegum litum, auk þess sem eitt og eitt buxadress rataði eftir pallinum. Síðkjólarirnir gerðu sérstaklega mikla lukku hjá áhorfendum eins og Önnu Wintour sem lét sig vitanlega ekki vanta á viðburðinn.



### SÍÐKJÓLAR OG BUXNADRESS HJÁ DE LA RENTA

Það var af nógu að taka á „resort“-sýningu Oscars de la Renta í New York. Síðkjólar fyrir hlý kvöld, klæðilegir dagkjólar og buxadress voru á meðal þess sem hönnuðurinn sendi niður tiskupallinn. Kvöldkjólarirnir, á borð við þann bláa, vöktu sérstaka athygli, enda glæsilegir með eindæmum.

## New Kids snýr aftur

Bandaríska strákasveitin New Kids on the Block steig á svið í fyrsta sinn í fimmtán ár á tónleikum í Rockefeller Plaza í New York. Var tónleikunum sjónvarpað á stöðinni NBC.

Hundrað addáenda fylgdust með þeim syngja sín bestu lög, þar á meðal Right Stutt og Hang-

in' Tough. Einnig sungu strákarnir nýjasta smáskífulag sitt, Summertime. „Aðdáendur okkar eru það sem málið snýst um og okkur líður vel vegna þeirra,“ sagði Joey McIntyre. Sveitin ætlar að fylgja nýja laginu eftir með tónleikaferð um Norður-Ameríku í september.

**ÞAD ER ADEINS EIN!**

KICKIN' IT OLD SKOOL  
FRUMSÝND 21. MAÍ

ADALVINNINGUR!  
**60GB PLAYSTATION 3**  
4 LEIHR + 4 HASSAR AF EIGILS ORKU!  
SENDU SMS BTC PS3  
OG SVARAÐU EINNI SPURNINGU!

**9. HVER VINNUR!**

**BT**

FULLT AF AUKAVINNINGUM:  
GTA IV - VIKING BATTLE FOR ASGARD - DARK SECTOR  
EURO 2008 - INCREDIBLE HULK - KIPPUR AF EIGILS ORKU  
BIÓMÍÐAR Á KICKIN' IT OLD SKOOL - PS3 AUKAHLUTIR  
DVD MYNDIR OG FULLT AF ÖÐRUM TÖLVULEIKUM

## Tískustemning í miðbænum

Það var góður andi sem sveif yfir vötnum þegar fatahönnuðurinn, Birta Björnsdóttir, opnaði verslun sína Júniform á nýjum stað í Ingólfsstræti 8. Birta hefur saumað og hannað fót frá því hún var smástelpa en báðir foreldrar hennar kunna á saumavél og gott betur en hún er dóttir Björns Emilssonar hjá Sjónvarpinu og Eyglóar Eyjólfsdóttur. Allar mestu skvísur bæjarins voru mættar til að líta sumarfötin augum en röndóttir kjólar, víðar stuttar mussur og flöttir jakkar voru mest áberandi í versluninni.



Í HÁTÍÐARSKAPI Eygló Eyjólfsdóttir móðir Birtu er hér ásamt unnusta dóttur sinnar, Jóni Páli Halldórssyni, húðflúmeistara.



HÖNNUÐURINN SJÁLFUR Birta Björnsdóttir klæðist kjól úr eigin smíðju.



GLAÐAR Pórhalla S Jónsdóttir og Guðrún Kolbeinsdóttir létu sig ekki vanta á opnun Júniform. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## Óhugnaður í Írak

Hópur bandarískra hermanna í varðstöð í Írak lendir í því að einn úr hópnum er myrtur. Eftir að hafa ráðist inn á heimili í leit að sökudólgum snúa hinir svörtu sauðir hópsins aftur þangað til að nauðga 15 ára stelpunni sem býr þar.

Íraksstríðið er umfjöllunarefni nýjustu kvikmyndar Brians De Palma, meistarans sem gerði *The Untouchables* og *Scarface*. Myndinni svipar að einhverju leyti til fyrri myndar hans, *Casualties of War*, þar sem bandarískur hermaður í Víetnamsstríðinu verður vitni að nauðgun sem fer að naga samvisku hans. *Redacted* er innblásin af sönnum atburðum, um nauðgun bandarískra hermanna í Írak, en er að öðru leyti algjörlega skálduð.

*Redacted* sýnir hins vegar atburðarásina líkt og hún hafi virkilega gerst, með því að vera algjörlega byggð upp af upptökum sem hafa „fundist“, hvort sem þær koma úr myndbandsupptökuvélum eða t.d. eftirlitsmyndavélum. Sýndar eru klippur úr sjónvarpsfréttum og af vefnum, sem koma þá frá bloggum, eiginkonum hermanna eða jafnvel hryðjuverkamönnum sjálfum. Eitthvað til að íhuga hvernig sannleikurinn getur týnst í skoðanaflórinni. Að lokum er sýnt frá listrænni, tilbúnni franskri stuttmynd um daglegt líf

### KVIKMYNDIR

**Redacted**

Leikstjóri: Brian De Palma.

★★


Misheppnuð tilraun De Palma til að varpa nýju ljósi á ástandið í Írak.

hermannanna.

En þrátt fyrir að fjalla um eldfimt málefni á tilraunakenndan hátt, tekst *Redacted* illa að viðhalda dramatísku yfirbragði. Persónur myndarinnar skortir dýpt, og talsmáti þeirra hljómar oft ótrúlegur og þaulskrifaður, andstætt við raunveruleikatilfinninguna sem De Palma vill ná fram. Leikarar eru heldur ekki trúverðugir, koma ýktir út og virðast vera að koma fram á sviði. Sé þó leitað að ljósum punktum má nefna að einstaka senum tekst að vera spennuþrungnar.

Ofan á það virðist *Redacted* segja lítið nýtt um ástandið í Írak þótt andagið De Palma sé vissulega til staðar. Í lokin reynir hann svo að hreyfa við fólk með raunverulegum myndum af blóðbaðinu, sem tekst, en minnir í leiðinni á hversu miklu átakanlegri myndin hefði getað orðið.

Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is



## Kynningarfundur um umhverfismál

Umhverfisdagur iðnfyrirtækjanna Norðuráls Grundartanga ehf. og Íslenska járnblendifélagssins ehf. verður haldinn miðvikudaginn 21. maí kl. 16:00 til 20:30 á Hótel Glymi á Hvalfjarðarströnd.

Starfsmenn fyrirtækjanna kynna árangur í umhverfismálum og niðurstöður umhverfisvöktunar ársins 2007. Jafnframt verður starfsemi fyrirtækjanna kynnt.

Áhugafólk er hvatt til að koma á fundinn.



# Ertu með ofvirkra þvagblöðru?

Óskað er eftir sjálfboðaliðum til þátttöku í fjölþjóðlegri rannsókn á nýju lyfi við ofvirkri þvagblöðru. Bakhjarl rannsóknarinnar er lyfjafyrirtækið Astellas Pharma Europe B.V. Vísindasiðanefnd, Persónuvernd og Lyfjastofnun hafa gefið leyfi fyrir rannsókninni. Rannsóknin fer fram á göngudeild þvagfæra-rannsókna Landspítalans við Hringbraut. Ábyrgðarlæknir rannsóknarinnar á Íslandi er Guðmundur Geirsson þvagfæraaskurðlæknir, Baldvin Þ. Kristjánsson þvagfæraaskurðlæknir er meðrannsakandi. Leitað er eftir þátttöku karla og kvenna 18 ára og eldri, sem hafa verið með einkenni ofvirkrar þvagblöðru í að minnsta kosti 3 mánuði. Einkennin eru: tíð og bráð þvaglát (8 sinnum eða oftar/sólarhring) með eða án þvagleka

Megintilgangur rannsóknarinnar er að athuga verkun, öryggi og þol nýja lyfsins samanborið við annað virkt lyf og lyfleysu.

Á heimsvísu verða þátttakendur 2160, en á Íslandi verða þeir 12. Heildarþáttökutími er 18 vikur. Sjálfur meðferðartíminn er 14 vikur en fylgst er með þátttakendum í fjórar vikur til viðbótar. Heimsóknir til læknisins verða 5-6.

Áhætta af þátttöku felst í mögulegum aukaverkunum af notkun rannsóknarlyfsins bæði þekktum og óþekktum. Ekki er hægt að tryggja árangur af lyfjameðferðinni en niðurstöður rannsóknarinnar geta leitt til framfara í meðferð á ofvirkri þvagblöðru.

Ef þú hefur áhuga á að fá frekari upplýsingar um rannsóknina geturðu sent tölvupóst á netfangið [sigrunrs@landspitali.is](mailto:sigrunrs@landspitali.is) eða hringt í Sigrúnu Rósu Steindórsdóttur hjúkrunarfræðing í síma 543 7100 milli kl. 8-16.

Tekið skal fram að þeir sem svara auglýsingunni hafa á engan hátt skuldbundið sig til þátttöku í rannsókninni, jafnframt skal tekið fram að þátttakendum er frjálst að hætta þátttöku hvenær sem er á rannsóknartímabilinu.

### Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus Sími: 553 2075

500 kr. í bíó! Glíðir á allar sýningar merktar með rauðri

LAUGARÁS BÍÓ - SÝNINGARTÍMAR	KL.	ÁLFABAKKA
HAROLD & KUMAR 2	kl. 4, 6, 8 og 10:10	12
WHAT HAPPENS IN VEGAS	kl. 8 og 10:10	L
FORGETTING SARAH MARSHALL	kl. 5:50, 8 og 10:10	12
BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU	kl. 2 - ISLENSKT TAL	L
SPIDERWICK CHRONICLES	kl. 2, 4 og 6	7
HORTON - ISLENSKT TAL	kl. 2 og 4	L

U2 3D THE HUNTING PARTY

LAUGARÁS BÍÓ - SÝNINGARTÍMAR	KL.	ÁLFABAKKA
NEVER BACK DOWN	kl. 5:40 - 8 - 10:20	14
NIM'S ISLAND	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	L
U2 3D	3-D DIGITAL kl. 10:30/30	L
IRON MAN	DIGITAL kl. 3D - 5:30D - 8D - 10:30	12
IRON MAN	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	VIP
MAID OF HONOR	kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:30	L
OVER HER DEAD BODY	kl. 1:30	7
DRILLBIT TAYLOR	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	10
IN THE VALLEY OF ELAH	kl. 8	16
UNDRAHUNDURINN ISL TAL	kl. 1:30 - 3:30	L
NEVER BACK DOWN	kl. 8:10 - 10:30	14
NIM'S ISLAND	kl. 2 - 4 - 6 - 8	L
U2 3D	3-D DIGITAL kl. 4:30 - 6:30	L
THE HUNTING PARTY	kl. 8:10 - 10:30	12
IRON MAN	kl. 1:30 - 10	12
UNDRAHUNDURINN ISL TAL	kl. 2 - 4	L
SHINE A LIGHT	kl. 5:50	L

### NÝTT Í BÍÓ!

FÖR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM!

ÖSKUR BERA ENGAN ÁRANGURI!

HAROLD OG KUMAR ERU MÆTTIR AFTUR!

MADE OF HONOUR

FRÁ LEIKSTJÓRA "SCARFACE" OG "THE UNTOUCHABLES"

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

SMÁRABÍÓ	SÍMI 564 0000	KL.	ÁLFABAKKA
PROM NIGHT	kl. 6 - 8 - 10	14	
WHAT HAPPENS IN VEGAS	kl. 1 - 3:30 - 5:45 - 8 - 10:15	12	
WHAT HAPPENS IN VEGAS LÚXUS	kl. 1 - 3:30 - 5:45 - 8 - 10:15	12	
IRON MAN	kl. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:40	12	
MADE OF HONOUR	kl. 8 - 10:15	12	
SUPERHERO MOVIE	kl. 1 - 4 - 6	7	5%
BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU	kl. 1 - 2:30	7	5%
HORTON	kl. 1 - 4 ISLENSKT TAL	7	5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

HÁSKÓLABÍÓ	SÍMI 530 1919	KL.	ÁLFABAKKA
PROM NIGHT	kl. 4 - 6 - 8:30 - 10:30	14	
WHAT HAPPENS IN VEGAS	kl. 3:30 - 5:45 - 8 - 10:15	12	
STREET KINGS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16	
21	kl. 8 - 10:30	12	
BRÜÐGUMINN	kl. 4 - 6 ISLENSKUR TEXTI	7	
HORTON	kl. 3:30 ISLENSKT TAL	7	

BORGARABÍÓ SÍMI 462 3500

BORGARABÍÓ	SÍMI 462 3500	KL.	ÁLFABAKKA
HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GB	kl. 6 - 8 - 10	12	
WHAT HAPPENS IN VEGAS	kl. 8 - 10	12	
MADE OF HONOUR	kl. 6	12	
BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU	kl. 4	7	5%
HORTON	kl. 4 ISLENSKT TAL	7	

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIDDANNA **midis.is**

# Steini sigraði Þorskastríðið

Hljómsveitin Steini bar sigur úr þýtum í hljómsveitakeppninni Þorskastríðið sem útgáfufyrirtækið Cod Music stóð fyrir. Alls bárust yfir þrjú hundruð lög í keppnina frá 102 hljómsveitum og tónlistarmönnum.

Í verðlaun fær Steini útgáfusamning við Cod Music, kassa af þorskalýsi og tíu kíló af þorski. „Ég er mjög þakklátur fyrir að hafa fengið þennan samning og fyrir að fá tækifæri til að koma lögnum mínum á framfæri,“ segir Þorsteinn Einarsson, forsprakki Steina, sem gaf í fyrra út plötuna Behold.

Hann ætlar að nýta tækifærið og byrja að taka lýsi. „Það hefur alltaf verið ætlunin hjá mér að kaupa lýsi þannig að þetta kemur að góðum notum.“ Þorsteinn er nýtskrifaður úr



Kvikmyndaskóla Íslands og segir að námið hafi nýst sér vel í tónlistinni. „Ég nýtti tímann í skólanum til að gera myndbönd við lögin mín og nokkur lög eru búin að fá spilun út frá því en platan hefur ekkert selst. Þannig að ég ákvað að prófa þetta og sjá hvað myndi gerast,“ segir hann.

Steini er um þessar mundir með fjörutíu lög á lager sem þarf að velja úr á næstu plötu og reiknað er með að sveitin fari í hljóðver í lok júní. Ný plata er síðan væntanleg í haust undir merkjum Cod Music. Nánari upplýsingar um Steina má finna á síðunni www.myspace.com/steinimusic.

STEINI Hljómsveitin Steini bar sigur úr þýtum í hljómsveitakeppninni Þorskastríðinu.

# Vinsæl Pokémonvefsíða

Hlín Vilhjálmstöttir Önnudóttir, átján ára nemandi í MH, heldur úti öflugri vefsíðu sem tileinkuð er öllu sem viðkemur Pokémon. Heimsóknir á síðuna eru komnar vel yfir eina og hálf milljón.

„Ég féll fyrir Pokémon árið 2000, þegar ég spilaði þessa leiki fyrst hjá frænda mínum,“ útskýrir Hlín, sem hefur verið aðdáandi alls sem Pokémon snertir síðan. „Ég byrjaði að gera vefsíður árið 2002 og þessi síða fór í loftið í nóvember sama ár,“ segir Hlín, en síðan heitir The Cave of Dragonflies.

Almenningur kannast helst við Pokémon af tölvuleikjunum sem nutu mikilla vinsælda hér á landi fyrir nokkru, en Hlín segir töluvert meira í fyrirbærið varíð en svo. „Fólk er mikið í því að spekulera í þessum Pokémon-heimi, skrifa sögur sem gerast í honum og slíkt,“ útskýrir hún. „Í heiminum búa margar tegundir af furðulegum verum sem hafa ýmsa yfirnáttúrulega krafta. Maður spilar sem ein manneskja í þessum heimi, en í rauninni spilar maður ekki á móti öðrum keppendum. Það er ekki til neinn leikur þar sem margir spila saman, en ég veit að margir vonast til þess að það verði einhver tíma til,“ segir Hlín.

Heimsóknir á vefsíðu hennar eru nú komnar vel yfir eina og hálf milljón, nokkuð sem Hlín segist ekki hafa reiknað með í upphafi. Hún segir töluvert til af vefsíðum helguðum Pokémon. „Það eru til margar stærri síður en mín, en ég veit ekki um neinar aðrar íslenskar,“ segir hún. Hlín segist finna fyrir því að áhugi á Pokémon sé enn fyrir endi, þó hann hafi eitt-hvað hjaðnað síðan æðið reið yfir landið. „Maður sér einhverja vera að spila og í Nexus er ennþá verið að selja Pokémon-spil og svona,“ segir hún.

Hlín segir misjafnt hversu miklum tíma hún verji í síðuna í viku hverri. „Það getur verið ansi mikið. Um daginn var ég nokkurn veginn allan daginn í henni, annars vegar að skrifa kafla í ákveðinni sögu sem ég er að gera, og hins vegar skrifa á síðuna sjálfa,“ útskýrir Hlín, sem hyggst halda áfram að bæta við síðuna. „Hún fær ágætis undirtektir, og ég er ekki manneskjan sem gefst upp á hlutunum,“ segir hún kímín.

Hlín er sem stendur í vorprófum í MH þar sem hún er á náttúrufræðibraut, en á döfinni í sumar er meðal annars ferð til Spánar, þó að sólarströnd verði þar ekki í aðalhlutverki.

„Ég er í Ólympíuárið Íslendinga í stærðfræði. Við byrjum í þjálfunarbúðum í júní og svo keppum við á Spáni í júlí,“ útskýrir Hlín.



Hlín Vilhjálmstöttir Önnudóttir féll fyrir Pokémon-heiminum þegar hún spilaði slíkan tölvuleik fyrst fyrir átta árum. Síðustu ár hefur hún haldið úti Pokémonvefsíðu, sem hefur fengið yfir eina og hálf milljón heimsóknna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Vefsíðu Hlínar má finna á draconflycave.com.

sunna@frettabladid.is

## Sparbíó 550kr SUNNUGAG

SAMbio.is SAMBÍÓNN

REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFÓSS

NIM'S ISLAND	KL. 1:30 Í ÁLF. KL. 2 Í KRÍ. OG Í KEFL. KL. 4 Á SELF.
IRON MAN	KL. 3 Í ÁLF. KL. 1:30 Í KRÍ. KL. 2 Í KEF. OG 5:40 Á AK.
OVER HER DEAD BODY	KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA
MADE OF HONOUR	KL. 3:30 Í ÁLFABAKKA
DRILLBIT TAYLOR	KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA OG KL. 4 Á AKUREYRI
UNDRAHUNDURINN	MISL TAL KL. 1:30 Í ÁLF. 2 Í KRINGL. OG 4 Á AK.

## TILBOÐSVERÐ

SMÁRABÍÓ REGNBÖGINN HÁSKÓLABÍÓ BORGARABÍÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ	KL.3 REGNBÖGINN	KL.3 REGNBÖGINN	KL.3 REGNBÖGINN	KL.1 SMÁRABÍÓ	KL.1 SMÁRABÍÓ	KL.1 SMÁRABÍÓ	KL.4 HÁSKÓLABÍÓ
KL.4 BORGARABÍÓ	KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ			KL.3.30 HÁSKÓLABÍÓ	KL.4 BORGARABÍÓ		KL.4 HÁSKÓLABÍÓ

## Ódýrt í bíó

Sími: 553 2075 - bara lúxus

Bubbi Byggir í Villta Vestrinu

ATH. SÝND KL.2

500kr. á fyrstu sýningar dagsins

# Krúttin lenda í kreppunni

„Krúttið er dautt. Það er allt í lagi að klæða sig eins og krútt en það er enginn að hlusta á þessa tónlist lengur,“ segir útvarpsmaðurinn Þorkell Máni Pétursson hjá X-inu 977 sem hefur breytt spilunarlista sínum.

„Krúttið er ekkert ósvipað og þetta ömurlega góðærisfyrirbæri sem allir héldu að væri hinn nýi sannleikurinn en viti menn, kreppan kom og líka hjá krúttunum.“

Að sögn Þorkells Mána verður spilunarlisti stöðvarinnar svipaður og áður fyrir utan það að krútt-sveitir fá minna vægi, sérstaklega þær erlendu. „Hlustendur eru ekki að fíla krútt-tónlistina. Þeir vilja meira rokk og meiri greddu.“

Eldri sveitir á borð við Led

Zeppelin, Deep Purple og gítarsnillinginn Jimi Hendrix hljóta sem fyrr ekki náð fyrir augum X-ins. „Eg vil taka það fram að Zeppelin er frábær hljómsveit en hún verður ekki spiluð hér á X-inu. Við erum ekki að fara að spila gamalt rokk og við spilum í mesta lagi eitt og eitt „eitís“-lag með böndum eins og The Clash og The Smiths.“

Þorkell Máni segir að X-ið hafi fyrrum spilað mikið af nýju efni sem hafi ekki enn náð vinsældum hér heima. „Við erum ekki að taka inn nýtt efni jafnhvatt og áður. Við höfum oft verið svo mikið á undan „hæpinu“ og það var að bita okkur svolítið í rassinn. Við erum alltaf nýjastir og ferskastir en það þarf stöðugt að vera endurnýjun í gangi.“



ÞORKELL MÁNI OG FROSTI Rokkararnir á X-inu hafa breytt spilunarlista sínum og dregið úr krútt-áhrifunum.



## RANNSÓKNAPING

# Rannsóknir í fyrirtækjum

Þriðjudaginn 27. maí kl. 8:30-11:10 á Grand Hótel Reykjavík, Hvammi, Sigtúni 38.

Alþjóðlegar samanburðarmælingar sýna að Íslendingar hafa dregist aftur úr í nýsköpunar- og þróunarstarfi í atvinnulífinu á undanförunum árum og er brýnt að auka hvata til að snúa þeirri þróun við. Í fámennu landi er mikilvægt að sameina kraftana. Vísinda- og tækniráð hefur í framtíðarsýn sinni til 2020 m.a. lagt áherslu á virkt samstarf fyrirtækja, háskóla og stofnana í rannsóknum, nýsköpun og þróunarstarfi. Öflugar rannsóknir eru undirstaða þekkingarþjóðfélagsins og brýnt að hvetja sem flest fyrirtæki til þess að þær verði reglulegur þáttur í starfsemi þeirra.

### Dagskrá

**8.30 Setning.** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra

**8.45 Rannsóknir í íslenskum fyrirtækjum.** Hver er staðan nú? Guðrún Nordal, formaður vísindanefndar

**9.00 Rannsóknir í sprotafyrirtækjum.** Kristján Leósson, Háskóla Íslands (Hvatningarverðlaun 2007) Björn Örvar, ORF Liftækni (Nýsköpunarverðlaun 2008) Vilbjörg Einarsdóttir, Mentor (Vaxtarsprotinn 2008)

**9.45 Nauðsyn rannsókna í fyrirtækjum.** Tryggvi Þór Herbertsson, forstjóri Askar Capital

**10.00 Pallborð. Hvernig er hægt að örva fyrirtæki til rannsókna?** Þingmennirnir Illugi Gunnarsson, Katrín Jakobsdóttir, Katrín Júlíusdóttir og Birkir Jónsson sitja í pallborði. Stjórnandi er Þorlákur Karlsson prófessor, forseti viðskiptadeildar HR

**Dagskrá vegna hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs**

**10.30 Tónlist.** Ragnheiður Gröndal söngkona og Guðmundur Pétursson gítarleikari

**10.45** Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formaður Vísinda- og tækniráðs, afhendir Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs. Jakob K. Kristjánsson formaður dómnefndar gerir grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar

**11.10 Rannsóknapingi slitið**

**Fundarstjóri** Hallgrímur Jónasson, forstöðumaður Rannís

- Rannsóknapingið er öllum opið. Þinggestir eru vinsamlega beðnir að skrá sig með tölvupósti til rannis@rannis.is eða í síma 515 5800



FORSÆTIS  
RÁÐUNEYTIÐ



MENNTAMÁLA  
RÁÐUNEYTIÐ



IÐNAÐAR  
RÁÐUNEYTIÐ



RANNÍS

Rannsóknamiðstöð Íslands • Laugavegi 13 • 101 Reykjavík • Sími 515 5800 • www.rannis.is

512 50 50

Auglýsingasími



- Mest lesið

## > Fjöldi leikja í dag

Fjórir leikir fara fram í Landsbankadeild kvenna í dag og þar ber hæst viðureign Breiðabliks og Keflavíkur í Kópavoginum. Keflavíkurstúlkur stóðu í KR-stúlkum og geta svo sannarlega gert toppliðunum skráveifu. Valur mætir HK/Víking í Egilshöll, Fylkir tekur á móti Aftureldingu og Stjarnan á móti Fjölni. Þá fer fram heil umferð í 1. deild karla þar sem Víkingar taka meðal annars á móti KA.

**sport**  
sport@



## FJÓRIR LEIKMENN KR ERU Á BATAVEGI: STYTTIST Í LYKILMENN SEM STYRKJA HÓPINN MIKIÐ

# Það horfir til betri vegar hjá fjórmeningunum

Logi Ólafsson vonast eftir því að fjórir sterkir leikmenn sem hafa átt við meiddi að stríða geti leikið með KR á næstunni. Þetta eru markmaðurinn Stefán Logi Magnússon, Pétur Hafliði Marteinsson, Grétar Ólafur Hjartarson og Atli Jóhannsson.

„Pétur æfði á föstudag og er byrjaður að hlaupa of æfa með bolta. Það er það mesta sem hann hefur gert í langan tíma. Svo sjáum við til hvort eftirköst af þessu verða,“ sagði Logi en ýmislegt hefur plagað Pétur. Meðal annars öklameiðsla auk nára- og bakmeiðsla. „Hann hefur verið í stífum meðferðum.“



Grétar Ólafur æfði í fyrsta skipti á föstudag þar sem hann tók þátt í reitabolta. „Það fer stigvaxandi hversu mikið hann treystir sér í. Hann finnur ekkert fyrir þessi þegar hann hleypur og hann er að styrkja sig mikið,“ sagði Logi en Grétar viðbeinsbrotnaði í leik gegn Þór í Lengjubikarnum.

Atli var á bekknum gegn Grindavík í fyrstu umferð en kom ekki við sögu þar. Hann var ekki í hópnum gegn Fjölni. „Hann var aðeins stífur eftir að hafa leikið einn hálfleik með U23 ára liðinu um daginn þar sem hann skoraði meðal annars stórbrotið mark með hjólhestaspjrymu. Hann var í hópnum í fyrsta leiknum og er allur að koma til. Hann hefur lagt gríðarlega mikið á sig í aukaæfingum,“ sagði Logi en Atli var meiddur nára.

Stefán Logi tognaði á liðbandi á ökkla og verður frá í nokkrar vikur til viðbótar. „Hann hefur gengið með hækjur en það eru um tvær vikur í hann. Endurkoma þessara manna hefur gríðarlega mikið að segja fyrir okkar hóp. Þeir hafa verið inni í myndinni sem mjög sterkir leikmenn og þeir auka styrkleika hópsins mikið. Þeir bæta allt,“ sagði Logi sem horfir þó til betri vegar. Næsti leikur KR er gegn Breiðablik á þriðjudag.



# Úrslitakeppnin er komin til að vera

Umdeild úrslitakeppni hefur verið sett á laggirnar á ný og stjórn HSÍ er komin með meira vald en áður. Guðmundur Ingvarsson var naumlega endurkjörinn formaður en mótframbjóðandi hans gagnrýnir kjörið.



LOGI Er hér í meðferð á EM í janúar, rétt eins og núna. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Logi Geirsson er meiddur:

## Mikið áfall fyrir landslið Íslands

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið í handbolta hefur orðið fyrir mikilli blóðtöku en Logi Geirsson verður ekki með í undankeppni Ólympíuleikanna og undankeppni HM. Þetta kom í ljós á föstudag en Logi er með rifinn magavöðva eftir samstúð við liðsfélaga sinn Florian Kehrmann. „Ég hélt ég myndi enda í hjólastól,“ sagði Logi um höggið.

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari fékk fréttirnar á föstudag. „Ég er að skoða hvaða möguleika við eignum og við tökum ákvörðun fljótlega. Við öldum stóran hóp í verkefni, meðal annars vegna þessara meiðsla,“ sagði Guðmundur. Logi meiddist í síðustu viku en eðli meiðslanna voru óljós þar til á föstudag.

Jalieski Garcia gaf ekki kost á sér í landsliðið og því eru réttthentar skyttur af skornum skammti. „Rauverulega gaf hann mér afsvær á sínum tíma en það er ekki útilokað að ég ræði við hann aftur.“

Arnór Atlason hefur einnig spilað skyttustöðuna en hann kemur beint til móts við landsliðið á Spáni þar sem hann spilar nú til úrslita með GOG um titilinn í Danmörku. „Við skulum vona að hann komi heill út úr þeim. Þetta er rosalegt hvernig þeir spila og skemma fyrir undirbúningi okkar,“ sagði áhyggjufullur landsliðsþjálfari að lokum. - hph

**HANDBOLTI** Fjögurra liða úrslitakeppni hefur verið komið á í efstu deildum handboltans. Deildafyrirkomulagið hefur verið umdeilt og skiptar skoðanir eru um gildi úrslitakeppninni. Hefur þá helst verið gagnrýnt að það dragi úr vægi deildakeppninnar.

Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, segir það ekki endilega vera. „Það verða bara fjögur lið sem fá að koma í úrslitakeppnina og það setur auðvitað pressu á öll liðin. Spennan ætti því að haldast og samkeppnin verður til staðar. Það gerir það að verkum að það verður hápunktur í lok mótsins,“ sagði Einar.

Hann benti á að fyrirkomulagið hafi reynst vel áður á Íslandi. Hann segir einnig að þetta sé nú bundið í lög og býst ekki við því að breyting verði á þeim í bráð. „Þessi reglugerð er nú komin í fastan ramma og það er búið að taka allan slaginn. Úrslitakeppnin er það sem félögin kusu um, það eru á endanum þau sem ráða.“



TAPAÐI SLAGNUM Hlynur Sigmarsson var nálægt því að skáka sitjandi forseta HSÍ til átján ára en hafði ekki erindi sem erfiði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



FRAMKVÆMDASTJÓRINN OG FORMAÐURINN Einar Þorvarðarson og Guðmundur Ingvarsson á ársþinginu í gær. Hagnaður HSÍ nam tæpum fjórum milljónum og er eigið fé sambandsins nú orðið jákvætt um 500 þúsund krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stjórn HSÍ fær nú meiri völd en lagabreyting þess efnis var samþykkt. Þar með getur stjórnin breytt reglugerðum en ekki lögum.

Þá var samþykkt að umspil fari fram um laust sæti í efstu deild á milli liðs í sjöunda sæti úrvalsdeildar og 2-4. sætis neðri deildar.

Guðmundur Ingvarsson var endurkjörinn formaður. Hann hlaut 38 atkvæði gegn 29 atkvæðum Hlynur Sigmarssonar en þetta er í fyrsta sinn í tólf ár sem Guðmundur fær mótframboð. „Ég háði enga kosningabaráttu, hvorki á fundinum né áður. Mín verk voru lögð á vogarskálirnar og ég er ánægður með þann stuðning sem mér er sýndur,“ sagði Guðmundur.

Félögin fá mismunandi fjölda atkvæða sem ræðst af iðkenda-fjölda. Mest fá félög fjögur atkvæði. Guðmundur vildi lítið tjá sig um hvort þessi naumi sigur vekti hann til hugsunar um það hvort óánægja sé með störf hreyfingarinnar. „Í svona embætti hugsar maður iðulega hvort maður sé að gera rétt eða ekki. Hlynur var með aðrar áherslur en ég og þingheimur mat það svo að mín verk væru nógu góð. Því fór sem fór,“ sagði Guðmundur sem situr nú sitt síðasta ár sem formaður.

Hlynur var ómyrkur í máli eftir þingið. „Ég hefði þurft að snúa einu félagi, þá hefði þetta horft öðruvísi við. Það er ekkert gaman að tapa en ég fer sáttur frá borði.“

En ég vissi að svona gæti farið og það var erfitt að berjast gegn þessu,“ sagði Hlynur sem grunar menn í innsta hring HSÍ um að hafa óhreint mjöl í pokahorninu.

„Það var ýmislegt reynt. Mér finnst sárast í þessu hvernig ýmsir aðilar unnu nokkuð óheildarlega gegn mér. Ýmis vinnubrögð fannst mér ekki til sóma í þessari baráttu,“ sagði Hlynur dulur. „Það er í lagi að menn berjast á milli félaga og komi sínu á framfæri til að fá góða kosningu en aðrar aðferðir hélt ég að þekktust ekki í þessu. Þetta kemur úr innsta kjarna sambandsins og það kemur mér á óvart,“ sagði Hlynur sem segist nú vera hættur afskiptum af handbolta. hjalti@frettabladid.is

Snæfell ræddi við Sigurð Ingimundarson en réð landsliðsþjálfara Makedóníu:

## Reyndur þjálfari í Hólminn

**KÖRFUBOLTI** Snæfell hefur gengið frá ráðningu á þjálfara fyrir næsta tímabil. Sá heitir Jordanco Davitkov sem lætur af starfi sem landsliðsþjálfari Makedóníu til að flytja í Hólminn. Snæfell ræddi við Sigurð Ingimundarson, þjálfara Keflavíkur, og kannaði áhuga hans á starfinu.

„Við ræddum við Sigurð til að heyra hug hans en það fór ekki mikið lengra en það,“ sagði Sæþór H. Þorbergsson, formaður körfuknattleiksdeildar Snæfells. Fráfarandi þjálfari, Jeff Kotila, aðstoðaði Snæfell við leitina að nýjum þjálfara sem miklar vonir eru bundnar við.

„Við horfum fram á veginn og við ætlum okkur á herra plan,“ sagði Sæþór. „Hann vildi prófa einhverja nýja hluti og það er ánægjulegt að hafa klárað þjálfaramál okkar.“

Davitkov spilaði í tuttugu ár og vann fjölda titla en hann spilaði í sautján ár með Rabotnicki, sterkasta liði Makedóníu. Hann



var einnig fyrirlíði landsliðsins. Þjálfaraferill hans hófst árið 1999 þegar hann var spilandi þjálfari hjá Nikol Fert-Gosti. Hann vann tvöfalt sitt fyrsta ár með því og þjálfaði síðan nokkur lið og náði góðum árangri en vann enga titla.

Hann var svo ráðinn þjálfari Rabotnicki árið 2004 og vann aftur tvöfalt þrjú ár í röð með sínu gamla félagi og var kosinn þjálfari ársins öll árin. Hann var yfirþjálfari landsliðs Makedóníu frá 2001 og vann fimmtán leiki en tapaði tíu með því í undankeppni Evrópumótsins.

Justin Shouse er farinn frá Snæfelli líkt og Anders Katholm. Sæþór segir að vilji sé hjá báðum aðilum að Slobodan Subasic komi aftur en það er ekki frágengið. „Við ætlum að bæta við okkur Evrópumanni og Bandaríkjamanni fyrir næsta tímabil,“ sagði Sæþór. - hph

**Nintendo** No More Heroes 6.990.-


Wii

**ORMSSON**

www.nintendo.is · www.ormsson.is



# Blaðberinn minn hjálpur mér að taka til



FITOB/SIA

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga, frá kl. 8-17, á meðan birgðir endast.

## Núna er ekkert mál að endurvinna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heiminu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinna dagblaðapappír.

Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

## ÞÝSKI HANDBOLTINN

## Úrslit síðustu umferðar í gær:

Nordhorn - Lemgo	41-39
Logi Geirsson lék ekki með Lemgo.	
Lübbecke - Füsche Berlin	30-26
Hvorki Þórir Ólafsson né Birkir Ívar Guðmundsson léku með Lübbecke.	
Flensburg - Minden	28-29
Alexander Petersson skoraði þrjú mörk fyrir Flensburg en Einar Hólmgeirsson ekkert. Einar Örn Jónsson skoraði sex mörk fyrir Minden.	
Wilhelmshavener Rhein-Neckar-Löwen	30-37
Gylfi Gylfason skoraði sex mörk fyrir Wilhelmsh. Gummersbach - Magdeburg	33-35
Guðjón Valur Sigurðsson skoraði átta mörk fyrir Gummersbach og Róbert Gunnarsson sjö.	
Hamburg - Göppingen	29-24
Jaliesky Garcia skoraði eitt mark fyrir Göppingen.	

HBW Balingen - Großwallstadt	35-30
Essen - Melsungen	35-35
Kiel - Wetzlar	35-26

## LOKASTAÐA EFSTU OG NEDSTU LIDA:

1. Kiel	61 stig
2. Flensburg	54 stig
3. Hamburg	54 stig
4. Rhein-Neckar-Löwen	52 stig
5. Nordhorn	50 stig
6. Gummersbach	41 stig
7. Lemgo	39 stig
8. Magdeburg	37 stig
-----	
15. Minden	18 stig
16. Essen (fer í umspil um laust sæti)	18 stig
17. Lübbecke	18 stig
18. Wilhelmshavener	14 stig



BIRKIR féll með Lübbecke í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Þýski handboltinn:

## Einar Örn féldi Birki og Þóri

**HANDBOLTI** Sigur hjá Einari Erni Jónssyni og félagum hans í Minden þýddi að félagið bjargaði sér frá falli úr þýsku úrvalsdeildinni en sendi um leið Lübbecke niður í 2. deild. Með því liði leika Birkir Ívar Guðmundsson og Þórir Ólafsson.

Minden vann stórlíð Flensburgar 29-28 á útivelli og skoraði Einar sex mörk. Lübbecke vann reyndar sinn leik en þar sem önnur úrslit voru því ekki í hag fellur það niður um deild. Birkir og Þórir fylgja því Gylfa Gylfasynti sem fellur með liði sínu Wilhelmshavener. - hph



EKKERT NEMA JAFNTEFLI Arnór Sveinn Aðalsteinsson á fleygiferð gegn Þrótti.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Landsbankadeild karla:

## Fjögur jafntefli Blika í röð

**FÓTBOLTI** Breiðablik setti met í fyrri með því að gera jafntefli í níu af átján leikjum sínum og það lítur út fyrir að Blikar ætli að reyna að bæta metið í ár.

Breiðablik hefur gert jafntefli í fyrstu tveimur leikjum sínum og um leið eru jafnteflin orðin fjögur í röð því Blikar gerðu jafntefli í tveimur síðustu umferðum sínum í fyrri.

Blikar geta jafnað met geri þeir jafntefli við KR í næsta leik því aðeins eitt lið hefur gert fimm jafntefli í röð síðan þriggja stiga reglan var tekin upp 1984. Víkingar gerðu fimm jafntefli í röð sumarið 1990. - óbj

## Hápunktur Hermanns á ferlinum

Hermann Hreiðarsson varð í gær enskur bikarmeistari með Portsmouth. Hermann segir þetta vera hápunktinn á sínum ferli. Hann er fyrsti Íslendingurinn sem vinnur þessa elstu bikarkeppni heims.

**FÓTBOLTI** Leikur Portsmouth og Cardiff í gær fer ekki í sögubækurnar fyrir skemmtanagildi. Hermann Hreiðarssyni gæti ekki verið meira sama um það. Hann náði hápunkti ferils síns í gær þegar hann kyssti silfrða bikarinn, verðlaunagrip fyrir sigur í elstu bikarkeppni heims.

Sigurinn tryggði einnig sæti Portsmouth í UEFA-bikarkeppninni á næsta tímabili sem verður fyrsta Evrópuævintýri félagsins.

Í þrettán ár höfðu fjögur stórlíðin á Englandi, Arsenal, Chelsea, Liverpool og Manchester United, unnið bikarinn. En með marki frá Kanu í fyrri hálfleik, þar sem hann skóflaði boltanum inn eftir að Peter Enkelman sló fyrirgjöf frá, batt enda á það. Portsmouth varð bikarmeistari árið 1939 og er þetta fyrsti titill félagsins síðan.

Hermann varð atvinnumaður á Englandi árið 1997 þegar hann gekk í raðir Crystal Palace. Það hefur því tekið hann ellefu ár að ná í bikar og honum var svo sannarlega létt. „Þetta er búið að taka sinn tíma,“ sagði Hermann. Hann hefur leikið í öllum atvinnumannadeildum Englands og raunar oftast tekið þátt í botnbaráttu í stað þess að berjast um titla.


„Þetta er gríðarlegur léttir, við höfum beðið lengi eftir þessu,“ sagði Hermann sem lítur á sigurinn í bikarkeppninni sem hápunkt ferils síns. „Þetta er langbesti árangur sem ég hef náð. Þetta er stórkostlegt,“ sagði Hermann.

Leikurinn sjálfur var eins og áður sagði bragðdaufur. Cardiff byrjaði betur og átti raunar nokkrar álitlegar sóknir. David James var vel á verði allan tímann og stóð vaktina í markinu vel. Kanu skoraði svo og staðan í hálfleik var 1-0.

Cardiff náði reyndar að skora í síðari hálfleiknum en markið var dæmt af vegna hendi. Réttur dómur þar á ferð. Leikurinn fjaraði svo í raun út og leikmenn Portsmouth böðuðu sig í kampavíni, trölluðu og fögnuðu með þúsundum stuðningsmanna sinna langt eftir leik. Þjóðhátíðardagur þeirra bláklæddu. Á meðan sat 1. deildarliðið eftir með sárt ennið en það getur svo sannarlega borið höfuðið hátt eftir frábæran árangur.

„Þetta er frábært,“ sagði Harry Redknapp, stjóri Portsmouth, um sinn fyrsta titil sem leikmaður og stjóri. „Draumur minn er að rætast og þetta hefur verið frábær dagur fyrir alla, leikmenn og stuðningsmenn. Cardiff setti mikla pressu á okkur og við þurftum að verjast erfiðum sóknarlottum þeirra. Vörnin var frábær,“ sagði Redknapp en Hermann fær fína dóma fyrir leik sinn í gær.

„Þetta er besta augnablik lífs míns,“ sagði Kanu, sem skoraði sigurmarkið. „Mér líður vel, ég er ánægður. Ég klúðraði góðu færi en ég er einn af reyndari leikmönnum liðsins og maður verður bara að halda áfram. Þegar stuðningsmenn okkar standa svona vel við bakið á okkur er ekki annað hægt en að berjast fyrir þá,“ sagði Kanu. - hph



ÁNÆGÐIR Glen Johnson, Hermann og Sulley Muntari hlaupa um með bikarinn á Wembley í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



STUÐNINGSMÁÐUR NÚMER EITT John Anthony er líklega harðasti stuðningsmaður Portsmouth.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

SÁTTUR Eyjamaðurinn gat skiljanlega ekki leynt gleði sinni með sigurinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



Það er heldur betur farið að hitna í kolunum í NBA-körfuboltanum þar sem úrslitin nálgast:

## Kobe Bryant leiddi Lakers í úrslitin

**NBA** Los Angeles Lakers mætir New Orleans Hornets eða San Antonio Spurs í úrslitum Vesturstrandar í NBA körfuboltanum eftir sigur á Utah Jazz í fyrri, 108-105. Þetta er í fyrsta sinn í fjögur ár sem Lakers kemst í úrslit sinnar deildar en Lakers vann einvígið við Utah 4-2.

Úrslitin réðust á lokasekúndunum en bæði Paul Millsap og Deron Williams skutu þá þriggja stiga skotum fyrir Jazz sem geiguðu. Lakers fór því með sanngjarnan sigur af hólmi en Kobe Bryant fór fyrir sínum mönnum, eins og svo oft áður, hann skoraði 34 stig, tók átta fráköst og gaf sex stoðsendingar.

„Þetta er stórt skref hjá okkur. Við sýndum mikinn karakter með því að koma hingað og vinna. Þetta hefur verið frábær för og við viljum halda sigurgöngunni gangandi. Það er mikið afrek að komast í úrslit deildarinnar en við trúum því að við getum afrekað stærri og meiri hluti,“ sagði vígrefur Bryant eftir leikinn.

Pau Gasol skoraði sautján stig fyrir Lakers og Derek Fisher sextán en Williams var stigahæstur hjá Utah með 21 stig. Leikmenn Jazz gerðu vel í að gera leikinn spennandi en þeir voru níttján stigum undir í hálfleik.



KOBÉ Matt Harpring gerir hér örvæntingafulla en árangurslausu tilraun til að stöðva kappann.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Oddaleikur í Austrinu

Dramatíkin heldur áfram hjá Cleveland Cavaliers og Boston Celtics sem þurfa oddaleik til að skera úr um hvort liðið mætir Detroit Pistons í úrslitum Austurstrandarinnar. Cleveland vann leik liðanna í fyrri, 74-69.

Varnarleikur Cleveland var framúrskarandi og með því að fara með gott forskot inn í hálfleikinn lagði liðið grunninn að góðum sigri. Samt sem áður var Boston aldrei langt undan en LeBron James átti frábæran leik fyrir Cleveland og skoraði tæplega helming stiga síns liðs, 32 talsins.

Þetta var sjötti tapleikur Boston á útivelli í röð í úrslitakeppninni en heimavöllur liðsins er afar sterkur. Þar hafa þeir unnið sjö leiki í röð og alls fimmtán af átján oddaleikjum liðsins á heimavelli í gegnum tíðina. Oddaleikurinn fer einmitt fram í Boston á mánudag.

„Ég er ekki tilbúinn til að fara í sumarfrí,“ sagði James. „Við getum unnið þá, við vitum það vel. Við þurfum bara að sýna það.“ - hph

# Íslenska markmenn skortir eitt lyklatríði

Hin víðfrægi Claes Hellgren hélt námskeið fyrir íslenska markmenn í gær. Hann segir íslenska markmenn yfirleitt hafa tvö af þremur lyklatríðum sem markmenn í heimsklassa þurfa að hafa. Fréttablaðið leit við á æfinguna í Digranesi og settist niður með Hellgren eftir eina af verklegu æfingunum sem hann stóð fyrir.

**HANDBOLTI** Claes Hellgren hefur leiðbeint markmönnum í 34 ár og miðlaði því af mikilli reynslu til þeirra sem sóttu námskeið hans í gær. Fimm markmenn tóku þátt í verklegum æfingum og yfir 30 manns fylgdust með og lærðu. Meðal þeirra voru þjálfarar í úrvalsdeild karla á borð við Patrik Jóhannesson hjá Stjörnunni og Óskar Bjarna Óskarsson hjá Val. Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari leit einnig við.

Þegar Fréttablaðið bar að garði var Hellgren að leiðbeina markmönnum í verklegri æfingu. Nokkrir strákar komu inn úr horninu og Hellgren skipti um markmenn eftir hentugleika. Svo leiðbeindi hann þeim nákvæmlega hvernig þeir ættu að bera sig að, sagði hvað var gott og hvað mætti bæta.

Hann tók markmenn líka á eintal og gaf þeim góð ráð. Auk þess kallaði hann á þjálfara eins markmannsins og sagði honum hvað hann ætti sérstaklega að æfa. Sannarlega ítarlegar leiðbeiningar og góður skóli fyrir reynslumikla markmenn sem og þá sem eru að koma upp.

## Ísland stutt frá verðlaunum

Björgvin Páll Gústavsson sótti námskeið hjá Hellgren í fyrra og hefur hann einnig staðið fyrir markmannsskóla á Íslandi. Hann og HSÍ unnu saman að því að fá Hellgren til landsins. Hann er á því að með betri markmönnum myndi Ísland vinna fljótlega til verðlauna á stórmóti.

„Ef Íslendingar ættu aðeins betri markmenn gætu þeir unnið til verðlauna á stórmótum. Þeir spila það vel og það vantar lítið upp á. Ef þeir fengju markmann sem varði eins og Hreiðar

gerði í einum leik á Evrópumóti, í fimm leiki yrði það nóg fyrir Ísland til að vinna mótið. Þeir hafa liðið og þjálfarana. Björgvin getur byrjað á þessu og byggt upp góða kynslóð markmanna.

Ísland á marga góða markmenn og þeir sem eru hér núna verða sendiherrar markmanna héðan frá Íslandi í framtíðinni. Þeir hafa áhugann og þeir þurfa að byggja grunninn. Það eru líka góðir þjálfarar hér sem eru að fylgjast með,“ sagði Hellgren.

## Skortir einn hlut af þremur

En hvað er það sem íslenskir markmenn hafa ekki til að komast í röð þeirra bestu í heimi? „Það eru þrjú hlutir sem markmenn í heimsklassa hafa, réttan líkama,



**LEIÐBENINGAR** Hellgren miðlar hér af reynslu sinni til markmannanna. Komu hans er lýst sem miklum feng fyrir Handboltasambandið og er mikil ánægja með störf hans.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

tækni og sterka andlega hlið. Það má ekki taka neinn af þessum þáttum út. Flestir markmenn sem ég hef séð frá Íslandi í gegnum árin hafa verið með tvo af þessum þremur hlutum en skort eitt lyklatríði. Ég man eftir Einari Þorvarðarsyni og Guðmundi Hrafnkelssyni. Ég hef séð marga góða en þeir tóku kannski ekki skrefið til að verða á meðal þeirra bestu. Til þess vantaði þá eitt atriði, hvert sem það var,“ sagði Hellgren og tók dæmi.

„Ef við tókum Hreiðar fyrir. Ef hann bætir líkama sinn þá getur hann orðið stórkostlegur markmaður. Hann hefur mikla og góða tækni sem hann þarf þó aðeins að bæta líka, en ekki mikið. Hann hefur andlega þáttinn og hann er á góðri leið,“ sagði Hellgren.

## Líkami spretthlaupara

Hellgren er mikið í mun að markmenn séu með rétt byggðan líkama. „Ég vil að þeir verði með líkama eins og spretthlaupara,“ sagði hann og benti á þegar Guðjón Valur Sigurðsson leitaði til Jóns Arnórs Magnússonar tugprautarkappa til að bæta stökkkraft sinn og snerpu.

„Þeir eiga að líta út eins og Guðjón Valur. Hann tók skrefið frá því að vera mjög

**ÓTRÚLEG REYNSLA** Hellgren byrjaði að kenna markmönnum þegar hann var barnungur. Þetta er ár númer 34 hjá honum sem kennari.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

góður í að vera í heimsklassa með því að æfa sig mikið aukalega með frjálsþróttþjálfara. Nú er hann meðal bestu leikmanna heims. Markmenn þurfa að hafa líkama eins og bestu útileikmenn í heimi. Það þarf að finna menn sem eru tilbúnir til að leggja þetta á sig. Það á reyndar ekki að vera erfitt,“ sagði markmannsþjálfarinn.

## Grunnurinn lagður

Hellgren fór yfir margt á einum degi en hamraði þó á þessum þremur lyklatríðum. „Við kennum þeim grunninn. Þetta tekur langan tíma. Námskeiðið mitt er yfirleitt í heila viku en við troðum þessu saman hérna á einum degi og því þurfum við að velja og hafna nokkrum hlutum,“ sagði Hellgren sem hefur enga tölu á þeim fjölda námskeiða sem hann hefur staðið fyrir.

Hann benti markmönnum einnig á að staðsetja sig rétt og til að mynda lét hann Hreiðar og Björgvin ekki staðsetja sig eins. Hreiðar er hávaxnari en Björgvin. Hellgren bendir á að hæð markmanna skipti litlu máli. „Markmenn geta verið góðir, sama hversu hávaxnir þeir eru. Besti markmaður Íslandsmótisins í ár, Ólafur Gíslason, er til dæmis ekki hávaxinn. Hann er samt sem áður góður markmaður. Ef hann vill verða einn sá besti í heimi þarf hann að líta út eins og Dejan Peric,“ sagði Hellgren en Peric er markmaður serbneska landsliðsins. Hann bætti við að Hreiðar þyrfti að líta út eins og rumurinn Arpad Sterbic.

## Mismunandi, en samt ekki

Hellgren segir að íslensku mark-

## MARKMENN Á NÁMSKEIÐINU

Aron Rafn Eðvarsson(Haukum)  
Björgin Páll Gústavsson(Bittenfeld)  
Björn Ingi Friðjónsson(Fram)  
Hreiðar L. Guðmundsson(Savehof)  
Ólafur Haukur Gíslason(Val)

mennirnir hafi flestir yfir góðri tækni að ræða.

„Markmenn eru mismunandi, en samt ekki, ef þú skilur hvað ég á við,“ og ringlaður blaðamaður kinkaði kurteislega kalli. „Það þarf bara að vinna með eiginleika hvers og eins, það er stóra leyndarmálið. Það er ekki hægt að láta þá líta út eins og ég vil láta þá líta út en það er hægt að vinna með ýmislegt,“ sagði hinn reynslumikli markmaður sem á heidurinn að því hve marga góða markmenn Svíar hafa átt.

## Ný kynslóð að koma upp

„Við höfum alltaf haft markmenn í Svíþjóð. Peter Gentzel og Tomas Svensson fengu ekki næstu markmenn til að hlusta á sig og því misstum við dampinn um tíma. Við byrjuðum því aftur fyrir þremur árum þar sem það var ekki hlustað nóg þá. Núna erum við að fá upp góða kynslóð.“

Hellgren kemur til landsins í þrjú skipti enn á árinu til að leiðbeina íslenskum markmönnum og ef marka má áhugann í Digranesi í gær verður fullt á þeim námskeiðum líka.

hjalti@frettabladid.is

Landsliðsmarkmaðurinn Hreiðar Levý Guðmundsson er ánægður með tilsögnina frá Claes Hellgren:

# Vill meiri áherslu á markmannsþjálfun

**HANDBOLTI** Landsliðsmarkmaðurinn Hreiðar Levý Guðmundsson var einn af markmönnum sem tók þátt í námskeiðinu hjá Claes Hellgren. Hreiðar leikur nú með Savehof í Svíþjóð og er ánægður með framtíð.

„Þetta er algjör snilld og frábært framtak hjá HSÍ og Bjögga sem mér skilst að hafi eitthvað með þetta að gera,“ sagði Hreiðar og átti þar við Björgvin Pál Gústavsson.

Hreiðar sendir skilaboð til þjálfara á Íslandi sem hann segir oft skorta þekkingu á markmannsþjálfun.

## Skortir oft þekkingu

„Margir þjálfarar mega taka þessar æfingar til sín, það þarf að gera miklu meira fyrir markmenn hér á Íslandi. Það er engin spurning að það þarf að leggja meiri áherslu á markmannsþjálfun.

Margir þjálfarar víðurkenna sjálfir að þeir hafa ekki nægilega vitneskju á markmannsþjálfun, þeir hafa oft verið útspilarar sjálfir. Það kemur á móti að markmenn



**EINKAKENNSLA** Hellgren gefur Hreiðari góð ráð í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

eins og ég eru ekki að fara að stýra mönnum á borð við Snorra Stein hvað einhver leikkerfi varðar,“ sagði Hreiðar léttur.

## Farið yfir alla flóruna

„Hann er að fara í gegnum ýmislegt. Hann fór í gegnum hugarfarið í morgun, hvernig

búa á til markmið og hann er í raun að fara í gegnum allan skalann á einum degi. Þetta er venjulega gert á einni viku þannig að það verður mikið að melta fyrir okkur eftir námskeiðið. Engu að síður getur maður notað þetta mikið. Þetta kemur ekkert einn, tveir og þingó, heldur æfir maður eftir þessu áfram,“ sagði Hreiðar sem lýsir Hellgren sem einum af þeim fremstu á sínu sviði.

## Ánægður með Júggastílinn

Allir markmenn hafa sinn stíl og lýsir Hellgren Hreiðari sem austantjaldsmarkmanni. „Fyrst sagði hann mig vera eins og Rússa og síðan eins og Júgga. Það er bara fínt. Ég vissi svo sem fyrir að ég væri ekki þessi liðuga Svíatýpa.

En allir hafa sína eiginleika og byggja á sínum styrkleikum. Ég hef það kannski fram yfir aðra að ég get gert mig breiðari og ég er aðeins hærri. Svo eru þeir með annað sem ég hef ekki, til að mynda hraða,“ sagði glaðbeittur Hreiðar í Digranesi í gær.

- hph

## > Claire Danes

Danes lærði sálfræði við Yale háskólann en kláraði ekki námið. Þegar hún sótti um skólavistina fékk hún vin sinn og leikstjórnann Oliver Stone til að gefa sér meðmælabréf en hann hafði leikstýrt henni í kvikmyndinni U Turn. Danes leikur í myndinni The Family Stone sem sýnd er á Stöð 2 bíó í dag.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON FESTIST Í MANNKYNSSÖGUNNI

### Rómverjar, da Vinci og fúga Bachs

Eins og teiknimyndir í fullri lengd í kvikmyndahúsum eru orðnar stórfenglegar þá hefur lítið farið fyrir framförum þegar kemur að skemmtilegu teiknuðu barnaefni. Þegar ég kík á skjáinn á helgarmorgnum með smáfólkinu finnst mér annað hvort verið að stíla inn á börn sem hálfvita eða þína þau með hundleiðinlegum japönskum hasarseríum. Undantekningar eru fáar. Einu tvær seríurnar sem ég minnst sem frumlegra undanfarin ár eru Stubbarnir (sem Bretar á e-töflum horfðu líka gjarnan á þegar þeir komu heim af djamminu), og svo Dóra landkönnuður sem vakti mikla lukku á mínu heimili. Klassíska barnaefnið virkar þó alltaf best og ekkert fær krakka til að hlæja jafn innilega og djúpt ofan í maga þegar Tommi og Jenni eða Road Runner birtast á

skjánum. Börn, eins og við fullorðna fólkið, hafa jú afskaplega gaman af hrakförum annarra. Það gladdi mig verulega að sjá gamla vini á RÚV á undanföllum vikum en þar hófust endursýningar á „eitis“-seríunni „Einu sinni var“ sem á upprunalega málinu heitir Il était une fois... l'homme. Þegar ég var lítill beið ég spennit eftir þessum frábæru teiknimyndapáttum sem tendruðu í mér



ástríðu fyrir mannkynssögunni sem hefur aldrei sloknað. Ég hlustaði alltaf af miklum áhuga og það er gaman að sjá að þættirnir hafa langt frá því misst sjarmann og heilla næstu kynslóð alveg jafn mikið. Það skýrtna við þættina er að sömu sögupersónur leika alltaf sömu hlutverk, bara á mismunandi skeiðum sögunnar, allt frá steinöld til Egypta, Grikkja og Rómverja, Marco Polo, Elisabetar fyrstu, hundrað ára stríðsins, frönsku byltingarinnar og þar fram eftir götunum. Eins er „seventís“ tónlistin eftir Frakkann Michel LeGrand stórskemmtileg og einnig læra allir krakkar tokkótu og fúgu eftir J.S. Bach utan að eftir áhorfið. Einu sinni var er að mínu mati einn besti barnapáttur allra tíma og ég vona að RÚV haldi áfram að endursýna hann árlega til að gleðja bæði stóra og smáa.

## EKKI MISSA AF



▶ 19:10 Mannamál STÖÐ 2



▶ 19:25 Boston Cleveland STÖÐ 2 SPORT



▶ 19:55 Sjálfstætt fólk STÖÐ 2



▶ 20:40 Psych Lokapáttur SKJÁREINN



▶ 20:00 So You Think You Can Dance 2 STÖÐ 2 EXTRA

## SIJÓNVARPIÐ

- 08.00 Morgunstunden okkar Í nætur-garði, Pósturinn Páll og Brummi.
- 08.55 Skritin og skemmtileg dýr
- 09.00 Disneystundin Alvöru dreki, Sigildar teiknimyndir og Nýi skólinn keisarans.
- 09.52 Fræknir ferðalangar
- 10.16 Bruninn (e)
- 10.45 Gæludýr úr geimnum
- 11.35 Hálandahöfðinginn (e)
- 12.30 Silfur Egils Umræðu- og viðtals-þáttur Egils Helgasonar.
- 13.45 Ný Evrópa með augum Palins
- 14.45 EM 2008 (e)
- 15.20 HM í íshokki Upptaka frá síðari undanúrslitaleiknum í Halifax í Kanada sem fram fór á laugardagskvöld.
- 17.20 Tákn málsfréttir
- 17.30 Lukkunnar velstand (e)
- 17.45 Skoppa og Skritla út um hvippinn og hvappinn (1:12)(e)
- 18.00 Stundin okkar
- 18.30 Talið í söngvakeppni 2008 (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.40 Sunnudagskvöld með Evu Maríu
- 20.20 Sannleikurinn um Maríku (5:5)
- 21.05 Sunnudagsbíó - Hindenburg-slysið Bandarísk bíómynd frá 1976 um hinstu ferð loftskipsins Hindenburg árið 1937.
- 23.10 HM í íshokki (e)
- 00.40 Silfur Egils (e)
- 01.55 Sunnudagskvöld með Evu Maríu
- 02.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

## BÍÓ

- 06.00 Deuce Bigalow: European Gigolo
- 08:00 The Family Stone
- 10.00 Steel Magnolias
- 12.00 You, Me and Dupree
- 14.00 The Family Stone Rómantísk gamanmynd með Claire Danes.
- 16.00 Steel Magnolias
- 18.00 You, Me and Dupree
- 20.00 Deuce Bigalow: European Gigolo
- 22.00 Sleeping with The Enemy
- 00.00 The 40 Year Old Virgin
- 02.00 Back in the Day
- 04.00 Sleeping with The Enemy

## STÖÐ 2

- 07.00 Barney og vinir
- 07.25 Kalli á þakinu
- 07.50 Stubbarnir
- 08.15 Justice League Unlimited
- 08.40 Fífi
- 08.55 Dóddi litli og Eymastór
- 09.05 Könnuðurinn Dóra
- 09.30 Blær
- 09.35 Algjör Sveppi
- 09.40 Þorlákur
- 09.50 Tommi og Jenni
- 10.15 Draugasögur Scooby-Doo (5:13)
- 10.40 Ginger segir frá
- 11.00 Tracey McBean
- 11.10 Ofurhurundurinn Krypto
- 11.35 Bratz
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.30 Neighbours
- 12.50 Neighbours
- 13.10 Neighbours
- 13.30 Neighbours
- 13.55 America's Got Talent (3:12)
- 15.25 Hæðin (9.9)
- 16.15 Kompás
- 16.55 60 minutes
- 17.45 Oprah
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- ▶ 19.10 Mannamál Þættinum stýrir Sigmundur Emir Rúnarsson.
- ▶ 19.55 Sjálfstætt fólk Jón Ársæll Þórðarson ræðir við áhugavert fólk.
- 20.30 Monk (4:16) Einkaspæjarann Adrien Monk aðstoðar lögregluna við lausn sérkennilegra sakamála.
- 21.15 Cold Case (15:18) Lily Rush og félagar rannsaka óupplýst sakamál.
- 22.00 Big Shots (9:11) Fjórir félagar sem allir eru sannkallaðir stórlaxar, gengur ekki jafn vel í einkalífnu á frambrautinni.
- 22.45 Curb Your Enthusiasm (6:10)
- 23.15 Grey's Anatomy (12:16)
- 00.00 Bones (7:13)
- 00.45 Mannamál
- 01.30 The Mystery of Natalie Wood
- 02.55 The Mystery of Natalie Wood
- 04.20 State Property
- 05.45 Fréttir
- 06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI

## SPORT

besta sætið

- 08.50 Gillette World Sport Fjölbreyttur íþróttapáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggst á bakvið tjöldin.
- 09.20 UEFA Cup Útsending frá úrslitaleik Zenit og Rangers í Evrópukeppni félagsliða.
- 11.10 FA Cup 2008 Útsending frá leik Portsmouth og Cardiff í úrslitum FA Cup.
- 13.00 Meistaradeild Evrópu í handbolta Útsending frá leik Kiel og Ciudad Real.
- 14.50 Fréttapáttur Meistaradeildar Evrópu Vandaður fréttapáttur um Meistaradeild Evrópu.
- 15.20 Spænski boltinn Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
- 15.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Mallorca og Zaragoza.
- 17.50 Landsbankamörkin 2008 Öll mörkin skoðuð úr 2. umferð Landsbankadeildar karla.
- 18.45 F1. Við endamarkið
- ▶ 19.25 Boston - Cleveland Bein útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.
- 22.30 PGA Tour 2008 Útsending frá lokadegi Players meistaramótsins í golfi.

## SPORT 2

enski boltinn

- 10.45 Enska úrvalsdeildin Man. Utd. - Middlesbrough. Upptaka frá laugard. 27. okt.
- 12.30 Enska úrvalsdeildin Liverpool - Arsenal Upptaka frá sunnud. 28. okt.
- 14.15 Enska úrvalsdeildin Newcastle - Portsmouth Upptaka frá laugard. 3. nóv.
- 16.00 Enska úrvalsdeildin Derby - West Ham. Upptaka frá laugard. 10. nóv.
- 17.45 PL Classic Matches Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
- 18.15 Bestu leikirnir Portsmouth - Reading.
- 20.00 EM 2008 - Upphitun Tyrkland - Tékkland. Frábærir þættir þar sem liðin og leikmennirnir sem leika á EM eru kynnt til leiks.
- 20.30 EM 2008 - Upphitun Portúgal - Sviss.
- 21.00 10 Bestu - Upphitun Hitað upp fyrir þættina "10 bestu" en Arnar Björnsson fær til sín góða gesti í myndver.
- 21.50 Bestu leikirnir Tottenham - Aston Villa

## SKJÁREINN

- 07.50 Vörutorg
- 08.50 MotoGP
- 13.05 Professional Poker Tour (e)
- 15.20 Rachael Ray (e)
- 16.05 America's Next Top Model (e)
- 17.00 Innlit / útlit (e)
- 17.55 Lipstick Jungle (e)
- 18.45 The Office (e)
- 19.10 Snocross (7:12) Íslenskir snjósléðakappar í skemmtilegri keppni þar sem ekkert er gefið eftir. Keppendur þurfa að glíma við erfiðar brautir og keppnin hefur aldrei verið eins spennandi.
- 19.40 Top Gear (14:17) Vinsælasti bílaþáttur Bretlands. Vönduð og óháð gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum ökutækjum, skemmtilegir dagskrárlíðir og áhugaverðar umfjallanir.
- ▶ 20.40 Psych Lokapáttur. Bandarísk gamanseria um mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skygg og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. Shawn og Gus rannsaka hvarf á múmmíu af sögusafni en Shawn er sannfærður um að múmmían hafi gengið sjálf út af safninu.
- 21.35 Boston Legal (16:20) Lögfræðidrama um skrautlega lögfræðinga í Boston. Pabbi Shirley er með Alzheimer og hún vill binda enda á þjáningar hans. Hún reynir að fá Alan til að taka málið að sér. Jerry er ákærður fyrir kynferðislega áreitni og Carl Sack tekur að sér mál íbúa eyjarinnar Nantucket.
- 22.30 Brotherhood (6:10) Dramatísk og spennandi þáttaröð um bræðurna Tommy og Mike Caffee. Michael reynir að komast yfir meiri völd og Tommy reynir að taka til í slæmu hverfi. Eileen vingast við aðrar einikonur pólitíkusa og Rose á erfitt með að sætta sig við að vera orðin gömul.
- 23.30 Cane (e)
- 00.20 Svalbarði (e)
- 01.20 Minding the Store (e)
- 01.45 Vörutorg
- 02.45 Óstöðvandi tónlist

## SIJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Magasinþáttur – mannlíf og menning á Norðurlandi. Samantekt umfjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á mánudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

# AIKIDO

## AIKIDO

Sumarnámskeið að hefjast!

Tímar á mánudögum, miðvikudögum, föstudögum og laugardögum.

Aikido er bardagalist fyrir fólk á öllum aldri sem hefur áhuga á að læra eitthvað nýtt.

Upplýsingar á [www.aikido.is](http://www.aikido.is) eða í síma 897-4675



WWW.AI KIDO.IS

## Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.15  
Cold Case

Fimmta sería eins vinsælasta þáttar Stöðvar 2 síðustu ára. Lily Rush og félagar halda uppteknum hætti við að rannsaka óupplýst sakamál, og nú hefja þau rannsókn aftur á hugsanlegu morði á verðandi brúður sem rænt var úr eigin gæsapartí árið 2007. Lily og Scotty fara til Vestur-Virginíu til að fylgja þeim grunaða aftur til Filadelfíu en á leið þeirra til baka heyrja þau hans hlið á málinu.



► VIÐ MÆLUM MED  
Sunnudagskvöldi með Evu  
Maríu  
Sjónvarpið kl. 19.40

Gestur Evu Maríu í kvöld er Ragnhildur Gísladóttir. Í þættinum talar hún um ný hlutverk framundan, túnfífla og það að byrja upp á nýtt eftir að hafa misst af stóra samningnum í plötubransanum, búferlaflutninga og skilnað. Ragnhildur segir einnig frá tilraunum sínum með heyrnarlausum, en hún telur að heyrnarlausir njóti tónlistar ekki síður en heyrandi fólk.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags	16.08 Veðurfregnir
06.40 Veðurfregnir	16.10 Úr tónlistarlífinu
07.00 Fréttir	17.30 Úr gullkistunni
08.05 Morgunandakt	18.00 Kvöldfréttir
08.15 Tónlist á sunnudagsmorgni	18.26 Seiður og hélog
09.03 Lárétt eða lóðrétt	19.00 Útúr nóttinni... og inni daginn
10.05 Veðurfregnir	20.00 Leynifélagið
10.15 Úr Þórbergssmiðju	20.30 Brot af eilífðinni
11.00 Guðspjónusta í Bústaðarkirkju	21.10 Sögubúla, sögð af einu fífla
12.20 Hádegisfréttir	22.07 Veðurfregnir
12.45 Veðurfregnir	22.12 Orð kvöldsins
13.00 Listin og landafræðin	22.15 Til allra átta
14.00 Loftbelgur	23.00 Andrarímur
14.30 Lostafulli Listræninginn	00.07 Næturtonar
15.00 Útvarpsleikhúsið: Marmari	00.50 Veðurfregnir
16.00 Síðdegisfréttir	01.03 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

15.00 Hollyoaks

15.25 Hollyoaks

15.50 Hollyoaks

16.15 Hollyoaks

16.40 Hollyoaks

18.00 Seinfeld Jerry Seinfeld er farsæll uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Sem betur fer á hann góðan vinahóp sem er álíka duttlungafullur og hann sjálfur. Saman lenda þau Jerry, George, Elaine og Kramer oft í afkárlegum aðstæðum og taka upp á afar fáránlegur tiltækjum.

18.30 Seinfeld

19.00 Seinfeld

19.30 Seinfeld

► 20.00 So You Think You Can Dance Frá framleiðendum American Idol kemur raunveruleikabátturinn So You Think You Can Dance þar sem leitað er að besta dansara Bandaríkjanna. Dómaramir ferðast víða um Bandaríkin en aðeins þeir 50 bestu fá að fara til Hollywood þar sem niðurskurðurinn heldur áfram. Þar fá dansaramir að vinna með bestu danshöfundum landsins þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari. Þetta er önnur serían af þessum þáttum sem hafa svo sannarlega slegið í gegn í Bandaríkjunum og var m.a. langvinsælasti þáttur FOX-sjónvarpsstöðvarinnar í sumar.

21.30 So You Think You Can Dance

22.40 Seinfeld

23.05 Seinfeld

23.30 Seinfeld

23.55 Seinfeld

00.20 X-Files

01.05 American Dad

01.35 Sjáðu

02.00 Skífulistinn

## BBC PRIME

10.00 The Weakest Link 11.00 Popcorn 12.00 Popcorn 13.00 The Aristocrats 14.00 The Aristocrats 15.00 The Aristocrats 16.00 The Aristocrats 17.00 The Aristocrats 18.00 The Aristocrats 19.00 The Legend of the Tamworth Two 20.00 Top Gear Xtra 21.00 Top Gear Xtra 22.00 Top Gear Xtra 23.00 Popcorn 0.00 Popcorn 1.00 The Weakest Link 1.45 Top Gear Xtra 2.40 Top Gear Xtra

## DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Boxen 10.25 OBS 10.30 SPAM 2008 11.00 SKUM TV 11.15 Flemmings Helte De Luxe 11.35 Family Guy 12.00 Gudstjeneste i DR Kirken 12.45 Tandfe tur/retur 13.15 Optaktsudsendelse til det Europæiske Melodi Grand Prix 14.00 Ridebanespringning: Keops Grand Prix 15.30 Sigurds Bjørnetime 16.00 Hammerslag 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.10 Landsbyhospitalet 18.00 Prinsesse på vej 19.00 21 Søndag 19.40 SportNyt med SAS liga 19.55 Paradiset 21.45 OBS 21.50 Anklaget 22.35 Adoption mod betaling

## NRK1

11.10 Sylvia - Fra Royal Opera House 12.45 Giro d'Italia direkte: 9. etappe 15.30 Åpen himmel: Gudstjeneste fra Grønnåsen kirke, Tromsø 16.00 Skrimmel Skrammel 16.30 Newton 17.00 Søndagsrevyen 17.45 Sportsrevyen 18.05 En kongefamilie på jobb 18.55 Patriotin 21.35 Kveldsnytt 21.50 Rally-VM 2008: Rally Sardinia 22.40 Bilbingo er livet 23.10 Uka med Jon Stewart 23.35 Norsk på norsk jukebox

## SVT 1

10.00 Naturmollorna 10.30 Debatt 11.30 Niklas mat 12.00 Mitt i naturen 12.30 Encounter Point 13.25 I love språk 14.25 Världen 15.25 50+/De grå krigarna 15.55 Anslagstavlan 16.00 Bolibompa 16.30 Inför Eurovision Song Contest 2008 17.30 Rapport 18.00 Andra Avenyn 18.30 Sportspegeln 19.15 Agenda 20.10 Tabu 20.40 Resan till Mars 21.10 Rapport 21.20 Bammorskorna 21.50 Kobra 22.20 Sändningar från SVT24

# SÍÐASTI DAGURINN!

...lækkum gömul verð  
af völdum vörum

opið í dag kl. 13-16



sófar / sófaborð / borðstofuborð / borðstofustólar / stólar...

allt að **50%**  
afsláttur  
af vönduðum vörum  
vegna tiltektar á lager

exo

Fákafeni 9  
Sími: 568 2866  
exo@exo.is  
www.exo.is



„Hann hefur alltaf verið hreinn og beinn og reynir af fremsta megni að vera sanngjarn, heiðarlegur og kurteis við alla. Ef einhver maður er fyrir reglur þá er það hann. Ég bið honum alls hins besta í öllum hans málum.“

Bryndís Svavarsdóttir, móðir Svavars Lútherssonar sem starfrækir hina umdeildu Torrent-heimasíðu.

HIN HLIÐIN SÓLVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR LEIKKONA


Spreytir sig sem aðstoðarleikstjóri í Borgarleikhúsinu

**Hvað er að fréttu?** Allt gott. Ég er að vinna sem aðstoðarleikstjóri í Borgarleikhúsinu á verki sem heitir Dauðasýndirnar - gleðilegur guðdómleikur og er byggt á Dante. Við frumsýndum einmitt í síðustu viku.

**Augnítur:** Blár.  
**Starf:** Leikkona og aðstoðarleikstjóri.  
**Fjölskylduhagur:** Í sambúð.  
**Hvaðan ertu?** Af Seltjarnarnesinu.  
**Ertu hjátrúarfull?** Nei, ég trúi að hver sé sinnar gæfu smiður.  
**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Núna er það danski þátturinn Anna Phil.  
**Uppáhaldsmatur:** Heimatilbúðið ind-

verskt kjúklingakarrí.  
**Fallegasti staðurinn:** Útsýnið heima hjá mér yfir tjörnina og Fríkirkjuna í Reykjavík. Ég hef oft ætlað að selja íbúðina en tími því aldrei.  
**iPod eða geislaspilari:** Það er ennþá geislaspilari, ég er svo sein.  
**Hvað er skemmtilegast?** Að vinna með skemmtilegu fólki.  
**Hvað er leiðinlegast?** Að skræla kartöflur.  
**Helsti veikleiki:** Á erfitt með að segja nei.  
**Helsti kostur:** Mjög jákvæð.  
**Helsta afrek:** Að kaupa nýja dýnu í

rúmið mitt í síðustu viku, eitthvað sem ég hef ætlað að gera í fjögur ár!  
**Mestu vonbrigðin:** Að hafa ekki keypt dýnuna fyrr.  
**Hver er draumurinn?** Að halda áfram að læra og fara í gott frí á einhverja æðislega strönd.  
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Það eru trúðarnir fjórir í Dauðasýndunum; Barbara, Úlfar, Gjöla og Za-ra.  
**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Óréttlæti í fólki út af engu og afskiptasemi.  
**Hvað er mikilvægast?** Ástin.



VINSÆLIR Beggi og Pacas eru sennilega vinsælustu kokkar landsins. Þeir eru ekki lengur atvinnulausir því félagarnir verða með innslög í Ísland í dag í allt sumar.

Ævintýri Begga og Pacas halda áfram

„Við erum að leggja drög að matreiðsluþáttum með þeim. Þættirnir yrðu á dagskrá Stöðvar 2 einhvern tímann með haustinu eða á næsta ári. Þangað til verða þeir með fasta innkomu hjá Íslandi í dag í allt sumar og kenna þar þjóðinni að grilla, velja réttu vínin og bara almenna kurteisi,“ segir Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, sem hefur tryggt sér þjónustu þeirra Begga og Pacas, sigurvegara Hæðarinnar. Óvissutímabilinu í kringum parið hefur því loksins verið eytt en dagblöð og vefmiðlar hafa undanfarna daga keppt við að flytja fréttir af hugsanlegri endurkomu þeirra í sjónvarpið. Pálmi staðfestir að aðrir fjölmiðlar hafi sýnt þeim áhuga en þeir hafi hvergi annars staðar viljað vera. „Og við viljum hafa þá,“ lýsir Pálmi yfir.

Beggi og Pacas unnu hug og hjörtu landsmanna í hönn-

unarþættinum Hæðin. Leið þeirra var bæði grýtt og erfið því eins og Fréttablaðið greindi frá voru þeir reknir af veitingastaðnum Glóin skömmu áður en þættirnir fóru í loftið. Sambýlismennirnir standa hins vegar eftir með pálmann í höndunum því þeir fengu tvær milljónir íslenskra króna í sinn hlut fyrir sigurinn í þáttunum.

Vangaveltur hafa verið á kreiki um hvort innkoma þessara vinsælu kokka marki endalokin hjá sjónvarpskokki landsins, Jóa Fel. Pálmi segir það víðs fjarri, Jóa Fel sé í finum málum og lifi góðu lífi hjá Stöð 2. Aðspurður hvort þessir þrír heiðursmenn myndu þá ekki rugla saman reytum þegar fram líða stundir segist Pálmi ekki geta útlokað það. „Sú þrenning yrði auðvitað einhver sú skemmtilegasta í manna minnum.“

-fgr

ÖRUGGUR Dagar Jóa Fel hjá Stöð 2 eru síður en svo liðnir og þessir frægu kokkar gætu jafnvel ruglað saman reytum þegar fram líða stundir.



JÓN ÞÓR KARLSSON: REKUR ASÍSKU VERSLUNINA GLOBAL STORE

Selur lifandi krabba í soðið

Í asísku versluninni Global Store í Brautarholti kennir ýmissa grasa. Auk hinna ýmsu framandi sósa, maríneringa og matvara sem þar er að finna geta viðskiptavinir einnig keypt lifandi filippseyska krabba þar af og til.

„Við tókum inn vörur frá Filippseyjum, Tailandi, Malasíu og Indónesíu, svo eitthvað sé nefnt. Það er allt frá frosnum fiski yfir í asískan kókosís, sem er hvorki með mjólk né rjóma,“ útskýrir Jón Þór Karlsson, sem á búðina ásamt konu sinni, Imeldu Sta Ana. Verslunin hefur verið starfrækt í um hálf tölva, en var áður til húsa í Skipholti. „Búðin er ekki stór, en það er ýmislegt til í henni. Við erum með vörur eins og kókosedik, sem fæst ekki hvar sem er, sérstakar maríneringar fyrir kjöt og fisk og allt þar á milli,“ útskýrir Jón Þór, sem segir stóran hluta viðskiptavina sinna eiga ættir sínar að rekja til Asíu eða Suður-Ameríku, þó að íslenskir sælkerar leggi leið sína líka í verslunina. „Við erum með ýmiss konar öðruvísi snakk sem fólki finnst gaman að prófa, og kemur þá gjarnan aftur til að prófa eitthvað annað nýtt,“ segir hann. Einu sinni til tvisvar í mánuði fær Global Store svo sendingu af lifandi kröbbum, sem fluttir eru með flugi frá Filippseyjum. „Það er dálítið þúsluspil að flytja þá inn,“ segir Jón Þór. „Þeir eru fluttir í sjávarvatni, og það þarf að passa að þeir hafi alltaf nægilegt vatn, en þó ekki of mikið. Það má heldur alls ekki verða of heitt, þá deyja þeir,“ útskýrir hann.

Verslunin fær um fjögur, fimm hundruð krabba í hverri sendingu, en þeir rjúka allir út á tveimur dögum, að sögn Jóns Þórs. „Það eru aðallega Asíubúar og Suður-Ameríkubúar sem kaupa krabbana. Ég held að Íslendingar kunni bara ekki mikið að fara með þá, þó að einn og einn hafi tint krabba um



FJÖLBREYTT VÖRUFRAMBOÐ Þó að Global Store sé lítil er þar ýmislegt að finna, að sögn Jóns Þórs Karlssonar, sem á búðina ásamt konu sinni, Imeldu Sta Ana. Versluninni berast meðal annars mánaðarlega sendingar af lifandi kröbbum, sem sælkerar geta keypt sér í soðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ævína,“ segir Jón Þór. Hann lumar hins vegar á uppskriftum fyrir þá Íslendinga sem vilja prófa að elda sér krabba, en kjötið úr þeim þykir afar gómsætt. „Ég er til dæmis með eina þar sem maður notar sprite, hvítlauk, lauk og salt til að sjóða krabbann. Í fyrsta skipti sem ég sá hana hélt ég að manneskjan sem gerði hana væri klikkuð, en svo er þetta rosalega gott,“ segir

hann og hlær við. Það getur þó verið dálítið fyrirtæki að elda krabba, þar sem lítið kjöt er að finna á hverjum og einum, og það er ekki fyrirhafnarlaust að komast að því. Jón Þór mælir samt sem áður með því að íslenskir sælkerar láti vaða, þó að þeir þurfi þá að fylgjast vel með sendingum. Global Store er til húsa að Brautarholti 16.

sunna@frettabladid.is

Sérhæfir sig í leigubílstjórum

Starfsári Kvikmyndaskóla Íslands er að ljúka um þessar mundir, með tilheyrandi útskrift. Á meðal útskriftarverkefna nemenda í ár er myndin Yfirborð, eftir Stefán Friðrik Friðriksson, þar sem Ellert A. Ingimundarson leikur leigubílstjóra sem fer í örlagaríka ferð með fjárfesti vestur á land. Það er í annað skiptið á stuttum tíma sem Ellert bregður sér í gervi leigubílstjóra, en hann var í sama hlutverki í myndinni Konfektkassanum eftir Guðrúnu Ragnarsdóttur, sem frumsýnd var í Háskólabíói sumardaginn fyrsta.

„Það sem kemur til með að standa á legsteininum verður væntanlega „Hann var góður í leigubílstjórunum“,“ segir Ellert og hlær, inntur eftir því hvort bílstjórnir séu að verða að sér-grein hans. „Þeir eru samt gjörólíkir karakterar þótt þeir lendi báðir í dálitlum hremmingum í aksturstrúum,“ bætir Ellert við. „Leigubílstjóri númer tvö á í dálítið mikilli sálar-kreppu, en sá í Konfektkassanum lendir frekar í óþægilegum aðstæðum, og við

vitum minna um hann,“ útskýrir hann. Ellert er ekki frá því að honum lístist vel á starfið. „Það er þá sérstaklega ef bílarnir eru góðir, eins og sá í Konfektkassanum. Það er númer eitt að hafa góðan bíl, og þá á ég ekki við sömu merkingu og í gamla daga, þegar það þýddi að hafa svolítið sprútt að bjóða upp á líka,“ segir hann kíminn. „Það er kannski fínt að geta gripíð í þetta núna þegar það fer að sverfa að í leiklistinni. Maður er kominn með góða reynslu í að spjalla við kúnna. Það er gott að vera leikari, maður er alltaf að læra eitthvað,“ segir Ellert, sem kveðst þessa dagana vera sjálfskiptur, sé bílalíkingum haldið til streitu. „Ég er svona að bíða eftir því að leikhúsin plani haustin hjá sér, annars er ég bara að detta í sumarfrí. Eða sumargírinn, að minnsta kosti,“ segir hann.



ÁGÆTIS STARFSREYNSLA Ellert A. Ingimundarson segir það ekki slæmt að vera reyndur í hlutverki leigubílstjóra, nú þegar sverfur að í leiklistinni eins og í öðrum öngum samfélagsins.

**VÍSIR.IS**  
 „...ég sá það á vísi“

VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Matthew McConaughey.
- 2 Akranesi, Ísafirði og Hafnarfirði.
- 3 Hermann Hreiðarsson.

VELJUM LÍFIÐ



ÍSAM  
www.isam.is



# Sæmundur í sparifötunum ræður úrslitum!

Það kom í ljós á dögnum að það þekktu ekki allir Sæmund á sparifötunum.  
Núna ættu allir að vita það!

Frón kemur við sögu á hverjum degi

[www.fronkex.is](http://www.fronkex.is)



**BAKÞANKAR**  
Þorbjörg  
Sigríðar  
Gunnlaugsdóttur

## Neyðin á Skaganum

Ífréttum vikunnar voru tvær fréttir þannig að margir vissu ekki hvort þeir ættu að hlæja eða gráta vegna yfiringilegs skilningsleysis sem þar birtist.

**ÖNNUR** fréttin var af mótmælendum á pöllum Alþingis í umræðu um mögulega aðstoð vegna jarðskjálftans í Kína þar sem talið er að allt að 50.000 manns hafi farist, að tugir þúsunda hafi grafið lifandi í húsa-rústum og tæpar fimm milljónir manna misst allt sitt. Mótmælendurnir, sem voru víst flestir úr hópi atvinnubílsstjóra, gerðu hróp og köll að þingmönnum og óskruðu reiðir með hnefann á lofti að fyrst ætti að hjálpa heimafólki með sín vandamál.

**HIN** fréttin var af formanni svokallaðs félagsmálaráðs á Skaganum sem mótmælti hástöfum komu um þrjátíu erlendra flóttamanna. Um er að ræða konur, einstæðar mæður og ekkjur með börn, sem dvelja í flóttamannabúðum í Írak. Konurnar munu flestar hafa misst eiginmanninn í stríðsátökum. Formaður félagsmálaráðsins taldi að ástandið á Akranesi byði ekki upp á aðstoð við aðra en bæjarbúa. Bærinn standi til dæmis tæpt vegna mikilla framkvæmda sem séu framundan.

**GETUR** virkilega verðið að hátt bensínverð og reglur um hvíldartíma teljist á pari við náttúruhamfarir sem kosta tugi þúsunda lífið? Mikil má þá eynd atvinnubílsstjóranna vera. Og hvers vegna hefur ekki verið vakin athygli á ástandinu á Skaganum í heimspressunni nú þegar komið hefur í ljós að félagsleg vandamál þar eru brýnni en aðstoð við flóttamenn sem bókstaflega ekkert eiga?

**FYRRVERANDI** formaður félagsmálaráðsins hefur gefið til kynna að hann sé í sjálfu sér reiðubúinn til að taka á móti flóttamönnum. Skilyrðið er bara að öll félagsleg vandamál í bænum hans hafi verið leyst áður. Þá geti bærinn hjálpað.

**ÞAÐ** er auðvitað engin ástæða til að gera lítið úr því að íslenskt efnahagslíf er veikara en það var fyrir örfáum mánuðum eða úr því að vitaskuld eru næg verkefni heima fyrir. En hvaða mynd er verið draga upp af Íslandi ef ekki er hægt að aðstoða fáeinir flóttakonur með börn eða fórnarlömb náttúruhamfara?

**LÍKAST** til er það nú frekar þannig að menn hafa það kannski ekki svo slæmt eftir allt saman þegar þeir upplifa óhagstæðan leigumarkað á Akranesi og erfiðleika vegna afborgana á risatrukkum sem keimlíkt því að þola stríð eða náttúruhamfarir.

**KANNSKI** skortir menn þá eitthvað annað en efnisleg gæði.

**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er sunnudagurinn 18. maí, 140. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	4.06	13.24	22.45
Akureyri	3.26	13.09	22.55

Heimild: Almanak Háskólans



BÖRN FÁ  
**50%**  
AFSLÁTT\*

### Fullt í boði fyrir alla fjölskylduna

- |  |  |
|--|--|
| <b>London</b><br>Chessington<br>Royal Air Force Museum<br>British Museum<br>The London Eye | <b>Basel</b><br>Dýragarðurinn<br><b>Friedrichshafen</b><br>Ravensburger Spielaland |
| <b>Kaupmannahöfn</b><br>Tívolíð<br>Dyrehavsbakken  | <b>Berlín</b><br>Dýragarðurinn   |
| <b>Billund</b><br>Legoland<br>Løveparken   | <b>Alicante</b><br>Terra Mitica  |
| <b>Gautaborg</b><br>Lisebjerg  | <b>Barcelona</b><br>Sólarstrendur<br>PortAventura                                  |
| <b>Stokkhólmur</b><br>Skansen  | <b>Frankfurt Hahn</b><br>Wild- und Freizeitpark Klotten<br>Phantasialand           |
| <b>París</b><br>Disneyland Park  | <b>Varsjá</b><br>Ostrogski-höllin<br>Fantasy-garðurinn                             |

## Krakkar eiga líka skilið að fara í frí!

### Evrópa er ævintýri líkust

Skemmtigarðar, dýragarðar, fróðleg söfn, fjölskylduvæn veitingahús, sólarstrendur - og að sjálfsögðu frábært veður!

Bókaðu skemmtiferð fyrir alla fjölskylduna á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)!

\*Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.

**Iceland Express**   
með ánægju